



SKOÐUN Brynhildur Pétursdóttir þingkona skrifar um ráðherra á bensínjöfinni. **13**



LÍFIÐ Fyrsti pop-up jógatíminn þar sem þemað er Eurovision og eingöngu spiluð Eurovision-tónlist. **18**



SPORT Sigurður Egill Lárusson stal senunni í síðustu umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu. **22**

ÓDÝRARI FARGJÖLD OG BREIÐARA BROS



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

20. maí 2015
117. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Vita af vandanum

Stjórnvöld eru meðvitund um það hversu seint Íslendingum gengur að innleiða löggjöf Evrópusambandsins. Ástæðurnar fyrir töfunum eru einkum fjórar en mjög ólíkar. Lektor í lögræði segir að staðan sé að skána.

FRÉTTIR

Fordæmisgefandi úrskurður

Landsnet fagnar úrskurði þar sem fyrirtækinu er gert að kanna jarðstreng sem valkost við lagningu Kröflulínu 3, frá Kröfluvirkjun austur að Fljótsdalsstöð. **2**

Kaupa gömlu skipin Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hefur keypt tvö eldri uppsjávarskip af HB Granda. Síðarnefnda fyrirtækið rýmir fyrir nýjum afkastameiri skipum. **4**


Vilja líka fá 300 þúsund Varaformaður ÓBÍ segir lífeyrisgreiðslur engan veginn duga fólki til að framfleyta sér. **6**

Vonar að aðfinnslur dugi Forstöðumaður Náttúruminjasafnsins vonar að stjórnvöld bregðist við neyðarlegri stöðu safnsins. **8**



3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Vörubílar og vinnuvélar | Fólk



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.–mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

Hluti starfsemi CCP verði fluttur úr landi

Í skoðun er að flytja hluta starfsemi tölvufyrirtækisins CCP úr landi. Alþjóðlegir samningar og gjaldeyrishöft ástæðan. Ísland mundi þó áfram gegna lykilhlutverki.

VIÐSKIPTI Tölvufyrirtækið CCP er hugar að því hvort flytja eigi hluta starfseminnar úr landi. Málið var rætt á ársfundi fyrirtækisins í síðustu viku, en þá er sérstaklega horft til stjórnunarstaða. Engar ákvarðanir hafa verið teknar, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur ekki til að draga úr starfsemi hér og gegnir Ísland áfram lykilhlutverki hjá fyrirtækinu.

Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP, segir að fyrirtækið hafi ekkert um málið að segja á þessu stigi. „No comment,“ segir hann spurður hvort flutningur sé fyrirhugaður og hafi verið ræddur á ársfundinum.

Fyrirtækið hefur af og til skoðað það á síðustu árum hvort það henti

betur að flytja höfuðstöðvarnar úr landi. Heimildir Fréttablaðsins herma að sú skoðun sé enn í fullum gangi og meiri kraftur hafi farið í hana að undanförunni. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar.

Gjaldeyrishöftin leika stórt hlutverk í þessum mögulegu áformum, en heimildir Fréttablaðsins herma að þau séu síður en svo eina ástæðan. Alþjóðlegir samningar fyrirtækisins séu þannig að það gæti hentað því betur að vera með höfuðstöðvarnar annars staðar en á Íslandi.

Heimildir herma að á meðal mögulegra áfangastaða séu kanadíska borgirnar Toronto og Vancouver, en einnig borgir í Bandaríkjunum og Evrópu. Fulltrúar fjölda borga og landsvæða



No comment.

Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi CCP

hafa komið að máli við fyrirtækið og boðið því að flytja starfsemi sína þangað. Hjá CCP starfa um 320 manns á alþjóðavísu og þar af um 220 manns á Íslandi. Gjaldeyrishöftin hafa gert það að verkum að erfiðara er að fá hæfileikaríkt fólk til að flytja til landsins og halda í það. Þá hafa alþjóðlegir fjárfestar sett spurningamerki við fyrirtæki sem starfa í höftum, CCP sem önnur. -kóp



LOKUNIN LAGFERÐ Starfsmenn borgarinnar lagfæra reiðhjól og skilti sem loka Laugavegi fyrir bílaumferð yfir sumartímann í gær, en á merkingarnar hafði verið ekið. Íbúar við Vatnssstíg hafa mótmælt staðsetningu lokunarinnar, því hún beini allri umferð niður götuna hjá þeim og valdi ónæði. Sjá síðu 2

Eftir tæp 50 ár í eigin rekstri er Helgi Vilhjálmsson hvergi nærri hættur:

Hyggst opna nýjan stað í ár

VIÐSKIPTI Athafnamaðurinn Helgi Vilhjálmsson, oftast kenndur við Góu, stefnir að því að opna nýjan Pizza Hut-stað á þessu ári og hugsanlega fleiri eftir það. Hann keypti á dögunum Pizza Hut í Smáralind.

Helgi er því enn að færa út kvíarnar þrátt fyrir að hafa rekið eigið fyrirtæki í tæp fimmtíu ár.

Í samtali við Markaðinn ræðir Helgi um lífeyrissjóðina, kaupin á Pizza Hut og þá erfiðu lífsreynslu að missa sína nánustu.

Helgi segir að verkföll eigi að tilheyra fortíðinni, en neitar því

ekki að lægstu laun séu of lág. „En hvar eru verkalyðsfélagin búnin að vera og af hverju er ekki búið að breyta þessu?“ spyr hann.

Helgi hefur á liðnum árum verið óhræddur við að tjá sig um málefni líðandi stundar. Hann segist þó ekki hafa viljað taka þátt í stjórnmálum. Hann segir það enda hljóta að vera rosalegt að starfa á Alþingi þar sem ekkert gerist og allir séu ósammála.

„En maður hefði kannski átt að mæta og hafa áhrif á þá sem vilja vera í þessu. Eg mætti hvergi. Eg



Við höfum nú dálítið mikið á okkar könnu og svo eru verkföll og það setur strik í reikninginn

Helgi Vilhjálmsson í Góu

mætti bara í mínu fyrirtæki og verkin tala þar,“ segir Helgi.

-jhh / sjá Markaðinn

Quarashi mætir á sviðið:

Kemur saman fyrir góðan vin

FÓLK Hjólsmáttinn Quarashi kemur saman aftur og treður upp á útgáfutónleikum rapparans Gísla Pálma í byrjun næsta mánaðar.

Meðlimir sveitarinnar og Gísli tengjast tryggðaböndum. „Það er búið að vera magnað að fylgjast með honum vaxa sem tónlistarmaður,“ segir Sölvi Blöndal, forsprakki Quarashi, um Gísla Pálma. Sölvi segir að Gísli Pálmi sé einstakur rappari sem hafi gefið íslenskri rapptónlist framhaldslíf.

„Það er svo mikill heiður að fá þá til að koma fram þetta kvöld. Orð fá því ekki lýst,“ útskýrir Gísli Pálmi, en útgáfutónleikar hans verða þann 4. júní.

-kak / sjá síðu 26



SÖLVI BLÖNDAL

Enn tekist á um Rammann:

Gefur ekki upp um stuðning

ALÞINGI Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra vill hvorki segja af né á um það hvort hún styðji tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um að færa fjóra virkjanakosti úr bið- í nýtingarflokk. „Við bara sjáum hvornig atkvæðagreiðslan fer,“ segir Sigrún.

Hún segist sjálf styðja það að Hvammsvirkjun verði flutt í nýtingarflokk, enda sé sá kostur afrakstur fyrri hluta rammaáætlunar. Hún hefði hins vegar kosið að þrjár virkjanakostir í neðrihluta Þjórsár hefðu farið aftur til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar.

Þingmenn ræddu rammaáætlun áfram í gær.

-kóp / sjá síðu 4



SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR

Á MORGUN


BLÓÐ Í SNJÓNUM

★★★★★
FJENS STIFTSTIENDE

JO NESBØ

www.forlagid.is

VEÐUR



Sunnanstrekkingur og væta víða um land, en þó er áfram útlit fyrir sólarglennur og vorlegt veður norðaustanlands. Hiti þar gæti farið yfir 10 gráðurnar, en syðra er útlit fyrir fjögurra til níu stiga hita.

SJÁ SÍÐU 16

Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, er látinn: Sat á þingi í þrjátíu og tvö ár

ANDLÁT Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, er látinn 67 ára að aldri. Hann lést á Landspítalanum á mánudag eftir að hafa fengið hjartaáfall síðastliðinn föstudag.

Halldór lauk Samvinnuskólaprófi árið 1965 og varð löggiltur endurskoðandi árið 1970. Á árunum 1971 til 1973 stundaði hann framhaldsnám í Björgvin og Kaupmannahöfn. Hann var fyrst kjörinn á þing árið 1974 og lét af embætti árið 2006, þá

formaður Framsóknarflokksins og forsætisráðherra. Halldór varð varaformaður Framsóknarflokksins árið 1980 og formaður frá 1994 til 2006. Halldór sat sem ráðherra frá 1983 til ársins 1991 og aftur frá 1995 til loka ferils síns á þingi, árið 2006.

Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra,



segir orðheldni Halldórs og traust hafa verið sterkan eiginleika. „Þú gast treyst hverju orði sem hann sagði. Það þurfti ekki nema handtakið, þá ríghélt það til árarada. Það er eiginleiki í stjórnmálum sem maður metur mest, þegar maður er í þeim slag.“

Halldór létur eftir sig eigin konu, Sigurjónu Sigurðardóttur, og þrjár uppkomnar dætur, auk barnabarna og barnabarnabarna. -sa

Ný refsilöggjöf áhrifalaus: Fjórðungi réttarhalda frestað

SVÍPJÓÐ Fyrstu þrjá mánuði þessa árs var 3.924 réttarhöldum í Svíþjóð frestað þar sem ákærðu mættu ekki, eða fjórðungi réttarhalda.

Í frétt á vef Dagens Nyheter segir að lög sem sett voru í fyrrasumar og heimila dómstólum að beita refsingum vegna þessa virki ekki. Árlega kostar frestun réttarhalda og ný réttarhöld samfélagið að minnsta kosti 200 milljónir sænskra króna eða um 3,2 milljarða íslenskra króna. -ibs



HANDABAND Karl Bretaprins og Gerry Adams tókust í hendur á Írlandi í gær en lengi hefur andað köldu á milli þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

Karl Bretaprins hitti Gerry Adams, formann Sinn Fein: Sögulegt handaband á Írlandi

ÍRLAND Karl Bretaprins hitti Gerry Adams, formann Sinn Fein, á Írlandi í gær en Karl er í fjögurra daga heimsókn þar í landi.

Handaband þeirra í gær er sögulegt fyrir þær sakir að Sinn Fein var stjórnmaðarmur IRA, skæruliðasveita sem börðust fyrir frelsi Írlands forðum daga. Árið 1979 lést Mountbatten lávarður, frændi Karls, í sprengjuárás IRA og hefur prinsinn aldrei fyrirgefið verknadönn, ekki síst ekki vegna ummæla Adams um að Mountbatten hafi verið sama um að deyja því hann hefði sjálfur drepið svo marga. -þea

Sumargötur valda ónæði á Vatnsstíg

Íbúar við Vatnsstíg eru ósáttir við lokun umferðar við Laugaveg sé við götuna þar sem öll umferð beinist þar niður. Varaformaður umhverfis- og skipulagsráðs segir til greina koma að endurskoða lokunina en það verði ekki gert fyrr en í haust.

SKIPULAGSMÁL Íbúar við Vatnsstíg eru ósáttir við Sumargötur í Reykjavík. „Þetta er í raun versta gatan til að beina umferð niður upp á mengun að gera því hún gengur ekki þvert á Laugaveg og þarna myndast alltaf teppa þegar bílar þurfa að beygja niður af Laugavegi,“ segir Valgerður Árnadóttir íbúi á Vatnsstíg.

Við opnun Sumargatna er Laugavegi lokað fyrir bílaumferð við Vatnsstíg og umferð beint þar niður. Íbúar segja þetta skapa mikil óþægindi þar sem umferð sé mun meiri en vanalega og það valdi miklum hávaða og mengun. „Um helgina var lokað við Vatnsstíg á föstudagskvöld fram á morgun, þá var opnað meðan búðir voru opnar til klukkan 17, svo var lokað aftur og þá var í raun bara verið að beina djammrúntinum niður okkar litlu götu. Það voru svo mikil læti, öskur og flaut að við gátum ekki sofið,“ segir Valgerður.

Hún segir íbúa hafa kvartað ítrekað við borgaryfirvöld yfir þessu fyrirkomulagi. Valgerður segir íbúa vera hlynnta Laugavegslökun en vilja að Laugavegurinn sé allur lokaður eða verði lokað við Barónsstíg þar sem sé tvístefna, ekki einstefna líkt og á Vatnsstíg. „Við höfum kvartað en þeir gera aldrei neitt í þessu. Við þurfum að þola stanslausan hávaða og mengun. Ég get ekki haft opna glugga hjá mér á heitasta tímanum. Borgarstjórn er að reka síðustu íbúana úr hverfinu, maður býður ekki börnunum sínum upp á þetta. Okkur sem elskum miðbæinn finnst við vera



VATNSSTÍGUR Mikil umferð er um götuna vegna lokunar á Laugavegi. Veldur þetta íbúum miklu ónæði. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



VALGERÐUR ÁRNADÓTTIR



HJÁLMAR SVEINSSON

tilneydd til þess að flytja,“ segir Valgerður. Hún hefur sett af stað undirskriftalista þar sem þessu er mótmælt. Tæplega 250 manns hafa skrifað undir þar sem borgarstjórn er hvött til þess að loka Laugaveginum öllum og í stað þess bæta aðgengi fyrir fatlaða við Laugavegin.

Hjálmar Sveinsson, varaformaður umhverfis- og skipulagsráðs, segir vel koma til greina að endurskoða lokunina við Vatnsstíg. Það verði hins vegar ekki gert fyrr en í haust.

„Það hefur oft verið rætt um að það væri að sumu leyti edlilegra að hafa þetta við Frakkastíg. Það er hins vegar svolítið flókið þar sem á því bili eru nokkrar innkeyrslur þar sem eru meðal annars íbúðarhús í bakhúsum. Þeir sem þarna búa þurfa að komast leiðar sinnar og það er ein ástæða þess að Sumargatan hefur byrjað við Vatnsstíg. En það er ekkert því til fyrirstöðu að skoða þetta í september þegar þessu tímabili lýkur,“ segir hann. -vh

Sprenging í Kabúl: Bílsprengrja banaði fimm

AFGANISTAN Bílsprengrja sprakk utan við hús dómsmálaráðuneytis Afganistans í gær og varð fimm manns að bana. Auk þess slösuðust tugir starfsmanna.

Talibanar hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni sem er sú þriðja gegn starfsmönnum dómskerfis landsins í mánuðinum. Talsmaður talibana, Zabihulla Mujahid, segir dómskerfið allt töl sem afganska ríkisstjórnin noti undir stjórn Bandaríkjamanna til að brjóta á fögum, þar á meðal talíbonum.

Árásin í gær var fimmta stóra árásin í höfuðborginni í maí. -þea

Obama kominn á Twitter: Leyniþjónustan vistar öll tíst

BANDARÍKIN Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, opnaði Twitter-aðgang sinn á mánudaginn eftir sex ár í embætti. Þar með er Obama orðinn fyrsti maðurinn til að vera á Twitter samhliða því að sitja í stól Bandaríkjaforseta.

Bandaríska fréttablaðið Washington Post varar notendur miðilsins hins vegar við því að tala við forsetann gegn um Twitter. Leyniþjónusta Bandaríkjanna, CIA, sér nefnilega um að vista hjá sér öll tíst og skilaboð sem notendur sem samband hafa við forsetann hafa nokkurn tímann sent frá sér. -þea

Gæði og glæsileiki

LMC hjólhýsi



Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Landsnet og Landvernd eru ánægð með úrskurð nefndar um Kröflulínu 3: Telja úrskurð fordæmisgefandi

NÁTTÚRUVERNÐ Landsnet fagnar úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem fyrirtækinu er gert að skoða jarðstreng sem valkost við lagningu Kröflulínu 3, frá Kröfluvirkjun austur að Fljótsdalsstöð.

Í Fréttatilkynningu Landsnets segir að niðurstaðan skýri þær kröfur sem gerðar verði til Skipulagsstofnunar og Landsnets við gerð umhverfismats í framtíðinni. „Til að eyða óvissu um á hvaða hlutum línuleiðarinnar skuli meta jarðstrengi er mikilvægt að mati Landsnets að fyrir liggja stefna stjórnvalda um lagningu raflína en fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga iðnaðar- og viðskiptaráðherra um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína,“ segir í tilkynningunni.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segist einnig fagna úrskurðinum en telur hann jafnframt hafa fordæmisgildi fyrir frekari vinnu Landsnets.

„Skipulagsstofnun stendur frammi fyrir ákvörðun um hvort endurmeta eigi umhverfismat fyrir stórar 220kV raflínur, meðal annars frá Blönduvirkjun til Akureyrar og frá Kröflu að iðnaðarsvæðinu á Bakka við Húsavík,“ segir Guðmundur Ingi. „Úrskurður nefnd-



JARÐSTRENGUR Landsneti er gert að skoða lagningu jarðstrengs til jafns við loftlína hvað varðar Kröflulínu 3. Landvernd fagnar úrskurðinum. MYND/LANDSNET

arinnar hlýtur að hafa áhrif á allar framtíðarákvarðanir Skipulagsstofnunar og þar með talið ákvarðanir um endurgerð umhverfismats þar sem meðal annars er komið inn á nauðsyn þess að meta umhverfisáhrif jarðstrengja til jafns á við loftlínur.“ -sa



Audi A3 e-tron

Nýir tímar kalla á nýja tækni.

Audi A3 e-tron sameinar helstu kosti raf- og bensínbíla. Raforkan ein og sér dugar í flestar ferðir innanbæjar, eða allt að 50 kílómetra. Í lengri ferðum gengur sparneytin bensínvél til liðs við e-tron rafdrifið svo samantölgð akstursdrægni er 940 kílómetrar. Með Audi A3 e-tron eru þér allir vegir færir.

A3 Sportback e-tron, 204 hö, 7,6 sek 0-100 km/klst.,
CO₂ 35 g/km, eyðsla: 1,5 l. í blönduðum akstri.
Verð frá 5.190.000 kr.



SPURNING DAGSINS



Jón, ertu að spá í að breyta nafninu í Frostfugl?

„Já, og ég auglýsi eftir plássi í frystikistum fólks fyrir kjöt sem má ekki borða fyrr en eftir verkfall.“

Jón Magnús Jónsson er eigandi Ísfugls sem frystir nú alla kjúklinga sem fyrirtækið slátrar samkvæmt skilyrði dýralækna fyrir undanþágu frá verkfalli þeirra.

Fyrirtæki innan SA segjast þurfa að segja upp fólki og hækka vöruverð gangi ýtrustu launakröfur eftir: Verslunarmenn samþykkja allir verkfall

KJARAMÁL Öll tólf aðildarfélög Landssambands Íslenskra verslunarmanna, LÍV, þar á meðal VR sem er stærsta félagið, samþykktu það verkfall í gær. Atkvæðagreiðslan stóð yfir frá 12. maí og var nokkuð öruggur meirihluti fyrir verkfalli hjá flestum aðildarfélögum.

Hjá félagsmönnum VR starfandi í fyrirtækjum SA sögðu 58 prósent já en hjá félagsmönnum VR starfandi í fyrirtækjum FA sögðu 57 prósent já.

Upp úr slitnaði í viðræðum Samtaka atvinnulífsins (SA) við VR og Flóabandalagið í gær, en verkfallsaðgerðir þær sem nú hafa verið samþykktar hefjast undir lok mánaðarins. Fram kemur á vef VR að félagið sé ekki tilbúið til viðræðna um hugmyndir SA um breytingar á vinnutímamafyrirkomulagi. Nýr fundur hefur ekki verið boðaður.

Í tilkynningu SA í gær er upp komin staða sögð mjög flókin og fáir góðir kostir í boði. „Vandséð

er að hægt sé að forða víðtækum verkföllum verkalýðshreyfingarinnar,“ segir þar.

Þá kemur fram í könnun sem SA birti á vef sínum í gær að 55,4 prósent aðildarfyrirtækja samtakanna telji sig koma til með að þurfa að bregðast við miklum launahækkunum sem yrðu í takt við kröfur Starfsgreinasambandsins um 50 til 70 prósent hækkun launa með fækkun starfsfólks og verulegri hækkun á verði fyrir vörur og þjónustu.



Í KARPHÚSINU Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, mætir til viðræðna í vikunni. Sitjandi er Sigurður Bessason, talsmaður Flóabandalagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Bátur sökk við Hellissand: Bjargaðist eftir 10 mínútur í sjó

SLYS „Maðurinn var um tíu mínútur í sjónum,“ segir Arnar Laxdal björgunarsveitarmaður en bátur með einum innanborðs sökkt rétt við Hellissand seinnipartinn í gær. Skipverjinn komst hvorki í galla né björgunarvesti og björgunarbáturinn virkaði ekki. Manninum var svo bjargað um borð í Ólaf Bjarnason SH frá Ólafsvík.

Björgunarsveitin Lífsbjörg fékk tilkynningu um lekan og vélarvana bát norðvestur af Rífi rétt fyrir fimm í gær. Báturinn sökk svo rétt fyrir utan Hellissand eða um fjórar mílur norðaustur af Rífi. Sjómaðurinn er sagður heill á húfi, en var orðinn mjög kaldur þegar honum var bjargað.

Yingluck neitar allri sök:

Réttað yfir Shinawatra

TÆLAND Yingluck Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, mætti fyrir dómstól í gær þar sem réttað er yfir henni fyrir embættisbrot vegna niðurgreiðslna ríkisins til hrísgrjónabænda í valdatíð hennar. Shinawatra á yfir höfði sér tíu ára fangelsi verði hún fundin sek.



YINGLUCK SHINAWATRA

Shinawatra neitaði í gær allri sök og segir ákærna politíska og til þess gerða að halda henni frá stjórn máluum. Hundruð stuðningsmanna forsætisráðherrans fyrrverandi hópuðust í kring um hana fyrir utan dómhúsið í gær.

LEIÐRÉTT

Í frétt í gær af ákvæði í ráðningarsamningi nýs sveitarstjóra í Skaftárhreppi var missagt að hann hefði verið ráðinn til Mýrdalshrepps.

Lofar ekki stuðningi sínum

Umhverfisráðherra hefði kosið að verkefnisstjórn rammaáætlunar fjallaði um virkjanir í Þjórsá. Ekki tilbúin að lýsa yfir stuðningi við tillögu meirihluta atvinnuveganefndar. Sagði nefndinni í desember að fara sér hægt.

ALPINGI Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra segist hafa lagt ríka áherslu á að farið yrði í einu og öllu eftir verkferlum rammaáætlunar. Þess vegna hefði hún kosið að verkefnisstjórn hefði fjallað um virkjanakosti í neðrihluta Þjórsár. Hún sé hins vegar sammála því að Hvammsvirkjun verði færð í nýtingarflokk, eins og forveri hennar, Sigurður Ingi Jóhannsson, lagði til.

„Það segir sig sjálfst að ég stend alveg með mínum forvera í því að ég hefði eflaust gert eins og hann að setja fram Hvammsvirkjun. Þá eru, eðli málsins samkvæmt, hinir kostirnir áfram í verkefnastjórninni.“

Sigrún segist hins vegar standa frammi fyrir orðnum hlut og hún verði að virða þingræðið. Forseti hafi úrskurðað tillögu atvinnuveganefndar þingtæka og hún sætti sig að sjálfsögðu við það.

En mun hún styðja tillöguna? „Við sjáum bara hvernig atkvæðagreiðslan fer.“

Sigrún segir að hún hafi farið á fund atvinnuveganefndar í desember, þegar hún var þingflokksformaður Framsóknarflokksins, þar sem fjallað var um umrædda virkjanakosti.

„Ég mætti á þann nefndarfund og það menn að fara nokkuð varlega. Það ætti ekki að fara of geyst. Það var mitt mat sem þingflokksformaður Framsóknar.“

Sigrún hélt fundi með verkefnisstjóra rammaáætlunar, Stefáni Gíslasyni, þegar hún tók við sem umhverfisráðherra um áramótin. Hún segist hafa lagt ríka áherslu á það að farið væri í einu og öllu eftir lögum og reglum og verkfærið Ramminn nýtt á réttan hátt.

„Ég setti metnað minn í það að vilja að einu sinni yrði þetta



UMRÆÐUR Á ALPINGI Mikið var deilt um hvort ætti að ræða tillögu atvinnuveganefndar áfram á þingi í gær. Umhverfisráðherra segist virða vald Alþingis til breytingartillagna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

→ Ég get alveg tekið undir með mörgum að meira og minna allar virkjanir hafa eitt-hvað inngríp í náttúru landsins. Þetta þarf náttúrulega að veða mjög mikið og til þess fundum við upp þetta verkfæri sem er rammaáætlun.

verkfæri nýtt alveg. Nú var fjármagnið komið þannig að það var ekki hindrun. Einmitt út af þessu

TÍMASETNINGAR BREYTINGARTILLAGNA

9.10.2014

Sigurður Ingi Jóhannsson leggur fram tillögu um að Hvammsvirkjun verði flutt úr bið- í nýtingarflokk.

1.4.2015

Meirihluti atvinnuveganefndar leggur til að það verði gert og bætir fjórum kostum við: **Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Skrokkölduvirkjun og Hagavatnsvirkjun.**

15.5.2015

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir frá því í óundirbúnum fyrirspurnartíma að tillaga um Hagavatnsvirkjun hafi verið dregin til baka.

öllu saman sagði ég að ég gæti ekki sætt mig við Hagavatnsvirkjun,“ segir Sigrún og vísar

til þess að hún hafði ekki verið fullrannsókuð.

kolbeinn@frettabladid.is

AQUALAND
Þeir sem bóka ferð til Mallorca í maí fá frítt fyrir alla fjölskylduna í Aqualand, á meðan birgðir endast.

ÚRVAL ÚTSÝN

MALLORCA

ALLT INNIFALID

FERGUS TOBAGO ★★ ★

Hótel á besta stað á Palmanova þar sem Magaluf og Palmanova mætast. Hægt er að ganga úr hótelgárdinum beint á ströndina. Fín sundlaug og lítill barnalaug.

21.-28. júlí.
Fjórbylí með öllu inniföldu

116.500 KR.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn. 126.500 m.v. 2 fullorðna.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

HB Grandi rýmir fyrir nýjum uppsjávarveiðiskipum með sölu eldri skipa:

Vinnslustöðin kaupir af Granda

SJÁVARÚTVEGUR Sjávarútvegsfyrirtækið HB Grandi hefur selt Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum tvö eldri uppsjávarskip sín. Hluti af kaupnum er 0,68 prósent aflahlutdeild í loðnu en kaupverðið í allt er 2,1 milljarður króna.

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki stjórnar félaganna tveggja og ástandsskoðun skipanna en HB Grandi tilkynnti viðskiptin til Kauphallar Íslands á mánudagskvöld.

Umrædd tvö skip eru Faxi RE 9, smíðaður 1987 í Póllandi, og Ingunn AK 150, smíðuð árið 2000 í Síle.

Salan tengist kaupum HB Granda á tveimur nýjum uppsjávarskipum í Tyrklandi – þeim Venusi NS og Víkingi AK – en það fyrrnefnda er á siglingu til heimahafnar á Vopnafirði. Víkingur er væntanlegur til landsins síðar á þessu ári.

Lundey NS, sem er þýsk smíði frá árinu 1960 og er þriðja uppsjávarveiðiskip HB Granda, hefur verið lagt og er skipið til sölu.

HB Grandi lætur smíða þrjá ísfisktogara fyrir sig í Tyrklandi til viðbótar við fyrrnefnd uppsjávarveiðiskip. Tveir þeirra verða afhentir á



NÝI VENUS Tvö glæsileg skip leysa þrjú eldri af hólm.

MYND/HBGRANDI

næsta ári; Engy RE og Akurey AK. Síðasti ísfisktogarinn verður afhentur árið 2017 og mun bera nafnið Viðey RE.

-shá



Þjóðhagsspá 2015-2017

Völt er veraldar blíðan

Morgunverðarfundur í Hörpu

Greining Íslandsbanka gefur út nýja Þjóðhagsspá fyrir árin 2015-2017. Af því tilefni bjóðum við til morgunverðarfundar 26. maí kl. 8.30-10.00 í Norðurljósasal Hörpu.

Fundarstjóri verður Tryggvi Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri Markaða.

Fundurinn er öllum opinn og boðið verður upp á léttan morgunverð.

Frítt verður í bílastæði í Hörpu meðan á fundi stendur.

Skráning fer fram á islandsbanki.is/morgunverdarfundur

Dagskrá:

Allt kann sá sem hófið kann

Ingólfur Bender, forstöðumaður
Greiningar Íslandsbanka

Í erindinu verður m.a. fjallað um horfur varðandi hagvöxt, verðbólgu, vexti, laun, atvinnuleysi, íbúðaverð, framleiðni og fleiri þætti er varða efnahagslega umgjörð heimila, fyrirtækja og fjármálamarkaðarins.

Svipult er sævar logn

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur
hjá Greiningu Íslandsbanka

Í erindinu verður m.a. fjallað um horfur varðandi gengisþróun krónunnar gagnvart helstu myntum og helstu áhrifaþætti þ.m.t. áhrif fjármagnshafa og losun þeirra, gjaldeyrisstrauma, innlenda og erlenda vexti og viðskiptakjör.

Sjaldan er bið til batnaðar

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
Almenna lífeyrissjóðsins

Í erindinu verður m.a. fjallað um fjárfestingarumhverfi fagfjárfesta hér á landi og hvaða tækifæri og ógnanir felast í væntanlegri þróun fjármálamarkaðarins og efnahagsumhverfis hans á næstu árum.

Umræður og fyrirspurnir

VEISTU SVARIÐ?



- Hver er markahæsta íslenska knattspyrnukonan í efstu deild í Svíþjóð?
- Í hvaða sveitarfélagi fá karlar frí í bæjarstjórn í júní?
- Hvaða dómstóll mun taka afstöðu til spurninga Breta og Hollendinga varðandi Icesave?

SVÖR:

3. EFTA-dómstóllinn.
1. Margrét Lára Viðarsdóttir, 2. Arborg.

VERKALÝÐSBARÁTTAN

REYNSLUSÖGUR ÁHRIF YFIRSTANDANDI AÐGERÐA

Útflutningur hrossa liggur niðri

Ekkert hross hefur verið flutt úr landi í yfirstandandi verkfallsaðgerðum dýralækna hjá Matvælastofnun. Á annað hundrað hross hafa verið seld úr landi og bíða nú fyrrverandi eigendur eftir því að geta flutt hrossin til nýrra heimkynna.

„Þetta veldur óneitanlega óþægindum fyrir hrossasölu. Á okkar vegum eru um 60 hross sem bíða eftir því að komast út. Hættan er sú að nýir eigendur bíði með að flytja út hross þar til í haust því það er ekki gott fyrir hrossin að koma út í sumarhitann. Á meðan munu þessi hross bíða hér á landi í einhvern tíma,“ segir Hulda Gústafsdóttir,

tamningamaður og útflytjandi á Árbakka í Landsveit.

Útflytjendur segja þetta geta haft mikil áhrif á útflutning íslenskra hestsins á þessu ári ef fram heldur sem horfir. Gunnar Arnarson og Eysteinn Leifsson eru einnig stórir aðilar í útflutningi hrossa og í gegnum þau þrjú fer obbi íslenskra hesta til útlanda. Um 140 hross bíða útflutnings hjá Eysteini og Gunnari. Hulda bendir á að þótt ástandið sé ekki gott er lán í óláni að háannatími í útflutningi hrossa er að haustlagi. „Það mun taka okkur einhvern tíma að ná í skottið á okkur því svo fer allt á fullt að hausti þegar

langflest hross eru flutt úr landi. Því vonum við að þetta verkfall leysist sem fyrst. En þó þetta hafi vissulega slæm áhrif á útflutning hrossa kemur þetta afar hart niður á svína og alifugla-bændum og maður hugsar til þeirra stétta í dag,“ segir Hulda.

» Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á ritstjorn@frettabladid.is.



FRÁ AÐGERÐUM Í FYRRA Fólk sem á pantað flug um mánaðamótin næstu óttast áhrif af vinnustöðvun sem þá hefur verið boðuð í flugafgreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VERKFASSAÐGERÐIR Í GANGI

BANDALAG HÁSKÓLAMANNA (BHM)

Ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélagi | Stundur enn yfir Í DAG ER 44. DAGUR Í VERKFASSI FIMM PEIRRA:

- Félag geislafræðinga** Hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans. Ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.
 - Félag lífeindafræðinga** Áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum. Lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.
 - Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala** Koma að frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnifræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfraði og kerfislíffræði.
 - Ljósmeðrafélag Íslands á Landspítala** | PRI., MIÐ. OG FIM. Raskar starfi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.
 - Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu** Ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.
- **Ljósmeðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Ótímabundið verkfall hófst 9. apríl. Verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Aðgerðir eru því á 42. degi.

HAFI VERIÐ Í VERKFASSI FRÁ 20. APRÍL - 31. DAGUR

- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun** Meðal annars áhrif á eftirlit með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.
- Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun** Raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum.
- Dýralæknafélag Íslands** Stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við slátrun og einnig vegna innflutnings.

Í PÍPUNUM: SGS: Verkfalli sem átti að vera í gær og í dag hefur verið frestað til 28.-29. maí og ótímabundinni vinnustöðvun til 6. júní. **Hjúkrunarfræðingar:** Ótímabundið verkfall hefst 27. maí. **VR, LÍV og Flóabandalag:** 28.-29. maí er verkfall hjá höpþreifidafyrirtækjum, 30.-31. maí er verkfall á hótelum, gisti- og baðstöðum, 31. maí-1. júní er verkfall í flugafgreiðslu, 2.-3. júní er verkfall hjá skipafélögum og í matvöruverslunum, 4.-5. júní er verkfall hjá olíufélögum, 6. júní hefst ótímabundið verkfall félagsmanna.

Aldraðir og öryrkjar fá líka 300 þúsund

Varaformaður Öryrkjabandalags Íslands segir lífeyrisgreiðslur engan veginn duga til að fólk nái að framfleyta sér á viðunandi hátt. Formaður Landssambands eldri borgara segir aldraða ekki hafa notið launaskriðs sem orðið hefur á vinnumarkaði.

KJARAMÁL „Öryrkjar eru ekkert örúvísi en aðrir Íslendingar. Þeir þurfa að borga fyrir húsnæði, mat, læknisheimsóknir, lyf og margt fleira,“ segir Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður Öryrkjabandalags Íslands, ÖBÍ. Hann segir öryrkja vænta þess að fá 300 þúsund krónur í lífeyrisgreiðslur á mánuði frá almannatryggingum, það er að segja jafn mikið og krafa verkalyðsforystunna um lágmarkslaun hljóðar upp á.

Fyrir einstakling sem býr einn eru óskertar örorkulífeyrisgreiðslur án heimilisuppbóta 172.516 krónur eftir skatt en 192.021 króna með heimilisuppbót. Um 30 prósent örorkulífeyrisþega fá heimilisuppbót skerta eða óskerta. „Þetta dugur engan veginn til þess að fólk nái að framfleyta sér á viðunandi hátt. 300 þúsund krónur á mánuði eru algjört lágmark til að fólk geti lifað í íslensku samfélagi,“ tekur Halldór fram.

Hann minnr á að í 69. gr. laga um almannatryggingar segi að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skuli taka mið af launabróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Samkvæmt skýrslu sem Talna-



KJARABARÁTTA Öryrkjar og aldraðir benda á að samkvæmt lögum eigi lífeyrir að taka mið af launabróun, þó þannig að greiðslur hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

könnun vann fyrir ÖBÍ um þróun bóta Tryggingastofnunar til öryrkja frá 2008 til 2013 náði lífeyririnn hvorki að halda í við þróun lægstu launa, verðlags né launavísitölu. „Við höfum ekki fengið leiðréttingu nema að hluta,“ segir Halldór.

Í ályktun um kjaramál sem samþykkt var á landsfundi Landssambands eldri borgara, LEB, nú í maí er þess krafist að lífeyrir almanna-trygginga taki að lágmarki sömu hækkunum og lægstu laun sem samið verður um í næstu kjarasamningum. Í ályktuninni er skorad á stjórnarflokkana að standa við gefin loforð um að bæta öldruðum kjarskerðinguna sem varð á árunum 2009 til 2013 og lækka fjármagnstekjuskatt. Skerðingar á frítekmargmiðum vegna fjármagnstekna aldraða og öryrkja sem tóku gildi 2009 verði afturkallaðar strax. Jafnframt að stjórnvöld

virði ákvæði og anda laganna um almannatryggingar.

Nýkjörinn formaður LEB, Haukur Ingibergsson, segir það liggja í loftinu að lægstu laun muni hækka töluvert mikið í komandi kjarasamningum. „Komið hefur fram sterk krafa um að lægstu laun hækki í 300 þúsund krónur á næstu þremur árum. Það er ekki síður ástæða til að þeir sem ekki njóta atvinnutekna heldur lífeyris fái sams konar hækkun. Ekki má

gleyma að aldraðir hafa ekki notið þess launaskriðs sem orðið hefur á vinnumarkaði á síðustu árum og leitt hefur til gliðunar á milli kjara launþega og lífeyrisþega,“ segir Haukur. **HAUKUR INGI-BERGSSON** ibs@frettabladid.is

Vango Tempest 200 Verð 40.995,-
Mammut Creon Pro 30L Verð 26.995,-
Mammut Convey Verð 56.995,-
Primus Eta-Lite+ Verð 23.995,-

Allt fyrir gönguferðina

MAMMUT
Vango
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSONLEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Fyrir pallinn og stéttina

MÚRBÚÐARVERÐ

Lavor háprýstidæla STM 160



- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

27.990

Made by Lavor



Bio Kleen pallahreinsir

895
5 lítrar kr. **3.295**

ODEN EDAL OLÍA á palla.
Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.

4.390



Landora tréolía

2.690



Mako penslasett

590



Meister Terraso kústur með
stífum hárum # 4360340

1.395



Steypugljái á stéttina í sumar

Black&Decker
háprýstidæla max bar **110**

14.990,-

1400W, 360 lítr./klst.

Polir 50°C heitt vatn

5 metra barki, sápubox



Superseal og Clear Guard
steypugljái

Steypugljáinn sem endist!



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Meister fúgubursti með krók #4360430

2.590

(með auka vírbursta)



Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 8-18



Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Allt að 20.000 kr.
bókunarsláttur á mann
til 1. júní 2015.

Eldri borgarar til

Kanarí & Benidorm

Frá kr.

154.900

Heimsferðir býður eldri borgurum frábær kjör til Benidorm og Kanarí. Einstakar ferðir með góðri gistingu á vel völdum hótélum sem notið hafa vinsælda. Griptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í góðum kjörum. Fjölbreytt dagskrá í boði í fylgd reyndra fararstjóra Heimsferða.

Benidorm – 8. sept. í 14 nætur



Hotel Melia

Frá kr. 154.900

Heimsferðir býður eldri borgurum frábær kjör til Benidorm. Einstök ferð m/gistingu á Hotel Melia m/hálfa fæði og drykk. Netverð á mann frá kr. 154.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 8. september í 14 nætur með 15.000 kr. bókunarslátt.

Kanarí – 25. okt. í 24 nætur



Dorotea

Frá kr. 199.900

Heimsferðir býður eldri borgurum frábær kjör til Kanarí. Einstök ferð m/gistingu á Dorotea án fæðis. Netverð á mann frá kr. 199.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 25. október í 24 nætur með 20.000 kr. bókunarslátt.

Bremenports heldur áfram athugunum vegna stórskipahafnar við Langanes: Höfn í Finnafirði enn á borðinu

SAMGÖNGUR Fulltrúar frá Bremenports koma til Íslands nú í maí til að fylgja eftir ýmiss konar rannsóknum og samskiptum, varðandi uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði. Þetta kemur fram í fundargerð sveitarstjórnar Langanesbyggðar þar sem segir að oddviti og sveitarstjóri hafi farið yfir stöðu málsins.

„Meðal annars verður farið í uppsetningu á veðurstöðvum og jarðvegsrannsóknir fram-

kvæmdar en þessir liðir frestuðust í vetur vegna veðurs. Þeir munu funda með ýmsum aðilum á Íslandi vegna verkefnisins,“ segir nánar um komu fulltrúa Bremenports.

Fulltrúi minnihluta L-listans gerði athugasemd við það að gögn hefðu ekki fylgt með þessum lið á fundinum.

„Einnig leggur L-listinn áherslu á að þriggja manna nefnd verði skipuð um þetta gríðarstóra verkefni,“ segir í bókun.



FINNAFJÖRDUR Setja á upp veðurstöðvar og rannsaka jarðveg.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Í SKÚFFUNNI Niðurlægning Náttúruminjasafnsins er áratuga löng saga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vonar að aðfinnslur hreyfi við ráðherra

Forstöðumaður Náttúruminjasafnsins vonar að niðurstaða Ríkisendurskoðunar verði til þess að stjórnvöld bregðist við neyðarlegri stöðu. Ríkisendurskoðun telur að leggja megi safnið niður að óbreyttu enda uppfylli það ekki lögbundnar skyldur.

MENNING Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands (NMSÍ), vonar að ávörðing Ríkisendurskoðunar vegna aðgerðarleysis stjórnvalda í málefnum safnsins verði til þess stjórnvöld taki af skarið og marki framtíðarstefnu fyrir safnið.

Ríkisendurskoðun, sem er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis, birti svokallaða eftirfylgniskýrslu á mánudag, en eftir úttekt á málefnum NMSÍ árið 2012 var hvatt til að stjórnvöld tækju ákvörðun um starfsemi safnsins, uppbyggingu þess og umfang til framtíðar, enda uppfyllti stofnunin ekki lögbundnar skyldur sínar sem eitt þriggja höfuðsafna Íslands.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar nú er í raun sú að ekkert hafi verið gert í málefnum safnsins og því hljóti að koma til álita, að óbreyttu, að leggja safnið niður sem sérstaka stofnun og koma starfsemi fyrir með öðrum hætti.

Hilmar bendir á að það glytti í eitt og annað jákvætt í starfsemi, en í fyrsta sinn tekur

safnið nú þátt í samsýningu sex safna þar sem m.a. geirfuglinn er til sýnis í Safnahúsinu og gerður hefur verið samstarfssamningur milli Náttúrufræðistofnunar og safnsins um útlán og eftirlit með safnmunum.

„Ég hef enn von um að samstarf megi takast um myndarlega náttúrufræðisýningu í Perlunni, en klukkan tifar og það má ekki dragast mikið lengur að taka ákvörðun um það. Eins er skrifstofuadstaða safnsins í óvissu hér í Loftskneytastöðinni, húsaleigusamningur hefur verið sagt upp og aðeins tveir mánuðir til stefnu,“ segir Hilmar og bætir við að staða safnsins sé vissulega ekki glæsileg en vonar að niðurstaða Ríkisendurskoðunar verði til þess að brýna menn til dáða.

„Þjóðin og gestir landsins eiga ekki annað skilið en að eignast safn þar sem staðið er að sýningahaldi og miðlun upplýsinga og fróðleiks um einstaka náttúru landsins, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda. Við reidum okkur í svo miklum mæli á auðlindir nátt-



„Ég hef enn von um að samstarf megi takast um myndarlega náttúrufræðisýningu í Perlunni, en klukkan tifar og það má ekki dragast mikið lengur að taka ákvörðun um það.“

Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður NMSÍ

úrunnar að fræðsla um hana er grundvallaratriði,“ segir Hilmar.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í viðtali við Fréttablaðið 23. febrúar um að vegna skorts á fjármunum yrði ekki ráðist nýbyggingu í tengslum við NMSÍ á næstu árum. Viðræður við Reykjavíkurborg og einkafjárfesti um náttúrugripasýningu Perlunni var þá á lokastigum, að hans sögn.

svavar@frettabladid.is





NÝSKÖPUN NÁMSMANNA HÁSKÓLA ÍSLANDS

- LAUSNIR Í VERKFRÆÐI OG TÖLVUNARFRÆÐI

Meistaradagur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands 2015 fimmtudaginn 21. maí, kl. 12.00 –17.00 í VR-II

Komdu og kynntu þér uppsprettu nýsköpunar og tæknilausna í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands.

Kennsla og rannsóknir í verkfræði og tölvunarfræði hafa að markmiði að flétta nýsköpun og rannsóknir. Á meistaradeginum verða kynnt verkefni meistaránema.

Verkefnin eru iðulega hluti af nýsköpunarverkefnum atvinnulífsins, auk þess að vera mikilvægur þáttur í rannsóknum háskólans. Verkefnin stuðla því að aukinni tækni-, vöru- og samfélagsþróun á Íslandi.

Dagskrá sameiginlegs fundar í stofu 158, VR-II:

12:00-12:10	Setning meistaradags Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands 2015. Gunnar Stefánsson, prófessor, formaður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands
12:10-12:30	„Stafræn myndgreining í fjarkönnun og augnskönnun“. Jón Atli Benediktsson, prófessor, aðstoðarrektur vísinda og kennslu Háskóla Íslands
12:30-12:45	„Greining á fjarkönnunarmyndum með rúmupplýsingum“, (erindi haldið á ensku) Nicola Falco, nýdoktor, Háskóla Íslands
12:45-13:00	„Súrefnismælingar í augnbotnum“. Róbert A. Karlsson, yfirmaður hugbúnaðarþróunar, Oxymap
13:15-17:00	Meistarafyrirlestrar, veggspjöld og veitingar.

Velkomin í Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar á www.von.hi.is/meistaradagur



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

Pyrlu bjargað



PÝSKALAND Bandarískir hermenn fylgjast með því þegar Boeing CH-47 Chinook-þyrlla bjargar Sikorsky UH-60 Black Hawk-þyrllu í Plankenfels í Þýskalandi í fyrradag. Flugmenn síðarnefndu þyrllunnar neyddust til að nauðlenda henni á engi í grennd við Plankenfels síðastliðinn föstudag eftir að þeim yfirrást háspennulínur sem urðu í vegi þeirra. Aðalskrúfa þyrllunnar klippti eina línuna í sundur og skemmdist í leiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

LÖGREGLUMÁL

Hélt hún væri á leið í frí

17 ára hollensk stúlka sem grunuð er um að hafa með móður sinni smyglað um tuttugu kílóum af fíkniefnum hingað til lands í aprílbyrjun, kveðst ekki hafa vitað af efnunum í farangi sínum. Hún segir móður sína hafa boðið sér til Íslands í þeim tilgangi að skoða landið og séð um að pakka í töskur. Þetta kemur fram á vef Hæstaréttar sem staðfesti í gær farbannsráðgjafi yfir stúlkunni.

ISIS-liðar hafa gengið berserksgang í Ramadi

Liðsmenn Íslamska ríkisins náðu borginni Ramadi á sunnudag. 25 þúsund hafa flúið borgina. Sameinuðu þjóðirnar skortir fjármagn til að hjálpa flóttamönnum. Bandaríkjamenn segja sigurinn ekki marka viðsnúning.

ÍRAK Eftir langa orrustu hopuðu lögregla og herlið írösku ríkisstjórnarinnar frá borginni Ramadi undan látlausri sókn hersveita Íslamska ríkisins, ISIS, á sunnudag. Ramadi er höfuðborg Anbar-héraðs sem er fjölmennasta hérað Íraks. Íslamska ríkið ræður nú yfir um helmingi héraðsins.

Frá því Íslamska ríkið tók borgina hefur ástandið þar valdið flótta um 25 þúsund manns. Margir velja frekar að sofa undir berum himni utan borgarinnar án matar en að hætta á að vera eftir í borginni. Sameinuðu þjóðirnar hafa reynt að koma flóttamönnum til bjargar en fjármagnið er af skornum skammti enda hefur þörfin lengi verið mikil.

ISIS-liðar hafa gengið um borgina og kveikt í húsum og verslunum fólks sem hliðhollt er ríkisstjórn Íraks. Að auki hafa ISIS-liðar opnað dyr fangelsa borgarinnar og frelsað um fjögur hundruð bræður sína og systur. Íbúar borgarinnar segjast einnig hafa séð liðsmenn Íslamska ríkisins fleygja þeim látnu í ána Efrat sem borgin stendur við.

Íraska ríkisstjórnin vann borgina Tikrit aftur á sitt band í síðasta mánuði og hefur síðan þá gengið vel að herja á svæði Íslamska rík-



FLÓTTAMANNABÚÐIR Einungis lítil hluti flóttamanna frá Ramadi gistir nú í tjöldum. Meirihlutinn sefur undir berum himni.

NORDICPHOTOS/AFP

isins. Fall Ramadi er því stórt tap fyrir Írak.

Íraska ríkisstjórnin er tilbúin til samstarfs við herskárar uppreisnarsveitir sjíamúsliða austan borgarinnar til þess að ná borginni aftur af ISIS.

Íbúar í Ramadi, sem flestir eru súnnímúsliðar, hræðast sveitir

sjíamúsliða til jafns við Íslamska ríkið. „Ef sveitir sjíamúsliða komast inn í Ramadi munu þær gera það sama og ISIS-liðar gera nú,“ hefur fréttaveita AP eftir búðar-eigandanum Abu Ammar.

Talsmaður varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna, Elissa Smith, segir fall borgarinnar ekki

marka viðsnúning í stríðinu gegn Íslamska ríkinu en játar að það muni þó ýta hressilega undir áróður-svél ríkisins.

Íslamska ríkið berst nú víðs vegar um Miðausturlönd og hefur upp á síðkastið unnið stóra sigra í Líbíu, Írak, Sýrlandi og Líbanon.

thorgnyr@frettabladid.is

NÝR MITSUBISHI OUTLANDER INTENSE

PRÓFAÐU



5 ÁRA
ÁBYRGÐ

Mitsubishi Outlander
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

5.050.000 kr.

Mitsubishi Outlander Intense er fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll sem dúxar í sparneytni og lágum útblæstri kolefnis en skilar samt framúrskarandi afköstum. Háþróaður öryggisbúnaður, bakkmyndavél og handfrjálssímabúnaður eru bara örfáar ástæður til að hjálpa þér að gera upp hug þinn. Komdu og prófaðu ævintýralegan Outlander Intense.

Búnaður í Outlander Intense: 18" álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjári í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjálssímabúnaður, hraðastillir, tvískipt tölustýrð miðstöð, upphitun framsæti, upphitun framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spillari, rafdrifnir og upphitaðir útispeglar með stefnuljósum, vindskeið að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan, regnskynjari á rúðupurrkum, sjö öryggisþúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, langbogar á þaki, þvottasprautur á aðalljósum, dagljósabúnaður.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



FYRIR HUGSANDI FÓLK

Fyrir þínar
bestu stundir

FLORIDA tungusófi

Ljós- og dökkgrátt, slitsterkt
áklæði. Færanleg tunga.

Fullt verð: 139.900 kr.

99.900 kr.


MEIRA Á
dorma.is



Darcy hornsófi 2H2

Grátt og brúnt slitsterkt
microfiber áklæði.

Fullt verð: 299.900



Ótrúlega
þægilegur
fjölskyldusófi


Aðeins **249.900 kr.**



Kalmar tungusófi

Grátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga

Fullt verð: 229.900



Aðeins **199.900 kr.**



Nature's Comfot dýna með Classic botni

Stærð cm	Dormaverð
100x200	99.900 kr.
120x200	119.900 kr.
140x200	138.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	164.900 kr.



SQUERE rúmgafli

Rúmgafli úr brúnu, hvítu eða svörtu
PU leðri. Stærðir: 120, 140, 160,
180 cm. Verð að neðan miðað við
rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 27.900 kr.

Aðeins **22.320 kr.**



OSLO rúmgafli

Rúmgafli fæst í svörtu PU leðri, hvítu
og í gráu áklæði. Stærðir: 120, 140,
160, 180 cm. Verð að neðan miðað
við rúmbreidd 120 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins **31.920 kr.**



Nature's Luxury dýna með Classic botni

Stærð cm	Dormaverð
120x200	129.900 kr.
140x200	155.900 kr.
160x200	169.900 kr.
180x200	189.900 kr.



• Svæðaskipt poka-
gormakerfi

• Burstaðir stálfætur
• Sterkur botn

• 320 gormar pr fm²
• Steyptar kantstyrkingar

• Svæðaskipt poka-
gormakerfi

• Prýstijöfnunar yfirdýna
• Burstaðir stálfætur

• Sterkur botn
• 320 gormar pr fm²

Afgreiðslutími
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

DORMA

Láttu drauminn rætast

Lappirnar dregnar í meira en áratug.

Orsök og afleiðing

Ekki verður deilt um mikilvægi upplýsingatækni í nútíma-samfélaginu. Tölvur, snjalltæki og rafræn samskipti snerta orðið veflesta þætti mannlegrar tilveru.

Hér á landi hefur líka sprottið upp margvísleg verðmæt starfsemi tengd þessum iðnaði, svo sem á sviði hugbúnaðargerðar og gagnavistunar.



Óli Kristján Armannsson

olikr@frettabladid.is

Um leið er mikil samkeppni á milli landa í að laða til sín fyrirtæki í upplýsingatæknigeira.

Tækifærin eru augljóslega mikil þegar að baki útflutningstölum er þjónusta og hugbúnaður sem byggir á hugviti. Þá þarf nefnilega ekki að kosta til stórfé í að sækja og vinna hráefni, eða

ganga á auðlindir náttúrunnar. Ávinningurinn, þegar hlutir ganga upp, getur svo verið verulegur.

Í frétt á forsíðu blaðsins í dag er upplýst að eitt farsælasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni, tölvuleikjaframleiðandinn CCP, skoði nú alvarlega að flytja starfsemi sína úr landi. Vænlegir kostir fyrir nýjar höfuðstöðvar eru fjölmargir, enda hafa forsvarsmenn fyrirtækisins oft greint frá því áður að reglulega hafi samband við fyrirtækið fulltrúar landa og borga sem geri sér sérstakt far um að laða til sín starfsemi af þessum toga. Á þeim lista eru bæði Írland og Kanada, þar sem fyrirtækjum og starfsfólki þess býðst margvísleg aðstoð og ívilnun, hvort sem það er skatt-afsláttur, aðstaða eða annað.

Hér spila gjaldeyrishöftin örugglega inn í, en meira þarf til. Fyrirtæki í upplýsingatæknigeira hafa nefnilega á annan áratug kallað á markvissa stefnumörkun stjórnvalda og úrbætur á rekstrarumhverfi því sem þeim er hér boðið. Þannig eru nú um tíu ár síðan Samtök iðnaðarins gerðu stjórnvöldum beint tilboð um uppbyggingu geirans þannig að tífalda mætti af honum gjaldeyris-tekjurnar á fimm árum eða svo.

Síðan tók við uppgangur fjármálageirans (og hrun) og áhugi var lítill á að styðja við upplýsingatæknigeirann. Í ágætu erindi sem Sæmundur Sæmundsson, þá forstjóri Teris, flutti á ráðstefnu Skýrslutæknifélagsins um stöðu UT-iðnaðar í apríl 2008 benti hann á að samkeppnin myndi bara aukast og alþjóðavæðingin banka á fleiri dyr. „Aðgangur að öðrum mörkuðum er akvegur í báðar áttir,“ sagði hann þá.

Því má furðu sæta að stjórnvöld hafi allan þennan tíma ekki í neinu brugðist við ákalli upplýsingatæknifyrirtækjanna um úrbætur eða stefnumörkun. Hér eru til dæmis við lýði hindranir í vegi fyrirtækja sem sækja vilja sér sérfræðimenntað starfsfólk frá löndum utan EES. Þar hafa fyrirtæki á borð við CCP rekist á vegg. Þá hefur ekki gengið eftir að fá hér löggjöf um gagnaver breytt þannig að rekstur hér búi við svipað umhverfi og til dæmis gerist í Finnlandi. Þá lenda fyrirtæki í óþarfa flækjum eigi þau viðskipti við lönd sem Ísland hefur ekki undirritað við tvískött-unarsamning. Lönd sem Ísland á í samkeppni við afgreiða endurgreiðslur vegna slíkra viðskipta á innan við viku, meðan fyrirtæki hér þurfa að bíða í heilt ár.

Heimatilbúin ljón í vegi upplýsingatæknifyrirtækja hefði maður haldið að auðvelt ætti að vera að losna við og er þá eftir allt tal um fyrirgreiðslu.

Afleiðingar aðgerðaleyfisins liggja fyrir og raunverulegum verðmætum glutrað niður.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Starfsáætlun skal halda

Pingmönnum varð tíðrætt um það í gær hvort Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, hygðist standa við starfsáætlun þingsins, en samkvæmt henni á að fresta þingi á föstudag í næstu viku. Einar tók af allan vafa um það að starfsáætlunin skyldi halda. Þegar Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, þýgðaði Einar um það hvort mögulega yrði sumarþing og vísaði til bjartsýni þingforseta, var Einar jafn skýr: „Það er rétt hjá háttvirtum þingmanni að forseti er bjartsýnn maður. Sem svar við fyrirsögn háttvirtis þingmanns ítrekar forseti svar sitt frá því áðan: Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um sumarþing.“ Býsna skýrt, eða hvað?

Starfsáætlun þarf ekki að halda

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur kannski ekki hlusta á Einar, nema hann hafi sagt eins og forðum var sagt: Heyra má ég erkibiskups boðskap, en ráðinn er ég í að halda hann að engu. Allavega sagði hann ekki ástæðu til annars en ætla að hægt væri að klára öll þau mál sem fyrir þinginu lægju, „enda höfum við nægan tíma fyrir okkur.“

Við höfum sumarið fram undan svo að það gefst nægur tími til að klára þau mál sem liggja fyrir og þau sem eiga eftir að bætast við.“ Býsna skýrt, eða hvað?



Málþóf um hvort það sé málþóf

Stjórnarandstæðingar þurftu að ræða þessi mál nokkuð oft í gær og raunar stjórnarþingmenn líka. Á fyrstu tveimur tímum þingfundar í gær komu 25 þingmenn upp í 60 ræðum og ræddu um fundarstjórn forseta. Það þýðir að sumir komu oft en einu sinni og oft en tvisvar. Og reyndar oft en þrisvar, því Svandís Svavarsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Lilja Rafney Magnúsdóttir komu allar fjórum sinnum í pontu. Nokkrir héldu þrjár ræður, til dæmis Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem kom þrisvar í pontu til að skamma stjórnarandstöðuna fyrir að koma oft í pontu og halda málum í gislingu. Málþóf um málþóf?

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Nýtt X, takk

SAMFÉLAG



Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður og rithöfundur

Mannúleg heimspeki, lífsskoðun, grunnhugmynd eða hvaðeina sem menn vilja nefna leiðarhnota manna í stjórnmálum, þarf ekki að vera flókin til að virka.

Á Íslandi og víðar, burtséð frá gölluðu hagkerfi, er afar stór hópur sem getur tekið undir eftirfarandi: Við viljum sem mestan jöfnuð í lífsgæðum. Við viljum góð tækifæri til að ráða málum okkar sjálf, sem sagt jafnræði. Við viljum jafnrétti og sem mest mannréttindi. Þarna sjá menn j-in þrjú, sem ásamt stýrðu (en ekki ótakmörkuðu) frelsi til athafna, heimiluðu framfarir fyrir margt löngu; voru vissu þessir við stöðnuð yfir-stéttarveldi.

Nú til dags standa m.a. samþjöppun auðs, fáveldi mokrikra einstaklinga og völd alþjóðlegra hringa, í skjóli fjárfreks hervalds, í vegi fyrir j-unum þremur. Við bættist ógn við heimsbyggðina vegna harkalegrar auðlindanýtingar og hlýnunar sem fyrirhyggjulaus orkustefna veldur; vegna rányrkju í stað raunyrkju.

Ísland fer ekki varhluta af þessu. Hrunið og átökin í samfélaginu um helstu álitamál hafa skipt þeim er hafa áhuga á pólitík í marga hópa. Við höfum í bili ekki önnur verkfæri til að brúka í þeim átökum en fjölmiðlana, framboðsflokka, þingið, sveitarstjórnir og margvísleg

hagsmuna- og áhugasamtök. Við teljumst vera virkt þingbundið lýðræðisríki.

Hagur almennings í húfi

Við þessar aðstæður verða þeir sem bera j-in þrjú fyrir brjósti, með býsna ólíkum skilningi þó, að vinna saman í að minnsta kosti nokkur ár, við að rétta af slagsíðu samfélagsins í nafni réttlætis. Hvað sem þröngum en skánandi hag ríkisins líður, teiknum um þolanlega (?) stöðu hagkerfisins í heild og þælingum um afnám gjald-eyrishafta, bíða mörg verkefni úrlausna þar sem hagur almennings og lífshjúrnir eru í húfi. Um það vitna kröfur og deilur sem aldrei fyrr og ekki síður harðnandi lífsskilyrði öryrkja, ótal ungra Íslendinga í húsnæðis-leit, sjúklinga, aldaraðra, láglaunafólks, nema, margra innflytjenda o.s.frv.

Samvinna þess fólks sem gegnir hug-takinu félagsbyggjufólk, þarf að ná til sameiginlegrar og opinna stefnumótunar í helstu málaflökkum næstu tvö kjörtímabil – með vönduðum tillögum að leiðum til lausna. Hún þarf líka að ná til þess hvert form samstarfsins verður að vera svo það virki fólk langt út fyrir raðir flokka. Lok þarf samvinnan að opna fyrir endurskipu-lagningu á helstu stöðum samfélagsins. En það er verkefni 1-2 áratuga og þarfnast þess að samfélagið allt sé virkjað til þátttöku.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLÉGLA: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrun Þórsdóttir hrun@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Aðalfundur

Hagsmunasamtaka heimilanna



Hagsmunasamtök heimilanna halda sinn árlega aðalfund fimmtudaginn 21. maí kl. 20:00 í sal Stýrimannaskólans við Háteigsveg, 2. hæð.

Allar nánari upplýsingar á www.heimilin.is

Félagsmenn eru hvattir til að mæta!

Hagsmunasamtök heimilanna



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST

ROLEX

M

MICHELSÉN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. maí 2015 | 20. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

SVANSMERKIÐ
SÍÐAN 2000!

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

MUN SPÝTA Í LÓFANA

- Helgi Vilhjálmsson stefnir á að opna nýjan Pizza Hut stað í ár
 - Vill nýta lífeyrissjóðina í þágu aldraðs fólks og unga fólksins
 - Vill að verkföll tilheyri fortíðinni, en segir lægstu laun of lág
- SÍÐA 6-7



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flottasta útflutningsgreinin

„Ég held að það sé ákveðið blómaskeið í landvinn-ingum íslenskra höfunda og hafi verið,“ sagði Arnaldur Indriðason, í samtali við Fréttablaðið, eftir að hann tók við sérstakri heiðursviðurkenningu við afhendingu Útflutningsverðlauna forseta Íslands á Bessastöðum. „Það hefur fjöldinn allur af titlum verið gefinn út, eiginlega um allan heim, og ég held að eftirspurnin sé orðin það mikil að það sé kominn skortur á þýð-ingum,“ sagði Arnaldur.



→ SÍÐA 2

Tekist á við vandann

Stjórnvöld eru meðvituð um hversu seint gengur við upptöku á löggjöf Evrópusambandsins og innleiðingu í íslensk lög og að við því þurfi að bregðast. Þetta segir Margrét Einarsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Margrét starfar með stýrihópi um framkvæmd EES-samningsins sem forsætisráðuneytið skipaði í fyrra. Hún hefur að auki skrifað grein um innleiðingarhallann.

→ SÍÐA 4

Æfir fyrir þriðraut

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir lét nýlega af störfum sem aðstoðarmaður Sigurðar Inga Jóhannssonar, landbúnaðar- og sjávarútvegsherra. Hún hóf störf í sjávarútvegsteymi Arion banka í byrjun vikunnar. „Mér líst bara stórvel á. Þetta er skemmtilegt umhverfi og auðvitað mikið að læra. Ég er að átta mig á því hvernig húsið snýr og hvar fólk er,“ sagði Helga Sigurrós þegar Markaðurinn sló á þráðinn til hennar.



→ SÍÐA 8

**STJÓRNAR-
MADURINN**

[@stjornarmadur](https://twitter.com/stjornarmadur)

Það er synd að þróað ríki eins og Ísland þurfi að búa við tortryggni alþjóðlegra fjárfesta.

→ SÍÐA 12

SJÓNMAELINGAR Í OPTICAL STUDIO

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811
Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Hvað er svona merkilegt við útgerð?

Skjóðan

TILRAUN sjávarútvegsráðherra til að framselja í raun varanleg yfirráð yfir makrílnum í íslenskri landhelgi til örfárra útgerðarfyrirtækja er runnin út í sandinn. Kornnið sem fyllti mælinn var væntanlega tilkynning frá Fiskistofu um að stofnunin væri engan veginn búin undir að standa fyrir framkvæmd þeirra breytinga sem frumvarp ráðherra felur í sér. Þingmeirihlutinn fer ekki í stríð við þjóðina og mögulega forsetann um þetta mál – ekki að sinni.

HARÐUR áróður hefur verið rekinn fyrir því að íslenskur sjávarútvegur sé svo sérstök atvinnugrein að um hana gildi ekki almennar reglur, sem annars gilda í öllum viðskiptum alls staðar. Grunnur arðbærs sjávarútvegs hér á landi liggur í því að nýta mjög verðmæta og

takmarkaða auðlind, sem er í sameign þjóðarinnar.

FRAM til þessa hefur aflaheimildum verið úthlutað til eins árs í senn og veiðigjöld verið afskaplega hófleg, alla vega gagnvart stórutgerðinni, sem auk þess að ráða yfir megninu af bol-fiskkvótanum situr á nánast öllum uppsjávarkvóta.

Á SÍÐUSTU árum hafa stjórnvöld reynt að koma á langtímaúthlutun á kvóta sem felur í sér varanlegt framsal til fárra á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Engu virðist breyta hvaða flokkar sitja í ríkisstjórn. Allir vilja þeir koma kvótanum í varanlegt fóstur hjá stórutgerðinni. Rökin hafa verið þau að útgerð kalli á svo miklar fjárfestingar að nauðsynlegt sé að fyrirsjáanleiki ríki í greininni. Menn muni einfaldlega

ekki fjárfesta nema hafa fiskinn ávallt tryggn alla vega 15 ár inn í framtíðina. Fjárfestingarskortur muni leiða til hnignunar íslensks sjávarútvegs og þar með skerða lífskjör þjóðarinnar.


EN HELDUR þessi málflutningur vatni? Hver er munurinn á t.d. útgerðarfyrirtæki og flutningaskipafélagi eða flugfélagi? Ekki kallar flutningastarfsemi eða flugrekstur á minni fjárfestingar en útgerð. Í öllum tilfellum standa eigendur fyrirtækjanna frammi fyrir því að reksturinn er háður mikilli óvissu. Hvernig þróast oluverð? Hvernig þróast almennt efnahagsástand í heiminum? Hvernig þróast verðlag vörunnar sem verð er að selja? Hví þurfa ekki skipafélög og flugfélög sérstaka niðurgreiðslu eins og útgerðin?

ÞAÐ ÞARF auðvitað ekki að afhenda

útgerðinni fiskinn í sjónum til varanlegra afnota til að sjávarútvegur á Íslandi skili þjóðarbúinu hámarks tekjum. Það ætti að bjóða upp kvóta-hlutdeild til hæstbjóðenda til skamms tíma í senn, t.d. til 1-3 ára og hægt er að tryggja með almennum reglum að erlendir kaupendur sögi ekki auðlindina úr landi.

FRIJÁLS markaður með aflaheimildir og efling fiskmarkaða tryggir hráefnisöryggi þeirra sem stunda samkeppnishæfa starfsemi. Svona fyrirkomulag tryggir hámarksafkastur til þjóðarinnar af auðlindinni en ekki ofurhagnað örfárra handhafa kvótans, eins og nú er.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

7
Á UPPLÉID
Félög sem hækkðu í verði

8
Á NIÐURLEID
Félög sem lækkuðu í verði

1
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
N1
49,6% frá áramótum

HB GRANDI
5,4% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TRYGGINGAMIBST.
-23,6% frá áramótum

HAGAR
7,1% í síðustu viku

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	119,00	14,4%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,38	-6,2%	-1,2%
Eimskipafélag Íslands	227,00	-4,2%	0,9%
Fjarskipti (Vodafone)	39,10	11,7%	1,0%
Hagar	40,30	-0,4%	-7,1%
HB Grandi	39,30	16,3%	5,4%
Ícelandair Group	23,05	7,7%	3,6%
Marel	179,5	30,1%	-1,4%
N1	34,70	49,6%	2,5%
Nýherji	8,39	62,0%	-0,7%
Reginn	14,10	4,1%	-0,4%
Reitir*	62,70	-1,3%	0,5%
Sjóvá	10,05	-15,9%	0,4%
Tryggingamiðstöðin	20,10	-23,6%	-2,9%
Vátryggingafélag Íslands	7,73	-14,6%	-1,7%
Össur	432,00	19,7%	-1,8%
Úrvalsvisitalan OMX18	1.423,77	8,6%	0,3%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,40	12,4%	0,4%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

Bókmenntir flottasta útflutningsgreinin

Bækur Arnaldar Indriðasonar eru gefnar út á tugum tungumála. Hann segir íslenska höfunda upplifa blómaskeið í landvinningum erlendis. Forseti Íslands heiðraði Arnald á föstudaginn.

„Ég held að það sé ákveðið blómaskeið í landvinningum íslenskra höfunda og hafi verið,“ sagði Arnaldur Indriðason, í samtali við Fréttablaðið, eftir að hann tók við sérstakri heiðursviðurkenningu við afhendingu Útflutningsverðlauna forseta Íslands á Bessastöðum. Verðlaunin voru afhent á föstudaginn.

„Það hefur fjöldinn allur af titlum verið gefinn út eiginlega um allan heim, og ég held að eftirspurnin sé orðin það mikil að það sé kominn skortur á þýðingum,“ sagði Arnaldur.

Arnaldur sagðist taka við verðlaunum fyrir hönd íslenskra bókmennta. Hann sagðist telja að íslenskar bókmenntir væru langflottasta útflutningsgreinin og hefðu verið það lengi. „Þetta er vonandi hvatning fyrir mig og aðra höfunda, að halda áfram á sömu braut,“ sagði hann.

Íslenskar bókmenntir hafa sannarlega notið vaxandi vinsælda erlendis upp á síðkastið. Til marks um það var Snjóblindur eftir rithöfundinn Ragnar Jónasson mest seldu bókina á Kindle hjá Amazon í Bretlandi um síðustu helgi. Hún trónaði á toppi metsöluhlustans í tvo sólarhringa. Aðspurður hvort hans eigin veltengni hafi haft áhrif á brautargengi annarra höfunda segir Arnaldur: „Það má vel vera að



HEIÐRADUR Arnaldur Indriðason tók við verðlaunum á Bessastöðum á föstudaginn. Ícelandair Group fékk sjálf útflutningsverðlaunin.

íslenska glæpasagan hafi hjálpað til.“

Arnaldur segist vera búinn að missa töluna á því í hve mörgum löndum bækurnar hans eru gefnar út. „Ætli það séu ekki svona 35-40. Það er alltaf áhugi hér og þar á þessum bókum,“ segir hann.

Hann segist alls ekki skrifa bækur fyrir útlendinga. „Ég held að það væri fráleitt að fara að skrifa ofan í einhverjar væntingar lesenda. Ég hef alltaf skrifað fyrir íslenska lesendur og íslenskt umhverfi og ég held að það sé það sem vekir athygli. Það

se þessi íslenski vinkill,“ segir Arnaldur og bætir við að fólk vilji kynnast Íslandi í gegnum íslenskar bækur, bæði landinu og bókmenntunum.

Í bókum Arnaldar geta lesendur fengið innsýn í sögu Íslands. „Ég er mikill áhugamaður um sögu. Flestar þessar bækur tengjast einhvern veginn fortíðinni og fara fram og til baka í tíma. Ég hef undanfarið einbeitt mér meira að því en áður eins og í Kamp Knox og í Skuggasundi. Og ég býst við því að halda áfram á þeirri braut,“ segir Arnaldur.

Dagatal viðskiptalífsins

- MIÐVIKUDAGUR 20. MAÍ**
Hagstofan – Samræmd visitala neysliverðs í apríl 2015
- FIMMTUDAGUR 21. MAÍ**
Eimskip – Uppgjör 1. ársfjórðungs 2015
- FÖSTUDAGUR 22. MAÍ**
Hagstofan – Visitala kaupmáttar launa
- Hagstofan – Mánaðleg launavisitala

- ÞRIÐJUDAGUR 26. MAÍ**
Hagstofan – Nýskráningar og gjaldprot fyrirtækja Fasteignaskrá – Viðskipti með atvinnuhúsnæði í apríl 2015
- MIÐVIKUDAGUR 27. MAÍ**
HB Grandi – Uppgjör 1. ársfjórðungs 2015
- N1 – Uppgjör 1. ársfjórðungs 2015

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Skemmtilegasta verslun landsins - einstakt tækifæri !

Arev hefur fengið til sölu meðferðar verslun sem margir kalla skemmtilegustu verslun landsins. Inn í þessa verslun koma allir viðskiptavinir brosandí, fullir tilhlökkunar.

Verslunin er velþekkt, hefur mikla sérstöðu en þarfnast þó ekki sérþekkingar á rekstri eða vörum. Frábært tækifæri fyrir duglegt, hugmyndafrítt fólk, sem er tilbúið að vera að nokkru á gólfinu til að byrja með en jafnframt að hugsa til framtíðar.

Góðir vaxtarmöguleikar hérlendis og mikil tækifæri erlendis.



Áhugasamir aðilar hafið samband við Jón Sch. Thorsteinsson hjá Arev með tölvupósti á póstfangið jst@arev.is. Vinsamlegast sendið upplýsingar um kaupanda ásamt símanúmeri.

Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Bankastræti 5,
s. 551 2500
101 Reykjavík

Tekjur Senu vegna viðburða nær tvöfölduðust í fyrra en félagið flutti inn Justin Timberlake á árinu: Sena hagnast um 144 milljónir

Viðsnúningur varð í rekstri Senu sem hagnaðist um 144 milljónir króna á síðasta ári en félagið tapaði 126 milljónum króna árið 2013.

Stærstur hluti tekna Senu er tilkominn vegna heildsölu eða 1,2 milljarðar af 2,7 milljarða rekstrartekjum. Fyrirtækið er rétthafi og dreifingaraðili fjölda innlendra og erlendra kvikmynda og tónlistar auk tölvuleikja hér á landi.

Tekjur Senu af rekstri kvikmyndahúsanna Smárabíós, Laugarásbíós og Háskólabíós námu 871 milljón króna.

Þá nær tvöfölduðust tekjur vegna viðburða milli ára og námu 330 milljónum króna en Sena flutti tónlistarmanninn Justin Timberlake til landsins í ágúst á síðasta ári.

Eignir Senu nema 1,1 milljarði króna og eigið fé 549 milljónum



KÓRINN Nær tuttugu þúsund manns voru viðstaddir tónleika Justins Timberlake í Kórnum á síðasta ári.

króna. Handbært fé frá rekstri nam 143 milljónum króna í fyrra. Þá kemur einnig fram í ársreikningi

félagsins að það hafi selt leikfangadeild sína fyrr á þessu ári en Sena hefur m.a. flutt inn Playmobil.



Undirritaður hefur um árabíl notið aðstoðar og þjónustu Kontakt við kaup á fyrirtækjum og rekstrareiningum. Þjónusta fyrirtækisins hefur verið fagleg, mjög lausnarmiðuð og reynst í alla staði vel.
- **Guðmundur Sigþórsson, framkvæmdastjóri Gler og brauta ehf.**

Tengslahópurinn er breiður og það eru ekki margir með þessa þekkingu og innsæi hér á landi. Hagfræðileg menntun í bland við persónuleika og eiginleika til mannlegra samskipta hafa oft skipt sköpum, grunar mig. Störf ykkar fyrir Set hafa verið unnin af alúð og vandvirkni.
- **Bergsteinn Einarsson, forstjóri, Set ehf.**

Við höfum nýtt okkur þjónustu Kontakt við leit að nýjum viðskipta tækifærum. Þau stýrðu flóknu samningaferli af miklu öryggi og fagmennsku og í ljósi þeirrar reynslu gefum við okkar bestu meðmæli.
- **Viðar Ólafsson, Verkis hf., viðskiptapróun.**

Ég hef átt í samskiptum við starfsmenn Kontakts í nokkur ár eða frá því að við seldum fyrirtækið 66°Norður. Ég gef Kontakt min bestu meðmæli þar sem heiðarleiki og fagmennska er höfð í fyrirrúmi.
- **Markús Örn Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Martex ehf.**

Reynsla okkar af samstarfi við Kontakt er mjög góð í gegnum árin. Þau hafa verið dugleg að finna tækifæri og lausnir sem hafa hentað okkur og eins hafa þau verið mjög nöskað að miðla málum þannig að báðir samningaðilar hafa gengið sáttir frá borði. Kontakt menn eru vel tengdir á markaðnum og tileinka sér traust og vönduð vinnubrögð. Við leitum því ítrekað til Kontakt þegar við erum að leita okkur að vaxtabroddum.
- **Ólafur Ó. Johnson, framkvæmdastjóri ÓJ&K og Sælkeradreifingar.**

Við höfum keypt fyrirtæki og rekstrareiningar inn í okkar fyrirtæki með aðstoð Kontakt fyrirtækjaráðgjafar. Þau eru fagmenn á sínu sviði og ráðagóðir samningamenn sem hugsa í lausnum. Helsti kostur þeirra er þó sá, að þau eru óþreytandi að koma með nýjar hugmyndir að fjárfestingum.
- **Stefán S. Guðjónsson, forstjóri John Lindsay hf.**

Kontakt veitti ráðgjöf við sölu á fyrirtæki mínu. Sú vinna einkenndist af traustum og heiðarlegum vinnubrögðum sem varð til þess að sölufélagið gekk vel og snurðulaust fyrir sig.
- **Vilmundur Jósefsson, frkvstj. og eigandi Gæðafæðis**

Ég hef notið margskonar ráðgjafar Kontakt ehf. varðandi sölu og kaup á fyrirtækjum. Allt frá rekstrartengdum málum, ráðgjöf í kaup- og sölufélagi, í samningagerð og í bókhaldslegu tilliti. Reynsla mín af samstarfi við Kontakt ehf. er mjög góð og verkefnið faglega unnin í hvívetna. Gef ég þeim mín bestu meðmæli.
- **Daði Hreinsson, (fyrrv. eigandi Cetus ehf.)**

Fyrirtæki okkar, 1912 og Kontakt hafa átt farsælt samstarf til margra ára. Traust og vönduð vinnubrögð hafa einkennt störf þeirra ásamt góðri næmni fyrir tækifærum sem kunna að myndast á markaði. Ég mæli með Kontakt.
- **Ari Fenger, framkvæmdastjóri 1912 ehf. (Nathan & Olsen).**

Ég hef átt góð samskipti við Kontakt árum saman og þau hafa reynst mér vel. Vinnubrögðin eru fagmannleg og mikil reynsla þeirra ómetanleg þegar kemur að fyrirtækjaviðskiptum.
- **Helgi Skúli Helgason framkvæmdastjóri, Íslandslyftur ehf.**

Kontakt annaðist sölu á fyrirtæki okkar fyrir nokkrum árum. Við höfum afar góða reynslu af lipurð og samskiptahæfni starfsfólks fyrirtækisins. Við myndum leita aftur til Kontakt ef við þyrftum aftur á slíki þjónustu að halda.
- **Inga Þyri Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Bjarkarhóls ehf.**

Ég hef átt farsæl og góð viðskipti við Kontakt bæði við sölu og kaup fyrirtækja. Öll okkar viðskipti hafa staðist mínar væntingar og gef ég þeim bestu meðmæli.
- **Bjarni Óskarsson, veitingamaður (Nings ehf).**

Ég naut ráðgjafar Kontakt þegar ég seldi fyrirtæki mitt, Vogabæ, fyrir nokkrum árum og svo aftur þegar ég keypti Kerfi ehf. Þjónusta Kontakt hefur verið til fyrirmyndar og ég mæli með þeim fyrir þá sem eru að hugleiða fyrirtækjaviðskipti.
- **Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kerfi ehf.**

We at North Landing Ltd. in New Jersey want to thank Gunnar Svavarsson at Kontakt for his professional work and great help buying back the shares of the company. This was a long process that required a lot of patience that paid out in the end when we concluded the matter successfully in April 2015.
- **North Landing Management**

Ég var viðskiptavinur Kontakt við sölu félags. Við samningagerð reyndust þau næm á stöðu mála og tillögugóð á kritískum augnablikum. Mér er ljúft að mæla með Kontakt ehf. Heiðarlegt drengskaparfólk í viðskiptum.
- **Auðun Óskarsson, Trefjar ehf.**

Á undanförunum árum hef ég og fyrirtæki á mínum vegum gert fyrirtækjaviðskipti með milligöngu Kontakt fyrirtækjaráðgjafar. Í öllum tilfellum hafa hlutir gengið hnökralaust fyrir sig og Kontakt unnið sín störf af nákvæmni og fagmennsku. Ég get með góðri samvisku mælt með Kontakt.
- **Herluf Clausen, cand. oecón., kaupskýslumaður.**

ORÐSPOR

Hjá KONTAKT starfa sérfræðingar með mikla reynslu í fyrirtækjaviðskiptum og hafa þeir í áraraðir komið að eigendaskiptum á hundruðum fyrirtækja. Ummæli ánægðra viðskiptavina segja sína sögu.

Ef þú ert kaupandi, þá vitum við af mörgum fyrirtækjum sem kunna að vera fáanleg. Að sama skapi er mikill fjöldi kaupenda í leit að fjárfestingartækifærum í sambandi við okkur.

Skoðu fleiri ummæli og fjölda góðra fjárfestingarkosta á heimasíðu okkar.

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

www.kontakt.is

Stjórnvöld eru meðvituð um vandann

Stjórnvöld eru meðvituð um það hversu seint Íslendingum gengur að innleiða löggjöf Evrópusambandsins. Ástæðurnar fyrir töfunum eru einkum fjórar en mjög ólíkar. Lektor í lögfræði segir að staðan sé að skána.

Stjórnvöld eru meðvituð um hversu seint gengur við upptöku á löggjöf Evrópusambandsins og innleiðingu í íslensk lög og að við því þurfi að bregðast. Þetta segir Margrét Einarsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Margrét starfar með stýrihópi um framkvæmd EES-samningsins sem forsætisráðuneytið skipaði í fyrra. Hún hefur að auki skrifað grein um innleiðingarhallann.

Margrét segir í samtali við Markaðinn að íslenska ríkið standi frammi fyrir tvenns konar verkefnum vegna aðildar sinnar að Evrópusambandinu. Annars vegar að taka upp í EES-samninginn löggjöf sem stofnanir Evrópusambandsins hafa sett, en löggjöfin getur bæði verið tilskipanir og reglugerðir. Hins vegar, þegar búið er að taka löggjöfina upp í samninginn, þá þarf að innleiða löggjöfina í íslenskan rétt.

Margrét segir að á árunum 2000 til 2010 hafi gengið ágætlega við upptöku löggjafarinnar, en það hafi farið að halla undan fæti frá árinu 2011. „Það eru örugglega margar ástæður fyrir þessu en það sem ég bendi á og tel vera stóran hluti af ástæðunni er í fyrsta lagi efnahagshrunið árið 2008. Í kjölfarið stendur stjórnvöldum frammi fyrir niðurskurði, bæði hér heima og í Brussel. Svo er mikið af verkefnum sem voru afleiðingar hrunsins

„ Af þessum 28 ESB ríkjum og svo EES-ríkjunum erum við að standa okkur verst. Þannig að það er langt í land.

og stjórnsýslan þurfti að sinna. Í öðru lagi var, í þessu upptökuferli, farið að hafa aukið samráð við Alþingi. Það er jákvætt að mörgu leyti en lengir tímann sem þetta upptökuferli tekur,“ segir Margrét.

Þriðja ástæðan sem Margrét nefnir er lýðræðishalli sem er innbyggður í EES-samninginn. „Við erum að taka upp í EES-samninginn og inn okkar landsrétt löggjöf sem við höfum litla möguleika á að hafa áhrif á. Þegar svo kemur að því að taka þessa löggjöf upp í samninginn og innleiða í landsrétt þá þarf að vera meiri sátt um að þetta er staðan,“ segir Margrét og vísar þar í þennan lýðræðishalla. Margrét segir að það hafi farið fram meiri umræða um þennan þátt í Noregi.

Fjórdi ástæðan sem Margrét nefnir er stjórnskrárvandinn. „Íslenska stjórnskráin hefur ekkert ákvæði sem heimilar fram-



MIKILVÆGUR SAMNINGUR Margrét bendir á að mikil umræða hafi farið fram um mögulega aðild að Evrópusambandinu. Það skipti ekki síður máli að fram fari umræða um hvernig við leggjum rækt við EES samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sal á valdi til alþjóðlegra stofnana og þetta hefur á undanförunum árum skapað vandamál. Það hefur alltaf öðru hvoru komið upp löggjöf sem við þurfum að taka upp í EES-samninginn en hefur verið vafi á hvort standist stjórnskrárána. Þessi staða hefur valdið töfum á upptöku löggjafarinnar. Og það eru vísbendingar um að þetta vandamál eigi eftir að verða meira

í framtíðinni,“ segir Margrét.

Margrét ítrekar að staðan sé að skána. Innleiðingarhallinn hafi verið 3,2 prósent í fyrra en núna sé hann 2,8 prósent. Það er að í ár eru Íslendingar ekki búnir að innleiða um 2,8 prósent af þeim tilskipunum sem þeir eiga að vera búnir að innleiða. Markmið Evrópusambandsins er að þessi halli sé ekki meiri en eitt prósent. Með-

alhallinn í ESB-ríkjunum er 0,5 prósent og það er bara eitt ríki, Slóvenía, sem er með meira en eitt prósent innleiðingarhalla. „Af þessum 28 ESB-ríkjunum og svo EES-ríkjunum erum við að standa okkur verst. Þannig að það er langt í land,“ segir Margrét. Noregur er í tveimur prósentum og stendur sig líka illa. jónhakon@frettabladid.is



Fisléttar og fellanlegar FÁNASTANGIR

PIRATBYNA & SÍA



Formenta-fánastangirnar eru léttar glertrefjastangir sem hægt er að fella þegar illviðri ganga yfir.

- Sex, sjö og átta metra stangir
- Ekkert viðhald
- Gylltur húnn setur glæsilegan svip á stöngina
- Snúningstoppur svo fáninn snúist síður um stöngina
- Fánalína, línufesting og festingar fylgja



LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1
Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3
Sími 460 3630

OPIÐ

Mán.-fös. 10-18
Lau. 10-16

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Hagfræðingur telur mikilvægt að vextir verði lækkaðir hér á landi:

Segir hátt vaxtastig valda síðri lífsskjörum

Viðvarandi herra vaxtastig hér á landi miðað við í nágrennalöndum kemur niður á samkeppnishæfni fyrirtækja, ýtir undir verðbólgu og gengissig sem kemur niður á lífsskjörum og dregur úr kaupmætti launa. Þetta er niðurstaða rannsókna Jóns Helga Egilssonar, doktorsnema í hagfræði við Háskóla Íslands og varaformanns bankaráðs Seðlabanka Íslands.

Jón Helgi segir að sé fjármagnskostnaður hærri á Íslandi miðað við helstu viðskiptalönd valdi það hærri framleiðslukostnaði sem þurfi þá með einhverjum hætti að bæta upp og líklegt sé að það sé í formi lægri launa.

„Hærri framleiðslukostnaður kemur fram í herra verðlagi sem dregur úr samkeppnishæfni innlendra aðila. Ein afleiðing þess er minni útflutningur og meiri innflutningur sem veikir gengi krónunnar sem aftur leiðir af sér verðbólgu og skertan kaupmátt,“ segir Jón Helgi.

Samanburður á kaupmætti milli landa valdi kröfu um áþekk laun og í nágrennalöndunum að hans sögn. Sé gengið að þeim kröfum við óbreytt vaxtastig valdi það frekari verðbólgu og gengisfellningu segir Jón Helgi.



JÓN HELGI EGILSSON Varaformaður bankaráðs Seðlabankans segir mikilvægt að þeir sem sitji í Peningastefnunefnd átti sig á skaðsemi herra vaxtastigs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá bætir Jón Helgi við að ef það þurfi að bæta upp hærri fjármagnskostnað með lægri launum geti það stuðlað að því að ungt og vel menntað fólk flytji úr landi. Aðilar sem séu tilbúnir að sætta sig við lægri kaupmátt flytji þá frekar til landsins. „Það stuðlar þá að því að hér sé byggt upp láglaunaland,“ segir Jón Helgi.

Jón Helgi segir mikilvægt að þeir sem fari með stjórn peningamála hér á landi átti sig á afleiðingum viðvarandi herra vaxtastigs. „Aðalatriðið er að menn skilji skaðsemi af því að viðhalda herra vaxtastigi og fikri sig þá í átt að nýju jafnvægi með lægra vaxtastigi,“ segir Jón Helgi. -ih

Stjórnendur Deutsche Bank íhuga framtíð bankans eftir kosningar:

Yfirgefa hugsanlega Bretland

Deutsche Bank hefur sett á fót vinnuhóp til að kanna hvort rétt sé að færa hluta af breskum einingum bankans til Þýskalands, ef Bretland fer úr Evrópusambandinu.

BBC hefur eftir talsmanni bankans að hópurninn hafi verið fullmyndaður



DAVID CAMERON

en engar ákvarðanir teknar um starf hans. David Cameron, forsætisráðgjafi Bretlands, hefur lofað að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Bretlands í Evrópusambandinu.

Um 9.000 manns starfa hjá bankanum í Bretlandi. -jhh

Afmælistónleikar

19. september 2015

MAGGI EIRÍKS

70 ára

Reyndu aftur

Braggablús

Elska þig

Vegurinn heim

Samferða

Ó, þú

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samfið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar. **Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.**

Miðasala hefst 21. maí kl. 10:00
harpa.is | 528 5050 | tix.is



HARPA

DÆGURFLUGAN



Í GÓU Helgi Vilhjálmsson hefur rekið fyrirtæki sitt allt frá árinu 1968, árið 1980 opnaði hann svo KFC-stað og hefur nú bætt Pizza Hut við. Verksmiðja og skrifstofur fyrirtækisins eru í nýlegu húsnæði í Garðahrauni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ungt fólk fái skyndilán fyrir útborgun

Helgi Vilhjálmsson í Góu er enn að færa út kvíarnar þrátt fyrir að hafa verið í rekstri í tæp fimmtíu ár. Í samtali við Markaðinn ræðir hann um lífeyrissjóðina, kaupin á Pizza Hut og þá erfiðu lífsreynslu að missa sína nánustu.

VIÐTAL
 Jón Hákon Halldórsson
 jonhakon@frettabladid.is



Helgi Vilhjálmsson hefur rekið seldgættisverksmiðjuna Góu frá 1968 og byrjaði með Kentucky Fried Chicken árið 1980. „Maður byrjaði ungur að bjarga sér, af því að það var ekkert annað í boði,“ segir Helgi. Á þessum tíma hafi ekki verið neinar atvinnuleysisbætur. „Þá hefði kannski þurft

að hafa atvinnuleysisbætur, en ekki í velmeguninni eins og hún er orðin í dag,“ segir hann.

Helgi ólst upp í braggahverfinu í Kamp Knox. „Og ég er bara hreykinn af því. Ég er Vesturbæingur og ólst þar upp,“ segir Helgi. „Eins og ég segi við alla, þá var bara gaman á þeim tíma. Þá voru krakkar úti að leika. Nú er enginn úti að leika, það eru allir úti í horni. Ég verð að segja að þessi æska hafi verið mjög skemmtileg,“ segir Helgi.

Eldra fólk fái húsnæði
 Málefni lífeyrissjóðanna eru

Helga Vilhjálmssyni hugleikin og um leið og hann tekur á móti mér í húsnæði Góu í Garðahrauni fær hann mér í hendur litla möppu með upplýsingum um þetta áhugamál sitt. Þar er fremst frumvarp frá þingvetrinum 2010-2011 um heimild lífeyrissjóða til að eiga og reka húsnæði. Helgi vill að lífeyrissjóðirnir taki að sér að byggja og reka húsnæði fyrir fólk sem er komið á efri ár og vill minnka við sig húsnæðið.

„Ég er mjög hrifinn af lífeyrissjóðakerfinu og það er nauðsynlegt,“ segir Helgi. En hann hafi

farið að velta kerfinu fyrir sér þegar pabbi hans var orðinn aldradur maður. „Þá þurfti ég að heimsækja hann nokkrum sinnum. Og þá fór ég að stúdera þessa aðstöðu og þá kviknaði á perunni hjá mér,“ segir Helgi. Helgi segist hafa velt því fyrir sér hvað lífeyrissjóðirnir væru að gera í húsnæðismálum og komist að því að þeir væru hreint ekki að gera neitt. Hann sýnir mér teikningar af litlum, um það bil þrjátíu fermetra íbúðum sem hann telur að væri hægt að byggja fyrir eldra fólk. Og þá geti eldra fólk búið saman í návist við hvert annað og haft félagsskap af hvert öðru. Hann vísar í skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði að beiðni hans sem sýnir mikinn stuðning svarenda við hugmyndir hans. „Ég er búinn að láta gera könnun þar sem fólk sagði 75 prósent já. Og er það ekki helvíti mikið?“ spyr hann.

inn Eddu, en á sama tíma fallist þeir ekki á hugmyndir hans. „Mér finnst það mjög skrítið,“ segir hann.

Helgi segist ekki hafa talað mikið um málefni lífeyrissjóðanna upp á síðkastið, en hugsanlega verði breyting á. „Ég fór nú kannski aðeins úr sambandi af því að ég missti son minn og konuna og ég fer nú kannski að æsa mig aftur. En mér sýnist blaðamenn vera farnir að hafa meiri áhuga á þessu,“ segir Helgi.

En hver eru stóru verkefni hjá ykkur núna. Hvað er framundan?

Helgi og fjölskylda hans keyptu nýlega Pizza Hut á Íslandi og munu því reka staðinn samhliða KFC og Taco Bell. „Við bættum þessu í flotann hjá okkur af því að þetta er sama fyrirtækið úti í Ameríku. Þeim fannst kannski best að þetta færi hingað. Framundan er að láta hjólin snúast og spýta í lófana. Bæta við nokkrum stöðum,“ segir Helgi. Hann býst við að verða kominn með einn stað til viðbótar síðar á árinu. „En tíminn fýkur frá manni og við erum að átta okkur á þessu þarna í Smáralindinni. Það er mjög gaman að því. Það er gott fólk þarna og ýmislegt er mjög gott,“ segir hann. En hann er ekki búinn að ákveða hvar næsti staður verður. „Við höfum nú dálítið mikið á okkur könnu og svo eru verkföll og það setur allt strik í reikninginn,“ segir hann.

Unga fólk með ómetanlega orku

En Helgi vill líka að hægt verði að nýta lífeyrissjóðina til að byggja upp fyrir unga fólk. „Ef ég stjórnaði lífeyrissjóði þá myndi ég þefa uppi fólk 25 ára plús, ungt fólk sem væri að berjast, og ég myndi segja að ég vildi hjálpa því að fá skyndilán fyrir útborgun. Það á enginn þrjár, fjórar eða fimm milljónir. Við skulum bara gleyma því. En unga fólk hefur orku og hún er ómetanleg,“ segir Helgi. Það ætti því að vera hægt að láta fólk hafa skyndilán til tíu ára, gefa því kost á að vinna fyrir því og þannig væri hægt að létta undir með folki.

Hann bendir mér á frétt um að lífeyrissjóðirnir hafi keypt hlut í Domino's í gegnum framtakssjóð-

Verkföll tilheyr fortíðinni

Helgi segir að verkföll eigi að tilheyr fortíðinni, en neitar því ekki að lægstu laun séu of lág. „En hvar eru verkalýðsfélögin búnin að vera

Nilfisk ALTO
works for you

Háprýstidælar, ryk- og vatnssugur
- á sumartilboði

C120.6-6 háprýstidæla
Handhæg og nett háprýstidæla, fyrir öll minni verk.
Vnr. 128470359

C130.1-6 X-tra háprýstidæla
Fyrir þá sem vilja aðeins öflugri háprýstidæla.
Vnr. 128470251

E140.3-9 X-tra háprýstidæla
Öflug dæla fyrir þá kröfuhörðu. Á húsið, bílinn og stéttina.
Vnr. 128470505

Tilboð frá 10.875kr.

Buddy II 12
Lítil og nett ryk- og vatnssuga
Vnr. 18451119

Buddy II 18
Öflug ryk- og vatnssuga, 18 lítra tankur.
Vnr. 18451134

P150.2-10 X-tra háprýstidæla
Þessi er kraftmikil og hentur fyrir minni fyrirtæki, bændur, stóra bíla, vinnuvélur o.fl.
Vnr. 128470132

Rekstrarvörur
- fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Gengið í Ölpunum
Hjónin Guðrún Harpa og Erlendur hafa gengið Tour du Mont Blanc-hringinn í Ölpunum síðustu tvö ár og stefna á þriðju ferðina í ár.
SÍÐA 2

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

★★★★ Amerísk gæðavara

★★★★ Amerísk gæðavara

GLINOR: NÝR NEFÚÐI VIÐ OFNÆMI

LYFIS KYNNIR Glinor, nýjan nefúða frá Ratiopharm við ofnæmisbólgu í nefi. Fæst á góðu verði án lyfseðils í næsta apóteki.

Glinor-nefúði inniheldur virka efnið natriumcromoglicat, efni sem hindrar losun bólgueyðandi boðefna

LYFIS
Traust í lyfjum


eins og histamíns,“ segir Hákon Steinson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar.“

Þetta er í fyrsta skipti sem slíkur nefúði fæst án lyfseðils á Íslandi en LYFIS hefur unnið markvisst að því að auðvelda aðgengi landsmanna að lyfjum sem áður hafa einungis fengist gegn lyfseðli.

Glinor er notað við ofnæmisbólgu í nefi en algeng einkenni hennar eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla. Lyfið er ætlað fyrir fullorðna og börn, allt niður í 4 ára aldur. Skammtur fyrir fullorðna og börn er einn úðaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. Glinor-nefúðinn veldur ekki syfju.

Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stuttu samantekt um lyfið má sjá hér meðfylgjandi.

Glinor nefúði fæst án lyfseðils í apótekum



salcura Náttúruleg húðmeðferð í úðaformi

Þjáist þú af **sveppasýkingu** eða **þurrki** í slímhúð?

Topida Intimate Hygiene Sprey er sérlega áhrifaríkt við sveppasýkingu, kláða, særindum eða þrusku í slímhúð.

Helga Torfadóttir mælir hikaust með Topida Intimate Hygiene Sprey.

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULLBYLGJAN

ratiopharm

EINKENNI OFNÆMISBÓLGU Í NEFI:

- Hnerri
- Nefrennsli
- Kláði í nefi
- Nefstífla



EINKENNI Algeng einkenni ofnæmisbólgu í nefi eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla.

ÚÐI

„Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar.“

NEFÚÐI Glinor-nefúði við ofnæmi er ætlaður fyrir fullorðna og börn allt niður í 4 ára aldur.

Notkunarsvið: Glinor nefúði inniheldur natriumcromoglicat og er ætlaður við ofnæmisbólgu í nefi. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir natriumcromoglicati, benzalkonklóríði eða einhverju hjálparefna. **Varúð:** Innihaldsefnið benzalkonklóríð getur valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstgjöf:** Engin skadleg áhrif á fóstur hafa komið fram við notkun natriumcromoglicats. Engu að síður skal forðast notkun á fyrsta þriðjungi meðgöngu og einungis skal nota lyfið á seinni stigum meðgöngu ef þörf er á. Natriumcromoglicat skilist í litlu magni út í brjóstamjólk. Þessi útskiðnaður er sennilega skadlaus en einungis skal nota lyfið hjá mæðrum með barn á brjósti ef þörf er á. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn, 4 ára og eldri: Einn úðaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. **Algengustu aukaverkanir:** Ertung í nefslímhúð getur komið fram í upphafi meðferðar en þessi áhrif eru skadlaus og tímabundin. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Júlí 2014.

Vítamín, steinefni og ensím frá **natures aid**

Vitamin B Complex 100 Frábær flugnafæla
Öflug B-vítamín blanda. Tekur þátt í að nýta orku úr fæðunni Gott við streitu, orkuleysi, depurð og pirringi. Virkar fælendi á flugur.

Chromium Picolinate 200µg Element Við sykurþörf
Króm getur jafnað blóðsykurinn og dregið úr sykurlöngun. Einföld leið til að losna við sykurþúkann.

Digestive Enzyme Complex Auðveldar meltingu
Meltingarensím sem hjálpa okkur að melta fæðuna án aukaverkana. Inniheldur Lactasa sem brýtur niður laktósa í mjólkurvörum.

Natural Source Vitamin E Oil 20.000iu Náttúruleg E-vítamín olía
Frábær á slit, ör og exem. Græðandi og mykjandi. Ver húðina fyrir öldrun. Notist bæði inn- og útvortis

Sölustaðir: Lyf og heilsa, Apótekarinn, Gamla apótekið, Lyfsalinn, Lyfjaver-Heilsuver, Apótek Garðabæjar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Borgarapótek og í heilsuhillum verslana.

Margverðlaunuð vítamínína

GMP vottaðar vörur

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitarar

Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu
sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ
sem býður auglýsendum að
kynna vörur og þjónustu í formi
viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig
hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir
Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir,
bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson,
jonivar@365.is, s. 512 5429

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



FRÁBÆR GÖNGUFERÐ Erlendur og Guðrún Harpa hafa gengið Tour du Mont Blanc-hringinn tvö undanfarin sumur. Hér eru þau í Val Ferret-dalnum í Sviss.

SINFÓNÍUR Í BERGMÁLI FJALLANNA

GENGIÐ Í ÖLPUNUM Hjónin Guðrún Harpa og Erlendur hafa gengið Tour du Mont Blanc-hringinn í Ölpunum síðustu tvö ár og stefna á þriðju ferðina í ár.

Sífelld fleiri Íslendingar kjósa að eyða sumarleyfum fjarri sólarströndum og iðandi stórborgum og velja í stað þess sumarleyfi sem innihalda spennandi gönguferðir, fjallaklifur, hjólaferðir eða aðra hreyfingu í fallegu umhverfi. Meðal þeirra eru hjónin Guðrún Harpa Bjarnadóttir og Erlendur Pálsson sem hafa stundað mikið gönguferðir og fjallgöngur héraðs undanfarin ár.

Á síðustu árum hafa þau horft út fyrir landsteinana þegar kemur að gönguferðum enda segja þau freistandi að ferðast í hlýrra loftslagi og öðruvísi krefjandi umhverfi. „Það er ekki langt síðan að það voru bara sérvitringar sem vildu eyða fríinu sínu í krefjandi hreyfingu. Nú fara margir Jakobsstíginn á Spáni gangandi eða á hjóli, ótrúlegur fjöldi er búinn að fara á topp Mont Blanc og Kilimanjaro svo dæmi séu tekin og fjallaferðir til landa eins og Tyrklands og Marokkós verða æ vinsælli,“ segir Guðrún.

Guðrún og Erlendur hafa tvisvar sinnum gengið hringinn í kringum Mont Blanc sem er hæsta fjall Vestur-Evrópu. Gangan, sem heitir Tour du Mont Blanc, er ein elsta merкта gönguleið í Evrópu og nær til Ítalíu, Frakklands og Sviss. „Hringurinn í kringum fjallgarðinn er um 165 kílómetrar með um 9.000 metra samanlagðri hækkun. Við undirbyggjum okkur í þrjú ár undir fyrstu ferðina sem við fórum með vinahjónum okkar árið 2013. Þá gengum við í ellefu daga sem er algengasti gönguhraðinn. Allt gekk upp og við heilluðumst gjórsamlega af náttúrunni, mannlífinu og matnum. Við ákváðum því að fara aftur ári síðar og nú sem fararstjórar fyrir tólf manna hópi,“ segir Erlendur.

EIN Í HEIMINUM

Ferðin hófst í Chamonix í Frakklandi og er fyrsti hlutinn fjórir dagar þar sem gist er í fjalla-skálum á leiðinni. „Á þriðja degi fórum við yfir landamærin til Ítalíu og tóku flestir andköt þegar við komum upp í fjallaskarðið



HRESS Á FJÖLLUM Hópurinn sem gekk með Guðrúnu Hörpu og Erlendi síðasta sumar.



HVÍTA FJALLID Næstsíðasti dagur ferðarinnar og farið að sjást í mark. Hvítu tindurinn er Mt. Blanc.

þar sem landamærin liggja. Þá blasir Mont Blanc-tindurinn við eftir að hafa verið í hvarfi fyrstu tvo dagana. Á fjórða degi erum við kominn til Courmayeur á Ítalíu þar sem tekinn er einn hvíldardagur og gíst í tvær nætur á góðu hóteli. Þaðan er gengið í þrjá daga til Champex í Sviss þar sem er tekinn seinni hvíldardagur og frá Champex eru fjórir göngudagar aftur til Chamonix þar sem hringnum er lokað.

Gengið er á þéttum göngustígum í um 15 kílómetra á dag sem nemur einni til tveimur Esjum í hækkun. „Maturinn er oftast ákaflega góður. Hádegismaturinn var oft gómsætar eggjakökur, ostaréttir eða kartöflugratin og ískaldur bjórinn er hvergi meira

svalandi en í 2.000 metra hæð yfir sjávarmáli.“

Hátt í 20.000 manns ganga þessa leið árlega og þar hittist fólk frá öllum heimshornum sem þrátt fyrir ólíka menningu sameinast um þetta áhugamál sem fjallamennskan er. „Flestir ganga sama hringinn, þ.e. rangsælis umhverfis fjallgarðinn. Þó margir séu á ferðinni erum við á köflum alveg ein í heiminum en rekumst svo oft á sama fólkið í skálunum að kvöldi. Á nokkrum stöðum á leiðinni göngum við í gegnum beitahólf þar sem kúabjöllurnar spila ótrúlegar símfóníur í bergmáli fjallanna og okkur finnst eins og Heiða og afi hennar hljóti að birtast bak við næsta hól.“

■ starri@365.is

Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.



Fjölbreytt og skapandi námskeið
fyrir krakka á aldrinum 7-16 ára



< Tækni >

< Sköpun >

< Forskot til framtíðar >

< Jákvæðni >

< Skráning í fullum gangi >
www.skema.is

< Frumkvæði >

Nánari upplýsingar og skráning

< skraning@skema.is | TækniSETUR Skema, Stíðumúli 23 | 562-2200 >

365

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU
Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



VÖRUBÍLAR

& VINNUVÉLAR

Kynningarblað

Afhenda stærstu beltavél á Íslandi

Klettur – sala og þjónusta ehf. er þjónustufyrirtæki sem sinnir flutninga-, stóriðju- og vinnuvélagéiranum ásamt sjávarútvegi og fiskvinnslu. Fyrirtækið er meðal annars með umboð fyrir Caterpillar-vinnuvélar og Scania-vörubifreiðar söluhæstu vörubifreiðar landsins. Klettur afhenti á dögnum stærstu beltagröfu sem flutt hefur verið inn til landsins frá hrúni.

Pað er stígandi í markaðnum. Bæði er aukning í sölu á smávélum, gröfum og í AUSA fjölnotavélum en þessar vélar eru mikið notaðar í lóðavinnu, garðyrkju og við minni framkvæmdir. Þá vorum við að afhenda verktakafyrirtækinu LNS Sögu 53 tonna beltavél, Caterpillar 349, Stærstu beltagröfu sem flutt hefur verið inn til landsins frá hrúni. Einnig hefur verið góð sala á Scania-vörubifreiðum og sérhæfum við okkur í að bjóða viðskiptavinum heildarlausn varðandi bíl og ábyggingu, segir Bjarni Arnarson, sölustjóri Kletts hf.

Breitt úrval vinnuvéla og rafstöðva

Klettur hf. býður allar gerðir vinnuvéla, smáar sem stórar en fyrirtækið fagnar tuttugu ára samstarfi við Scania á þessu ári.

„Við tókum við umboðinu árið 1995 og höfum verið leiðandi á markaðnum síðastliðin fimmtán ár,“ segir Bjarni.

Helstu vörumerki Kletts eru Caterpillar-vinnuvélar, -aflvélar, -rafstöðvar og -lyftarar, Scania-vörubifreiðar, -hópbílar, -bátavélar og -rafstöðvar, Ingersoll- og Rand-iðnaðarloftpressur og AUSA-fjölnota vélar.

„Við erum einnig umboðsaðili fyrir Pramac, en þeir framleiða minni rafstöðvar fyrir verktaka og bændur. Þær eigum við á lager í töluverðu úrvali, allt frá 2 kílóvöttum og upp úr.“

Bakvakt allan sólarhringinn

„Verkstæði okkar er það öflugasta á landinu. Um 65 manns starfa hjá Kletti og yfir þrjátíu manns starfa við þjónustu á verkstæðum, að auki sinna fjórtán manns hjólbarðadeildinni,“ segir Bjarni.

„Við bjóðum upp á sólarhringsþjónustu en hjá okkur eru menn á bakvakt allan sólarhringinn í hjólbarðþjónustunni og í vörubílum og vinnuvélum. Verkefni manna þurfa því aldrei að stöðvast algjörlega þó eitthvað bili.“

Þar að auki erum við með tíu þjónustubíla og einnig þjónustuumbod á Akureyri, Egilsstöðum, Sauðárkróki og á Ísafirði.“

Nánari upplýsingar á www.klettur.is



Snorri Arnason afhendir Herði Jónssyni hjá verktakafyrirtækinu Lás ehf á Bildudal tvær vélar, Caterpillar 312 EL og 301.7D

MYND/KLETTUR



Bjarni Arnarson sölustjóri Kletts afhendir Ólafi Sölvassyni rekstrarstjóra véladeildar hjá LNS Sögu, 53 tonna beltavél, þá stærstu sem flutt hefur verið inn til landsins frá því fyrir hrún.



Klettur fer með umboð Pramac-rafstöðva. Rafstöðvarnar eru til á lager frá 2 kílóvöttum og upp úr.

Goodyear hjólbarðar sem hægt er að treysta á!

MAXAM
ENGINEERED IN EUROPE

DEKK FYRIR VINNUVÉLAR

NÝTT

KLETTUR

NÝTT DEKKJAVERKSTÆÐI

Klettagöðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590 5100 | Suðurhrauni 2b | 210 Garðabær | Sími: 590 5290 | www.klettur.is

Býður nýjar og nýlegar vinnuvélar og vörubíla auk úrvals varahluta

Jötunn er eitt þekktasta fyrirtækið á sviði innflutnings hér á landi, stofnað í maí 2004. Starfsfólkið hefur víðtæka þekkingu á þessu sviði og finnur greinilega aukna þörf fyrir endurnýjun á vinnuvélum og tækjum. Ýmsar nýjungar eru í boði hjá fyrirtækinu.

Á síðasta ári opnaði Jötunn deild í Garðabæ sem sérhæfir sig í sölu véla og tækja fyrir verktaka, sveitarfélög og græn svæði. Baldur Þórarinnsson er sölustjóri þessarar deildar en hann segir að Jötunn hafi ákveðið að hefja innflutning og umboðssölu vinnuvéla og vörubíla til að mæta vaxandi eftirspurn meðal viðskiptavina.

Jötunn er best þekktur fyrir þjónustu við landbúnað og bændur, enda býður fyrirtækið upp á mikið úrval véla og tækja frá fjölda leiðandi framleiðenda í heiminum. Meðal þeirra eru þekkt merki á borð við Massey Ferguson- og Valtra-dráttarvélnar sem hafa undanfarn ár verið með um 50% markaðshlutdeild hér á landi. Jötunn rekur verslanir á Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum auk deildarinnar í Garðabæ.

„Markmið okkar er að bjóða trausta og markvissa þjónustu sem styður uppbyggingu og árangur viðskiptavina okkar í krefjandi umhverfi dagsins í dag. Við finnum vel fyrir því að verktakastarfsemin er vöknud á ný eftir mikla dýfu í hruninu. Það er þörf á góðum, nýlegum vörubílum og vinnuvélum

um sem við viljum mæta. Nýlegar vinnuvélar voru seldar úr landi í hruninu og því lítið til af tækjum sem eru yngri en árgerð 2008. Við bjóðum viðskiptavinum kaup eða sölu þessara tækja í þeirra umboði. Við kaupum vinnuvélar og vörubíla eftir óskum viðskiptavina en einnig til að eiga á lager til að viðskiptavinir geti skoðað tækin með eigin augum í stað mynda,“ segir Baldur. „Við erum í sambandi við trausta aðila erlendis til að fá bestu og þekktustu tækin.“

Baldur segir að markmiðið sé að auka þjónustusviðið enn frekar. „Við erum að hefja hér varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar með innflutningi á bæði nýjum og notuðum varahlutum. Það er liður í að styðja við endurveisn verktakastarfseminnar en við höfum tekið eftir að bæði eru gamlgróin fyrirtæki að byggja sig upp á nýjan leik og ný fyrirtæki að stíga sín fyrstu skref. Þrátt fyrir að ekki sé mikið um stórframkvæmdir á Íslandi sem stendur þá er engu að síður talsverður vöxtur í byggingariðnaði og alls kyns smærri framkvæmdum fyrir bæði opinbera aðila og einstaklinga,“ segir Baldur.



Baldur Þórarinnsson sölustjóri: „Markmið okkar er að bjóða trausta og markvissa þjónustu sem styður uppbyggingu og árangur viðskiptavina okkar í krefjandi umhverfi dagsins í dag.“

MYND/STEFAN

Vinnuskúrar aftan í jeppa

„Meðal annarra nýjunga má nefna vinnuskúra á hjólum aftan í jeppa eða vörubíla,“ segir Baldur. „Kröfur um aðbúnað á vinnusvæðum eru alltaf að aukast og vinnuskúrnir, sem eru framleiddir af danska fyrirtækinu Scavogn, koma þar sterkir inn. Innflutningur þessara vagna er reyndar ekki alveg nýr af

nálinni en Jötunn seldi nokkra slíka vagna hérlendis á árunum 2004-2007 sem hafa reynst mjög vel.

Vagnarnir eru framleiddir eftir óskum hvers og eins en algengast er að í þeim sé fullbúin kaffi og salernisaðstaða auk verkfærarýmis. Salernin er hægt að fá þannig útbúin að frá þeim er lögð 1“ leiðsla allt upp í 50 metra í næsta holræsi eða

rotþró. „Við finnum reyndar núna fyrir auknum áhuga á vinnuskúrum með svefnaðstöðu enda orðið mjög erfitt og dýrt að fá gistingu að sumrinu fyrir vinnuflokka sem eru á ferðinni um landið,“ sagði Baldur að lokum.

Skoða má úrvalið og kynna sér framboðið á heimasíðunni vinnuvelar.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, s. 512-5429, jonivar@365.is Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



Indespension
kerrur

Í MIKLU ÚRVALI

Club Car

Götuskráðir vinnubílar frá Club Car bæði rafmagns og diesel.


Bigab
krókheysisvagnar

Bigab krókheysisvagnar fyrir dráttarvélar í stærðum frá 4 – 27 tonn.

Scanvogn vinnuskúrar
á hjólum

Scanvogn er gamlgróin framleiðandi af vinnuskúrum á hjólum sem bæði býður staðallausrir og sérsmiði í lengdum frá 2m til 9m. Vagnarnir eru smíðaðir í Danmörku og uppfylla ströngustu kröfur til búnaðar og frágangs. Í veggjum og þaki vagnanna eru samlokueiningar með góðri einangrun.

Á árunum 2004-2007 voru fluttir inn á vegum Jötuns nokkrir vagnar og er reynslan af þeim mjög góð.



Inna skipulag vagnanna getur verið algerlega eftir óskum viðskiptavina. Algeng uppsetning er að í vögninum sé kaffiástaða, þvottaástaða og salerni en auk þess eru oft útbúnaðar læstar verkfæragæymslur og svefnaðstaða í vagnanna.



Sérhæfing í bíla- og tækjafjármögnun

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans (B&T) sérhæfir sig í fjármögnun til fyrirtækja og einstaklinga á hvers kyns farartækjum, til dæmis við kaup á nýjum og notuðum bílum, mótörhjóllum, ferðavögnum og öðrum vélum og atvinnutækjum. Helga Friðriksdóttir, forstöðumaður B&T, segir Landsbankann byggja sérstöðu sína á þekkingu starfsmanna og góðum kjörum til viðskiptavina sinna.

Helga segir margt hafa breyst í útlánastarfsemi á síðustu árum, sérstaklega hefur sveigjanleiki aukist og viðskiptavinir hafa því mun meira val en áður. „Nú geta einstaklingar valið á milli óverðtryggðra bílalána eða bílasamninga á breytilegum eða föstum vöxtum. Lánshlutfall getur verið allt að 80% af kaupverði og lánstími 7 ár en það fer þó eftir ástandi og aldri farartækisins. Einstaklingar eru í auknum mæli að kjósa hefðbundin bílalán. Fyrirtækjum bjóðast sérhæfðari vörur svo sem rekstrarleiga og birgðafjármögnun nýrra og notaðra bíla. Lánshlutfall og lánstími í fyrirtækjafjármögnun getur verið breytilegur eftir aðstæðum og vörum enda er líftími atvinnutækja mismilangur. Afborganir geta tekið mið af árstíðabundnum sveiflum í rekstri þannig að við teljum okkur vera að bjóða viðskiptavinum okkar mjög góða vöru. Fyrirtækin eru yfirleitt að taka hefðbundna kaupleigusamninga.“

Helga segir að vextir séu mismunandi eftir vörum og viðskiptasambandi. Vörðufélagar fá t.d. betri kjör sem þýðir að bæði vextir og lántökugjöld eru þá lægri. „En þjónustan er líka stór hluti af tilboðinu og ákvarðanir um fjármögnun þurfa að byggjast á faglegu mati sem við getum aðstoðað við.“

Markaðurinn að styrkjast

Helga segir greinilegt uppstig á markaðinum enda sé undirliggjandi mikil endurnýjunarþörf. Aldur bíla og tækja í umferð

sé orðinn ansi hár og því þurfi það ekki að koma á óvart að fyrirtæki og einstaklingar séu í auknum mæli að endurnýja bílinn eða tækið, enda veruleg rekstrarhagræðing í því þar sem nýir bílar séu í dag mun ódýrari í rekstri. „Hvað varðar fyrirtækin þá hafa bílaleigurnar verið mjög sterkar síðustu ár en við erum líka að sjá aukningu í öðrum atvinnutækjum eins og sendibílum, lyfturum, gröfum og krönum og ýmsum landbúnaðartækjum.“

Aðlögun að breyttum þörfum

Helga segir einnig að breytingar hafi orðið á óskum viðskiptavina. „Við verðum mun meira en áður vör við áhuga viðskiptavina á umhverfisvænni bílum, sala á svokölluðum grænum bílum hefur aukist mikið og við bjóðum sérkjör á fjármögnun þeirra enda er samþætting umhverfissjónarmiða við almennan rekstur bankans hluti af samfélagslegri ábyrgð okkar. Þá erum við farin að fjármagna kaup á eldri bílum en áður en staðreyndin er sú að meðalaldur bílaflotans er orðinn nærri 13 ár og við höfum aðlagð okkar vörur að því.“

Sérstaða Landsbankans byggist á afburða þjónustu

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans er til húsa að Borgartúni 33 í Reykjavík. Í því húsi er einnig Fyrirtækjamiðstöð Landsbankans sem sinnir þjónustu við smá og meðalstór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Helga segir að þetta skipti miklu þegar kemur að þjónustunni: „Í Borgar-



Helga Friðriksdóttir, forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans.

túninu getum við boðið minni og meðalstórum fyrirtækjum heildarlaunsir á sviði fjármögnunar, allt á einum og sama staðnum. Þetta er mjög þægilegt fyrir okkar viðskiptavini. Við búum líka svo vel,“ segir Helga, „að vera með öflugt útibúanet um allt land og viðskiptavinir okkar utan höfuðborgarsvæðisins geta alltaf sótt ráðgjöf í sitt útibú, hvar sem er á landinu!“

Helga segir að sérstaða Landsbankans felist í góðri þjónustu, stærð á markaði

og nánnum tengslum við samstarfsmenn í bílaumboðunum og á bílasölunum. „Þetta er geysilegur styrkur fyrir okkur og okkar viðskiptavini og tryggir faglega og skilvirka starfsemi. Starfsmenn B&T hafa verið lengi í „bransanum“ og hafa mikla þekkingu og reynslu sem við byggjum á og hefur skapað okkur traust á markaði. Við hlustum á okkar viðskiptavini og bjóðum vörur og þjónustu sem taka mið af þörfum þeirra hverju sinni.“

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans

Landsbankinn býður fyrirtækjum hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, atvinnutækjum, vélum og ýmsum rekstrartækjum.



RAG Import – Export sinnir öllum

Viðskiptavinir RAG Import – Export koma víða að, eru meðal annars verktakar, bændur og bæjarfélög. Sölustjóri fyrirtækisins segir spennandi tíma vera fram undan og nýjar vélar og tæki af alls kyns tagi á leiðinni til landsins.

Pað var skemmtileg heimsókn sem blaðamaður fór í til RAG Import – Export að Hjalla-hrauni 4 í Hafnarfirði en þar hittu hann Rafn A. Guðjónsson, sem er reyndar alltaf kallaður Rabbi. Rabbi er búinn að vera í innflutningi á vélum og tækjum síðastliðin tuttugu og fimm ár.

Það eru spennandi tímar fram undan hjá Rabba. „Það eru nýjar vélar og tæki á leiðinni til landsins og þar má meðal annars nefna beltagröfur frá Sunward, landbúnaðartæki frá Fliegl, haugsugur og fleira. Enn fremur eru nýir malarvagnar frá Fliegl á leiðinni. Svo er ég að láta smíða nýja rútu sem er byggð upp úr Mercedes Benz 519 (nýr, árgerð 2015) en hún verður 22 manna með búnaði af bestu gerð. Í Frakklandi er verið að smíða fyrir RAG sérhannaðan salernisvagn sem er algjörlega sjálfstæður og þarf ekki að tengjast veitum,“ segir Rabbi.

Selur notuð og ný tæki erlendis

Að sögn Rabba hefur það verið að koma mjög sterkt inn hjá honum að selja bæði notuð og ný tæki erlendis sem koma aldrei til Íslands. „Þetta er sérstaklega áhugavert, meðal annars var ég að selja ný tæki sem fara til Danmerkur frá Fliegl og gamla Benz Unimog-bíla frá Evrópu til Bandaríkjanna.“

Blaðamaður var nú orðinn verulega áhugasamur um að fá að vita

meira um hvað væri fram undan hjá Rabba. Tjáði hann mér að það sem hann biði hvað mest eftir væri hvernær fyrsti „push-off“ vagninn (malarvagn) frá Fliegl kemur til landsins en það hefur orðið algjör bylting í þeirri tækni. „Þessir vagnar hafa slegið í gegn í Evrópu enda er meginmunurinn á „push-off“ og venjulegum vagni sá að sá fyrrnefndi ryður efninu úr sér og er mun fljótari að losa en hefðbundinn sturtuvagn. Enn fremur er aldrei nein hætta á að velta í losun eins og með sturtuvagni. Hægt er að sjá myndband af slíkri veltu á heimasíðunni Rag.is, sem ég hvet alla til að skoða. Einnig verður gaman að fá fyrsta svokallaða „thermo“-vagninn heim en hann er sérstaklega ætlaður fyrir malbik. Reglum var breytt í Þýskalandi um áramótin og er bannað að malbika stofnæðar nema notaðir séu „thermo“-vagnar sem halda malbiki mun heitara en venjulegir vagnar og þar eru Fliegl í fararbroddi í dag,“ útskýrir Rabbi.

Vantar tæki á söluskrána

Blaðamaður hefur heyrt að Rabbi sé búinn að vera að flytja mikið inn af notuðum tækjum síðastliðin tvö ár og var hann beðinn um að segja frá því. Hann svaraði því til að eins og margir viti þá fór mikið út af tækjum í kjölfar hrunsins og nú væri einfaldlega kominn tími til að kaupa inn tæki aftur. Enn vantar mikið á

söluskrána hjá honum þó að hún sé sú stærsta á landinu. „Ég leitast alltaf við að finna besta verðið fyrir viðskiptavinum mína og eru þeir alltaf upplýstir um hvað tækjasalinn vill fá fyrir tækið erlendis. Svo er það mitt að þjarka verðið niður sem svo kemur mínum viðskiptavinum til góða. Ég tek fast verð fyrir þjónustu mína og innifalið í því er að finna tækið, koma því heim og sleppi ég aldrei takinu fyrr en tækið eða bíllinn er kominn á númer og klár í notkun. Ferlið er galopið og ekki hægt að gera tilboð í bíla og tæki á ruglverðum frá Evrópu þar sem allar upplýsingar eru fyrirbyggjandi á netinu – á erlendum sölusíðum. Í rúm tuttugu ár hef ég varið miklum tíma í að kaupa fyrir menn tæki og tól og skoða markaðinn, bara til að spara fyrir viðskiptavinum mína og þannig get ég verið samkeppnisfær við flesta. Auðvitað á ég orðið mikið af góðum viðskiptavinum í Evrópu sem ég get treyst hundrað prósent en það eru líka býsna margir komnir í svörtu bókinu mína – það eru alls staðar braskarar sem þarf að varast.“

Varlegar farið í fjárfestingar

Blaðamaður spurði Rabba hvort hann teldi að miklar breytingar hefðu orðið á markaðnum síðustu árin. „Já, ég tel að það hafi orðið. Helst finnst mér að menn fari mun varlegar í allar fjárfestingar, sem er af hinu góða og menn eiga undantekn-



Rafn A. Guðjónsson hjá RAG Import – Export hefur 25 ára reynslu af innflutningi á vélum og tækjum. MYND/GVA

ingarlaust fyrir þeim tækjum sem þeir eru að kaupa eða eru komnir með tryggja vinnu fyrir þau. Þetta er af hinu góða og vonandi kemur 2007 aldrei aftur,“ segir Rabbi. Hefur hann einhver lokaorð fyrir okkur? „Já, bara að það hefur verið mér mikil ánægja og heiður að fá að vinna með öllu

þessu fólki sem ég hef unnið fyrir í gegnum árin, hvort sem það hafa verið bændur, verktakar eða einstaklingar.“



Fliegl „push-off“-malarvagn kemur von bráðar til landsins.

Tæki í sérflokkum frá RAG.IS



Fliegl Thermo í malbikið



Fliegl Álvagnar



Fliegl Vélavagnar



Fliegl Beyslisvagnar



Fliegl PUSH-OFF



Sunward Beltagröfur á kyningarverði

Sala - Innflutningur - Útflutningur

Yfir 300 skráningar á heimasíðu.

Vantar alltaf góð tæki á skrá.



Rafn A. Guðjónsson

Helluhraun 4, Hafnarfirði
s. 565 2727 • gsm 892 7502 • www.rag.is



Hröð og skilvirk fjármögnun

Bíla- og tækjafjármögnun Arion banka veitir sveigjanlega þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers viðskiptavinar. Aukin eftirspurn er eftir þjónustu deildarinnar í takt við auknar framkvæmdir í landinu. Lögð er áhersla á hraða og skilvirka þjónustu.

Bíla- og tækjafjármögnun Arion banka hóf starfsemi í september árið 2012. Deildin bauð upp á nýjar leiðir í bíla- og tækjafjármögnun sem ekki höfðu verið í boði áður hjá bankanum. Þörfin var greinilega mikil enda hefur verið mikil og góð stífgandi í starfsemi deildarinnar í takt við aukin umsvif á markaði, að sögn þeirra Jóns Ragnarssonar og Freys Gústavssonar hjá bíla- og tækjafjármögnun Arion banka.

„Við leggjum áherslu á að veita hraða og skilvirka þjónustu til fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri. Allir eru velkomnir til okkar en viðskiptavinir Arion banka njóta vitanlega sérstakra kjara,“ segir Jón.

Reynslumiklir starfsmenn starfa innan deildarinnar sem sinnir viðskiptavinum á öllu landinu. „Við eigum mjög gott samstarf við útibú bankans um land allt og tryggjum þannig hraða og góða þjónustu,“ bætir Freyr við.

Kaupleigusamningar vinsælastir

„Við reynum ávallt að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar. Til dæmis bjóðum við þeim sem búa við árstíðabundid tekjuflæði að stýra greiðslum á þann hátt sem hentar þeirra rekstri. Þannig geta þeir kosið að greiða hlutfallslega hærri greiðslur

þann hluta ársins sem tekjur eru meiri en lægri greiðslur þegar tekjur eru minni,“ útskýrir Freyr.

Jón segir kaupleigusamninga Arion banka langvinsælasta en þeir séu sérstaklega ætlaðir til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar.

Þegar um kaupleigusamning er að ræða er Arion banki skráður eigandi tækisins á samningstímanum, en við lok samningstíma færast eignarhald tækisins til leigutaka.

„Einn af kostum kaupleigusamninga er að við getum afgreitt málin hraðar enda þurfa samningarnir ekki að fara í gegnum þinglýsingu hjá sýslumanni,“ segir hann.

„Arion banki fjármagnar allt að 80 prósent af kaupverði tækisins fyrir utan virðisaukaskatt. Þegar um er að ræða bifreiðar getur leigutími verið allt að 84 mánuðir,“ útskýrir Jón og bendir á að önnur atvinnutæki séu fjármöggnuð ýmist til lengri eða skemmri tíma. „Þá ræðst leigutíminn af notagildi og endingartíma tækisins.“

Endurnýjun er tímabær

Jón og Freyr segja mikla þörf fyrir endurnýjun atvinnutækja enda geti rekstur á eldri tækjum og bílum verið óhagstæður. „Oft



Freyr Gústavsson og Jón Ragnarsson hjá bíla- og tækjafjármögnun Arion banka.

MYND/STEFÁN

heyrum við af því að sparnaður í formi olúkostnaðar og viðhaldskostnaðar á nýlegum tækjum geti staðið undir hluta afborgana kaupleigusamninga og getur því verið mikil hagkvæmni í því fól-

in að endurnýja tækjakost,“ segir Freyr.

Þeir sem huga að kaupum á atvinnutækjum geta haft samband við starfsfólk bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka í síma

444-7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið taeki@arionbanki.is.

Auk þess má finna nánari upplýsingar á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is.

Hagkvæm tækjafjármögnun

Við bjóðum kaupleigu og tækjalán til að fjármagna kaup á nýjum og notuðum atvinnubílum og tækjum til atvinnurekstrar. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu njóta hagstæðra kjara.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 444 8800 eða sendu fyrirspurn á taeki@arionbanki.is.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Arion banka, arionbanki.is.



Konungur þjóðveganna í áratugi

Jóhannes Guðnason er líklega sá eini í símaskránni sem er titlaður konungur þjóðveganna. Það viðurnefni hefur lengi loðað við hann, enda var Jóhannes þekktur í útvarpsþættinum Tveir með öllu á Bylgjunni forðum.

Reyndar var Jóhannes líka oft kallaður Jói á fóðurbílnum en hann er löngu hættur að keyra þann bíl. Nú sinnir hann olíudreifingu um landið. Þegar við náðum tali af Jóhannesi var hann að borða nautasteik í vegasjoppu. „Ég þarf að vinna til miðnættis í kvöld og þá þarf maður góða steik í hádeginu,“ segir hann. „Ég var ekki nálægt Litlu kaffistofunni en ef ég á leið þar hjá fæ ég mér alltaf kjötsúpu, hún er hvergi betri en þar,“ segir hann. „Ég er búinn að prófa súpur um allt land. Það slær þó enginn við konunni minni, Sigríði Sigurðardóttur, í eldamennskunni,“ segir hann og hlær.

Erfitt svæði

Jóhannes byrjaði sem atvinnubílstjóri 17 ára hjá Pósti og síma. Hann er 58 ára og þekkir þjóðvegina betur en nokkur annar. Jóhannes ekur Scania og er alsæll með það ökutæki. Honum finnst alltaf jafn skemmtilegt að aka um landið. „Ég flyt olíu og bensín á Suðurlandi að Kirkjubæjarklaustri og í borginni en var áður á erfiðustu leiðinni, ók til Hólmafíkur, Drangsness og Norðurfjarðar. Þar er gríðarlega fallett svæði sem fáir hafa séð. Hins vegar er þetta erfitt svæði á veturna og maður getur lent í ýmsu. Ég fer alltaf annað slag íð vestur og er nýkominn þaðan. Ég hef séð mikið af landinu og hef

ótrúlega gaman af þessu. Maður hefur hitt margt skemmtilegt fólk og oft verið boðið í kaffi og kökur,“ segir hann og blandar pólitíkinni óvænt í umræðuna með því að segja að sinn gamli flokkur sé löngu dauður, það voru kratarnir. „Það var alltaf gott að koma á bæina sem krati því bændurnir hötuðu þá. Ég fann þó einn krata í Borgarfirðinum,“ segir Jóhannes og hlær dætt þeim hlátri sem margir þekka úr útvarpinu.

Aðdáandi Bylgjunnar

Hann segist vera hættur að mestu að hringja í útvarpsþætti nema öðru hvoru til að hleypa upp umræðunni á Útvarpi Sögu. „Ég kalla hana þungarokkstöðina út af neikvæðri umræðu. Ég hlusta mest á Bylgjuna og Rás 2. Þar er mitt uppáhaldsútvarpsfólk. Gulli Helga í morgunútvarpi Bylgjunnar er náttúrulega stórvinur minn. Síðan er það Ásgeir Páll, Siggí Hlö, Þráinn og svo Þorgeir og félagar. Svo hlusta ég á Huldu Geirs og Idol-stjörnuna Heiðu á Rás 2.“

Lúxustæki

Jóhannes segir að ökutæki þjóðvegakónganna hafi breyst mikið á undanförunum árum. „Bílarir eru lúxustæki í dag og ekki hægt að bera þá saman við það sem áður var. Það er hugsað betur um bílstjóran og maður verð-



Jóhannes Guðnason er réttnefndur konungur þjóðveganna.

MYND/ERNIR

ur síður þreyttur á langleiðum. Margir góðir ökumenn mættu þó vera nærgætnari í umferðinni og taka tillit til þess að stór flutningatæki stansa ekki á andartaki eins og minni bílar. Ég vil hafa gott bil

á milli bíla í borginni en þá koma þessir ökumenn og troða sér fyrir framan, jafnvel ökumenn með smábörn. Ég lenti reyndar í slæmum árekstri í haust á einkabílnum þegar bíll hentist á minn og ég fékk

slæma hálsáverka sem ég er enn að glíma við og há mér mikið í akstrinum. Ég vona að ég þurfi ekki að hætta að keyra, enda á ég lánsaman feril að baki sem atvinnubílstjóri,“ segir kóngurinn hress að vanda.

Við eigum 100 ára afmæli. En okkur líður eins og við séum bara rétt að byrja. MAN.



Flotaleiga Hagkvæmari kostur

Með nýjum
bílaflota nærðu
aukinni hagkvæmni
í rekstri



Lágmarkaðu kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins



Tryggingar



Eldsneyti



Viðhald og
viðgerðir



Fjármögnun



Dekkja-
þjónusta



Lánsbíl



Þjónusta

- Viðskiptavinir þurfa ekki að hafa áhyggjur af **endursölu bílsins**.
- Viðskiptavinir fá margskonar **viðbótarþjónustu**.
- **Lykill fylgist með ástandi bílanna** og minnir leigutaka á þegar þjónusta er þörf.

- Viðskiptavinir njóta **öryggis í rekstri bílaflota**.
- **Viðskiptavinir njóta lægri kostnaðar** sem stærðarhagkvæmni Lykils býður upp á.
- Það er hægðarleikur að **breyta samningstíma**.

- Með Flotaleigu má **lækka fjármagnskostnað og lágmarka afföll**.
- **Lykill tekur við flotanum** að leigutíma loknum.
- **Föst mánaðargreiðsla** í allt að þrjú ár.

Flotaleiga

1

Við finnum saman bíla sem henta þínum rekstri.

2

Lykill sér um kaup og rekstur bílanna.

3

Þú leigir bílana og nýtur stærðarhagkvæmni Lykils.

Mikil áskorun að starfa á Grænlandi

Vélvirkinn Ólafur Sölvason hefur starfað við gerð ófárra jarðganga og virkjana á viðburðaríkum ferli. Virkjanagerð í tveimur eyðifjörðum á Grænlandi er honum sérstaklega minnisstæð. Hann féllst á að gefa lesendum innsýn í þá vinnu.

Ólafur hóf störf hjá Ístaki árið 1996 og starfaði þar óslitið þar til í lok síðasta árs þegar hann gekk til liðs við LNS SAGA sem er rúmlega árgamalt verktafyrirtæki í eigu LNS í Noregi. Hjá fyrirtækinu starfa nú þegar um 400 manns og eru meginverkefni þess enn sem komið er í Noregi. „Við erum þó komnir með fjögur stór verkefni hérlendis. Við erum að störfum við Hverahlíðarlögn á Hellisheiði og erum sömuleiðis með stórt byggingarverkefni fyrir Banana ehf. í Korngörðum. Nýlega gerðum við svo samning við Landsvirkjun um byggingu Þeistareykjavirkjunar; bæði stöðvarhús og lagnir og eru þau verk að hefjast,“ segir Ólafur sem nú starfar sem rekstrarstjóri véla hjá LNS SAGA.

Störf hans fyrir Ístak ráku hann um landið þvert og endilangt og langt út fyrir landsteinana og er hann reynslunni ríki. „Það kom aldrei sá dagur að mér leiddist í vinnunni en virkjanagerð í Sisimiut og Ilulissat á Grænlandi stendur þó að mörgu leyti upp úr.“

Vinnan hófst í Sisimiut á vesturströnd Grænlands árið 2009. „Það var gríðarlega stórt verkefni sem fólst í því að byggja vatnsaflsvirkjun í eyðifirði. Það voru boruð jarðgöng undir stórt stöðuvatn og svo sprengt upp í vatnið sem nú drífur virkjunina áfram.“

Ólafur hafði aðallega umsjón með rekstri tækja og öflun þeirra en það er enginn hæðgarleikur að koma tækjum og öðrum tilskildum búnaði á staðinn. „Meðal verk efna var að koma landgöngupræmum á staðinn en hann var eina tækið sem gat flutt nauðsynlega borvagna inn í fjörðinn. Þræmminn, sem var gamall bandarískur innrásarþræmmi, var staddur í Upernavik norðarlega á vesturströnd Grænlands. Ég flaug þangað ásamt grænenskum skipstjóra þarna um haustið en það lá á að fá hann til Sisimiut til þess að vinnan gæti hafist fyrir veturinn. Í Upernavik átti að vera fylgdarbátur en hann var veðurtepptur og úr varð að ég og þessi grænenski skipstjóri sigldum einir með þræmmann

„Þú finnur varla afskekktari og erfiðari vinnuaðstæður en í eyðifirði á Grænlandi.“

alveg niður í diskóflóa til fundar við fylgdarbátinn. Þetta var mikil ævintýraför en hafðist og landgöngupræmminn var eftir það í stöðugum flutningum með allt efni til virkjanagerðarinnar, tæki og vistir í Sisimiut. Menn reiddu sig líka á minni báta og ef eitthvað kom upp á var notast við þylur. Þær gátu hins vegar ekki flogið nema við bestu aðstæður svo einangrunin var mikil,“ útskýrir Ólafur.

Tæki til virkjanagerðarinnar voru keypt frá Evrópu. Þeim var siglt til Sisimiut þar sem þau voru hífð í land. Þá tók landgöngupræmminn við og sigldi með þau inn fjörðinn. Ólafur starfaði ekki við virkjanagerðina sjálfa og fór heim á milli. Hann þurfti þó meðal annars að bregðast við þegar kviknaði í rafstöð á staðnum. Hún var samtengd verkstæðinu og brann allt sem brunnið gat. „Þá þurfti að útvega ný tæki og rafstöðvar sem skemmdust í brunnum.“

Þegar virkjanagerðinni í Sisimiut lauk fór Ístak í svipað verk nálægt Ilulissat. Það var líka í eyðifirði sem var í um fjögurra tíma siglingu frá bænum en því verkefni lauk árið 2014.

Ólafur segir mikla áskorun að starfa á Grænlandi. „Þú finnur varla afskekktari og erfiðari vinnuaðstæður. Það reyndi langt í frá mest á mig enda var ég ekki með langa viðveru í hvert skipti en aðrir voru þarna mánuðum saman sem gat verið mjög erfið. Ístak bjó þó eins vel um menn og hægt var og reyndi að gera aðstæður sem bestar. Grænendingar hafa líka notið góðs af vinnunni en reikna má með því að virkjunin í Sisimiut borgi sig upp á um tíu árum. Umhverfið græðir líka enda eru íbúar staðanna hættir að brenna olíu og farnir að nýta vatnsorkuna í staðinn.“



Ólafur ásamt Andra Valssyni (til vinstri) mælingamanni á Hellisheiði í vetur.



Ólafur fór í ævintýrlega ferð til Upernavik að sækja landgöngupræmma sem síðan var í stöðugum flutningum með efni og tæki til virkjanagerðar í Sisimiut og Ilulissat.



Ólafur starfar í dag fyrir verktafyrirtækið LNS SAGA sem vinnur meðal annars við Hverahlíðarlögn á Hellisheiði.



Einangrunin er víða mikil á Grænlandi og erfið að afla allra aðfanga. Hér eru starfsmenn Ístak að störfum í eyðifirði nærri Ilulissat.

Alvöru græjur í verkið

CompAir
Loftpressur
2.5 rúmmetrar/sek
Verð án vsk kr. 1.880.000,-

INMESOL
Rafstöðvar
50 kw 3 fasa rafstöð á hjólum
Verð án vsk kr. 2.607.492,-

Belle
Steypuvíbratarar
36 mm með 2 metra barka
Verð kr. 91.500,- án vsk

Belle
Jarðvegs þjoppur
Verð án vsk
100 kg - kr. 194.560,-
186 kg - kr. 498.000,-

Það besta þarf ekki að kosta meira

Þjónusta kringum landið

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL

Skaftfellskar vinnuvélar

Facebook er uppspretta ótrúlegs fróðleiks. Þar má með sanni finna allt milli himins og jarðar en ein af þeim skemmtilegu síðum sem þar má finna heitir Skaftfellskar vinnuvélar. Guðmundur Óli Sigurgeirsson, kennari á Kirkjubæjarklaustri, er stofnandi síðunnar.

„Ég stofnaði síðu sem heitir Bílar úr Skaftfellsýslum. Hún fékk fljótt ansi mikinn hljómgrunn og þar inni er að finna heilmikla sögu. Þangað fóru svo að koma inn alls konar myndir af vinnuvélum, jarðýtum, skurðgröfum og slíku. Mér fannst þetta ekki alveg eiga heima á þessari bílasíðu þannig að ég ákvað eftir fésbókarspjall við félagi á síðunni að opna aðra síðu sem hétu Skaftfellskar vinnuvélar,“ útskýrir Guðmundur Óli. Á síðunni er að finna myndir af vinnuvélum af öllum gerðum, dráttarvélum, heyvinnuvélum og þungavinnuvélum. „Stærstur hluti þeirra eru vélar sem eru Skaftfellingum kunnar og hafa þjónað Skaftfellingum í gegnum tíðina.“

Guðmundur Óli segir áhugann á síðunni þó nokkurn en meðlimir eru yfir 200 talsins. Auglýsingar eru bannaðar á síðunni sem annars er opin öllum. „Ég sé fyrir mér að ef síðan fær að hanga uppi næstu áratugi gæti þetta orðið merkileg heimild,“ segir Guðmundur Óli sem viðurkennir að vera sjálfur með þínulitla véladellu.



Á síðunni má finna skemmtilegar myndir af gömlum vinnuvélum.



Hér er dæmi um upperðan traktor sem finna má á síðunni. Davíð Smári Hlynsson deildi myndinni.

The Pirelli logo is displayed in red text on a yellow rectangular background.

Þeir stóru nota Pirelli

- réttu vörubíladekkin í sumar!



PIRELLI, einn stærsti hjólbarðaframleiðandi í heimi, hefur nú sett á markað nýja línu af vörubíladekkjum; FR-01, FG-01 og ST-01. Hér eru á ferðinni nýjar týpur sem PIRELLI hefur tekist að hanna með þrotlausum prófunum. Þetta eru dekk sem tryggja vörubílstjórum ein sterkustu og endingarbestu vörubíladekkin á markaðnum. Láttu reyna á **Pirelli**.

Nánari upplýsingar á benni.is

Söluaðilar um land allt

Dekkjaþjónusta
Bílabúðar Benna

Upplýsingar: 590 2040
Verkstæði: Tangarhöfða 15
Sími: 590 2080

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

Flytur snjóbíl um ófærar heiðar

Hjálparsveit skáta í Kópavogi fékk nýverið afhentan splunkunýjan Iveco-vörubíl sem mun meðal annars nýtast til flutninga á snjóbíl og rústagám sveitarinnar. Sveitin á mikið safn véla og, það sem er meira um vert, afar færa félagsmenn sem sinna viðhaldi þeirra.

Petta er vörubíll með krókheisi, sem þýðir að hægt er að hífa alls konar einingar upp á hann. Enda var hugsunin sú að nýta hann til að flytja stór- an snjóbíl sem við eigum,“ segir Elvar Steinn Þorvaldsson hjá tækjaflokki Hjálparsveitar skáta í Kópavogi. Þetta fyrirkomulag getur stýtt viðbragðstíma sveitarinnar þegar nota þarf snjóbíl í útköll. „Snjóbíllinn er þá fastur á sérhönnuðu fleti sem við hífum beint upp á vörubíllinn.“

Vörubíllinn, sem er af gerðinni Iveco, er einnig ætlaður til að flytja rústabjörgunargám sveitarinnar. „Nú getum við farið með gáminn hvert á land sem er.“

Kraftmeiri og lengri

HSSK pantaði bíllinn í samstarfi við Kraftvélar sem er með umboð fyrir Iveco á Íslandi. „Samstarfið gekk mjög vel og Kraftvélar komu til móts við okkur þannig að bíllinn hentaði okkar þörfum,“ segir Elvar en bíllinn er sjálfskiptur, 6x6, þriggja öxla með drifi á öllum hjólum og því mjög góður í snjó og torfærum.

Bíllinn kom að mestu leyti tilbúinn að utan en hann er með stærri vél en var ætlunin í upphafi. „Þegar þeir hjá Iveco úti heyrðu hvað við værum að gera sögðu þeir að vélin sem við höfðum pantað væri of lítil. Í samvinnu við Kraft-

vélar var ákveðið að setja stærri vél í bíllinn. Þá var hann líka fluttur til þjónustuaðila í Danmörku þar sem hann var lengdur til að við ættum möguleika á að flytja snjóbíllinn,“ segir Elvar. Þá var fletið fyrir snjóbíllinn einnig sérsmíðað í verksmiðjunni úti.

Bíllinn kom til landsins í desember á síðasta ári og við tóku nokkrar breytingar á honum sem Kraftvélar sáu um. „Þeir græjuðu allt rafkerfið fyrir okkur, akstursljós, vinnulýsingu og öll fjar-skipti,“ segir Elvar.

Nýttist mjög vel

Þótt bíllinn hafi komið til landsins í desember var hann ekki formlega afhentur hjálparsveitinni fyrr en í byrjun mars. „Við höfum hins vegar notað hann töluvert í útköll í vetur og sótt hann þá niður í Kraftvélar,“ segir Elvar en óvenju mörg útköll í vetur hafa krafist snjóbíls. „Svo höfum við notað hann í æfingaferðir líka.“

Bíllinn getur flutt þrjá farþega. „Hann gæti því flutt áhöfn snjóbílsins en aftur á móti förum við alltaf með á aukabíl upp á þægindin,“ segir Elvar og bætir við að vörubíllinn sé með öflugri björgunartækjum í torfærum og ám. „Við vildum bíl sem gæti flutt snjóbíllinn yfir helstu heiðar þótt þær væru ófærar og komið okkur í átt að útkallssvæðinu. Hann mun



Bíllinn er með krókheisi sem þýðir að hægt er að hífa alls konar einingar upp á hann.

einnig gagnast vel í aðstæðum líkt og urðu þegar Múlakvíslin flæddi yfir bakka sína en þá var notaður truckur til að ferja bíla yfir ána.“

Góður mannskapur

Hjálparsveit skáta í Kópavogi býr yfir töluverðum tækjafloata. „Við erum með hraðskreiðan bát, tvo 44 tommu jeppa, Sprinter-fólksflutningabíl sem er 35 tommu breyttur, HiAce-fólksflutningabíl, Ford-pallbíl sem er ætlaður til

að flytja vélsleða, fjóra vélsleða, slöngubát, snjóbíl og vörubíl,“ telur Elvar upp og viðurkennir að mikil vinna liggir í viðhaldi þessara tækja. „Sem betur fer höfum við mjög góðan mannskap í kringum þetta og fólkið okkar getur gert við flest. Við erum með vélstjóra, bifvélavirkja og aðra reynslumikla jeppamenn í okkar röðum sem er nauðsynlegt enda mjög sjaldan sem farið er í túr og ekkert bílar.“



Elvar Steinn Þorvaldsson.

Við kynnum

Shell
PUREPLUS
TECHNOLOGY

Nýjar smurolíur

byltingarkennd Gas-To-Liquid tækni sem breytir náttúrulegu gasi í olíu.



Það tók Shell 40 ár að breyta gasi í smurolíu, afraksturinn er afburða smurolía sem enginn annar framleiðir. Helstu kostir við nýju olíurnar frá Shell eru m.a.:

- Mun hreinni vél sem skilar minni eldsneytisnotkun
- Minna viðnám í smurolíunni
- Meiri seigjueiginleikar sem smyrja betur vélina og auka endingu
- Mun sterkari tæringarvörn
- Mun betri eiginleikar við kaldar aðstæður



Hreinsandi fyrir vélna



Minna vélar slit



Minni eldsneytisnotkun



Lengri endingartími olíu



Minni olíunotkun



Shell
HELIX
ULTRA
Motor oils





VINNUVÉLAR OG TÆKI

SEM HENTA FYRIR VERKTAKA, SVEITAFÉLÖG, BÆNDUR OFL.



Allir VW-bílar eru með einstaklega fullkomnu stöðugleikakerfi og spólvörn og henta því mjög vel við íslenskar aðstæður.



Bílar sem þjóna ólíkum þörfum

Hekla býður upp á breiða sendibílalínu sem þjónar ólíkum þörfum. Línunni má skipta í þrennt; í VW Caddy, VW Transporter og VW Crafter. Ýmsar spennandi nýjungar eru í boði auk þess sem Hekla er með ýmis tilboð um þessar mundir.

VW Caddy er mjög vinsæll sendibíll en nýlega hófum við að bjóða upp á einfaldari og jafnframt hagkvæmari útfærslu sem er sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga á hagstæðu verði," segir Ívar Þór Sigþórsson, sölustjóri atvinnubíladeildar Heklu, en sú útgáfa ber nafnið VW Caddy City. „VW Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi en með tilkomu VW Caddy City er enn auðveldara að bætast í hóp ánægðra VW-eigenda. Þá auðveldar hann stærri fyrirtækjum að blanda bílafloftann, en City útgáfan getur í mörgum tilfellum þjónað daglegum þörfum alveg jafn vel og hefðbundinn Caddy," útskýrir Ívar.

Hagstæð kjör

Hann segir að í raun sé um sama bíl að ræða en að City sé með minni útbúnað og sé þar af leiðandi ódýrari. „Það er sami frágangur á flutningsrými og umhverfi ökumanns en City er til dæmis aðeins með rennihurð á hægri hlið en ekki báðum eins og hefðbundinn Caddy. Fyrir fólk sem starfar í útkeyrslu og hina ýmsu iðnaðarmenn gerir hann allt sem gera þarf," segir Ívar. Hann segir hefðbundinn Caddy nokkuð dýran en City-útgáfan kostar 2.630.000 með virðisaukaskatti en 2.120.000 án. „Tilkoma VW Caddy City gerir það að verkum að hægt er að fá þennan vinsæla bíl á virkilega flottu verði.“

Fyrir þá sem kjósa hefðbundinn VW Caddy er Hekla með tilboð

á vel útbúnum dísilknúnum VW Caddy á 3.240.000 með virðisaukaskatti en hann hefur að sögn Ívars fengið mjög góðar viðtökur. Á meðal staðalbúnaðar er stigalúga, vélarhitari og þráðlaust símkerfi.

Stærri sendibílar

VW Transporter er svo stærri gerð af sendibíll og fæst með tveggja og hálfis og þriggja metra flutningsrými. „Þetta er mjög vel útbúinn sendibíll með fullklæddu flutningsrými, vatnsheldum krossvið á gólfi, vélarhitara og mjög fullkomnu þráðlausu símkerfi. Hann er líka á tilboði og kostar frá 4.240.000 eða 3.443.548 án virðisauka. „VW Crafter er svo stærsti sendibíllinn okkar en á bílasýningu í mars kynntum við VW Crafter Extreme Edition sem er einstaklega vel útbúinn bíll með veglegum 900.000 króna aukahlutapakka. Má þar nefna Cruise Control, þráðlaust símkerfi og fjaðrandi hæðarstillanlegt öku-mannssæti með armpúða. Bíllinn er sömuleiðis með fjarstýrðum og tímastilltum vélarhitara, fjarlægðarskynjurum að framan og aftan, bakkmyndavél og fullklæddu flutningsrými með vatnsheldum krossviði á gólfi og bindirennum í

VW Crafter Extreme Edition er stærsti sendibíll Heklu. Hann er einstaklega vel útbúinn og honum fylgir 900.000 króna aukahlutapakki.



Hinrik Valsson, Kjartan Sveinsson og Ívar Sigþórsson starfa allir í atvinnubíladeild Heklu og taka vel á móti viðskiptavinum. MYND/ERNIR

hliðum," upplýsir Ívar. Hann segir ljóst að þeir viðskiptavinir Heklu sem kaupi þessa stærð af bílum séu að keyra mjög mikið. „Þess vegna bjóðum við Crafter með þriggja ára ábyrgð og allt að 250 þúsund kílómetra akstri innan ábyrgðartímans.“

Henta vel við íslenskar aðstæður

Að sögn Ívars eru allir VW-bílar með einstaklega fullkomnu stöðugleikakerfi og spólvörn og henta því mjög vel við íslenskar aðstæður. „Þeir eru líka hagkvæmir þegar kemur að þjónustu en Hekla er bæði með hraðþjónustu, smurstöð og verkstæði í höfuðstöðvunum að Laugavegi 170-174 og hafa

allir atvinnubílar forgang inn á verkstæðið. VW-sendibíllana ætti að smyrja á 15-20 þúsund kílómetra fresti eða um einu sinni á ári en þeir þurfa ekki að fara í gegnum þjónustusköðun í hvert skipti.“

Ívar segir alla bíllana til í mismunandi lengdum og bæði Caddy og Transporter fást með framdrifi, fjórhjóladrifi, beinskiptir og með sjö þrepa sjálfskiptingu. „Fjölbreytnin er því mjög mikil og kunna viðskiptavinir okkar vel að meta að geta fengið bíla af sömu tegund sem mæta mjög breytilegum þörfum. Á það sérstaklega við um stóru fyrirtækin sem þurfa marga ólíka bíla.“





VW Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu VW Caddy City er enn auðveldara að bættast í hóp ánægðra VW eigenda en hann er á afar hagstæðu verði.



VW Transporter er mjög vel útbúinn sendibíll með fullklæddu flutningsrými, vatnsheldum krossviði á gólfi, vélarhitara og mjög fullkomnu þráðlausu símkerfi.

Fullbúinn húsbíll

Í atvinnubíladeild Heklu er eðli málsins samkvæmt lögð mest áhersla á atvinnubíla. „Við erum þó með aðrar gerðir bíla sem gaman er að segja frá. Má þar nefna fullbúinn húsbíl sem byggður er á gamla góða rúgbrauðinu; búinn lyftitoppi og eldhúsi. Hann heitir VW California og var kynntur á bílasýningunni í Fífunni á dögunum. Bíllinn er gríðarlega vel útbúinn og hentar vel í akstur allan ársins hring hvort sem er í skíðasportið, skotveiðina, stangveiðina, berjamó og auðvitað sumarfríið. Hann er hægt að keyra eins og venjulegan bíl og heldur hefðbundnum umferðarhraða. Hver einasti sentímetri í bílnum er nýttur til hins ýtrasta og kemur hann með innbyggðum vaski, eldunaraðstöðu, ísskáp, skápum og hirsalum. Í bílnum er svefnpláss fyrir fjóra og sæti fyrir fimm. Honum fylgir jafnframt stórt útiborð sem er fellt inn í rennihurð og útilegustólar inni í hlerum að aftan. Þetta er einn með öllu og sannkallaður lífsstílsbíll,“ segir Ívar en bíllinn er hægt að skoða í krók og kring í höfuðstöðvunum.



VW California er fullbúinn húsbíll byggður á gamla góða rúgbrauðinu, með lyftitoppi og eldhúsi.



Húsbíllinn er með innbyggðum vaski, eldunaraðstöðu og ísskáp.



Í bílnum er svefnpláss fyrir fjóra.

Fágaður pallbíll

Í höfuðstöðvunum er sömuleiðis hægt að skoða VW Amarok-pallbíllinn sem er í sama flokki og Toyota Highlux. „Hann er á milli evrópsku og japönsku bílanna að stærð og mjög öflugur. Hann sameinar kosti lúxusjeppe og pallbíls og hefur upp á að bjóða mikla notkunarmögnuleika fyrir fólk með fjölbreyttan lífsstíl. Ég myndi segja að þetta væri fágaður pallbíll. Þetta er lúxusbíll að keyra. Hann er



VW Amarok-pallbíllinn sameinar kosti lúxusjeppe og pallbíls.

með mikla burðargetu og það er hátt undir lægsta punkt en hann hefur verið vinsæll með átta gíra sjálfsskiptingu og 180 hestafla dísilvél. Hann sker sig líka úr hvað beygjuradúsinn varð-

ar en hann er eins og á venjulegum jepplingi. Þú getur því farið út á næstu ljós og tekið U-beygju en það er ekki hægt á venjulegum pallbíll.“

Hægt er að skoða alla at-

vinnubíla Heklu í sér sýningar-sal í höfuðstöðvunum. „Við erum með þrjá sérhæfða sölufulltrúa í deildinni og hér er alltaf heitt á könnunni,“ segir Ívar og býður alla velkomna.

” VW bílarnir eru allir mjög hagkvæmir þegar kemur að þjónustu.

Iveco tekur flugið frá Kraftvélum

Kraftvélar hafa verið umboðsaðili fyrir Iveco-atvinnubifreiðar undanfarin fimm ár. Það sem af er ári hefur sala á Iveco-vörubifreiðum gengið framur vonum og hafa á þriðja tug bíla verið fluttir inn og afhentir á árinu.

Iveco hefur lengi verið rötgróð merki á meginlandi Evrópu, ekki síst í sunnanverðri álfunni. Bílarnir eru í grunninn ítalskir og hafa góða markaðshlutdeild í Evrópu, eru til að mynda næststærstir í Danmörku með tæplega þrjátíu prósent markaðshlutdeild. Viktor Karl Ævarsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Kraftvélum, segir að árið byrji mjög vel og strax eftir fjóra mánuði var markaðshlutdeild Iveco á Íslandi tæplega tuttugu prósent. „Miðað við veglega pöntunarbók þá er fátt því til fyrirstöðu að viðhalda sambærilegri markaðshlutdeild út árið.“

Gengið vonum framur í sölu vörubíla

„Þetta hefur verið eins og lygasaga fram að þessu. Við fluttum inn þrjá bíla árið 2013 og níu bíla á öllu árinu 2014. Það sem af er ári til dagsins í dag höfum við hins vegar flutt inn og selt yfir tuttugu bíla og mun fleiri eru á leiðinni. Fyrr í mánuðinum afhentum við Reykjavíkurborg fimm Iveco Daily-flokkabíla með rými fyrir sex farþega, sturtupalli og krana. Kópavogsbær er með tvo bíla í pöntun og Hafnarfjarðarbær fékk nýjan Iveco Daily í lok síðasta árs. Mosfellsbæ seldum við Toyota Hilux sem var liður í samstarfi fyrirtækjanna og var það fyrsti Toyota-bíllinn sem Kraftvélar selja,“ segir Viktor.

Fjölbreytt úrval bíla

Iveco Daily var kosinn sendiferðabíll ársins 2015 og er fánlegur frá 3,5 tonni upp í sjö tonn í heildarþyngd með burðargetu allt upp í 4.300 kíló. Hann er fánlegur með níu mismunandi gerðum véla, í þremur hæðum á þaki, þremur mismunandi lengdum á hjólhafi og fjórum lengdum. Hann er fánlegur sem lokaður sendibíll eða grindarabíll með einföldu eða tvöföldu öku-mannshúsi.

Iveco Eurocargo er hinn hefðbundni vöruflutningabíll sem notaður er víða í vörudreifingu. Heildarþyngd hans er allt að tuttugu tonn og burðargetan allt upp í tíu tonn.

Iveco Stralis var kjörinn vörubíll ársins 2013 í Evrópu þegar hann kom nýuppfærður á markað. Hann fæst í fjölmörgum útfærslum. Fjórða gerðin heitir Trakker, sem er „off-road“-útgáfa Stralis. Nýlega afhentu Kraftvélar Hjálparsvéit skáta í Kópavogi bíl af þeirri gerð með 6x6 drifi. Hann þreytti frumraun sína í leit að erlendri konu sem fannst síðan í skála í Hvanngili seint í febrúar.

Árs ábyrgð fylgir

Kraftvélar hafa haft umboð fyrir Iveco-atvinnubifreiðar undanfarin fimm ár og á þeim tíma hefur verið unnið hörðum höndum að því að mennta viðgerðarmenn á þjónustuverkstæði og í varahlutaverslun auk þess að fjárfesta í sérþjálfun til að sinna bilanagreiningu og almennri þjónustu við þessa bíla.

„Eins árs ábyrgð fylgir bílunum frá Kraftvélum en við-



Viktor Karl Ævarsson, sölu- og markaðsstjóri, og Óskar Sigurmundason, sölustjóri atvinnubifreiða, eru ánægðir með nýju Iveco-bílana.



Jón Ingi Hinriksson ehf. fékk nýlega afhenta nýja Komatsu PW160-8-hjólgröfu með Engcon-rotortilti. Fyrr á Jón Ingi Komatsu-vélar og lætur mjög vel af þeim. Jón Ingi flutti líka Abbey-tank til Kraftvéla á Akureyri í sömu ferð.



Kraftvélar afhentu í nóvember Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni þrjá nýja Iveco-flutningabíla. Að sögn Gunnlaugs Briem, framkvæmdastjóra vörustjórnunarsviðs Ölgerðarinnar, var Iveco valinn vegna margra sameiginlegra þátta sem tekið var tillit til í endanlegu vali á tegund bíls. Þegar saman fer hagstæður þjónustusamningur til fimm ára, endursöluverð, búnaður bílanna og innkaupsverð þá var Iveco hagstæðasti kosturinn að sögn Gunnlaugs.

skiptavinum stendur til boða allt að fimm ára ábyrgð. Ölgerðin og Öludreifing keyptu nýlega Iveco-bíla af Kraftvélum og tóku þá með fimm ára ábyrgð. Um er að ræða þjónustuábyrgð og greitt er fyrir hana í samræmi við hvern ekinn kílómetra. Greitt er mánaðargjald og rekstraröryggið er tryggt,“ segir Viktor.

Heildarlausn í atvinnutækjum

Kraftvélar hafa einnig haft umboð fyrir Komatsu-vinnuvélar frá árinu 1992 og eru það vélar sem allir verktakar landsins ættu að vera vel kunnugir. Sala á vinnuvélum hefur verið hæg undanfarin ár en tók örlitinn kipp í fyrra og stefnir í ennþá stærri markað í ár.

„Samhliða stækkandi mark-



Í lok mars héldu Kraftvélar og Toyota í Kaupþúni sameiginlega atvinnubílasýningu þar sem kynntar voru Iveco- og Toyota-atvinnubifreiðar. Sýningin heppnaðist einstaklega vel og gerðu hátt í tvö þúsund gestir sér ferð í Kaupþúnið til þess að skoða bílana sem voru á sýningunni.



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur fengið afhenta fimm nýja Iveco-flokkabíla til reksturs og umhirðu borgarlandsins. Nýju bílarnir leysa af hólmi gömlu appelsínugulu Benz-flokkabílana sem hefur verið ekið um götur borgarinnar í mörg ár. Nýju bílarnir eru öflugri og tæknilega betur búnir en fyrirrennarar þeirra. Allir eru þeir með krana og pall sem hægt er að sturta af á þrjá vegu. Sæti eru fyrir sjö manna öflugan vinnuflokk í hverjum bíl.

aðshlutdeild í vinnuvélum auglýstum við nýlega eftir sölufulltrúa fyrir vinnuvélar og réðum til okkar nýjan sölumann sem hefur störf hjá okkur 1. júní næstkomandi, verktakar mega því eiga von á því að fá heimsókn frá Kraftvélum í sumar til þess að kynna öflugt úrval atvinnutækja, bæði vörubíla og vinnuvéla“ segir Viktor.

„Við fluttum inn þrjá bíla árið 2013 og níu bíla á öllu árinu 2014. Það sem af er ári til dagsins í dag höfum við hins vegar flutt inn og selt yfir tuttugu bíla.“



KRAFTVÉLAR

Heildarlausnir í atvinnutækjum

IVECO

Kraftur-öryggi-ending



Iveco Trakker

Öflugur verktakabíll sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður



Iveco 4x4 Eurocargo

Alhliða vörubíll í millipýngd



Iveco Daily

Sendibíll ársins 2015



Iveco Stralis

Flutningabíll ársins 2013

KOMATSU

Leitaðu til sérfræðinga



Kraftvélar bjóða upp á heildarlausn í atvinnutækjum, allt frá litlum sendibifreiðum til stórtækra vinnuvéla.

Settu þig í samband við sölumenn Kraftvéla til þess að kynna betur vöruúrvali okkar og finna tækið sem hentar þínum rekstri.

 **KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Keyra stoltir um á nýju bílunum

Nýir flokkabílar voru nýlega teknir í notkun hjá Reykjavíkurborg. Bílarnir létta starfsmönnum verkin sem eru mörg og misjöfn og auk þess verður vinnuástanda þeirra mun betri. Nýju bílarnir frá Iveco leysa gömlu, appelsínugulu bílana, sem margir þekkja, af hólmi.

Umhverfis- og skipulags- svið Reykjavíkur fékk nýlega afhenta fimm nýja, stóra flokkabíla til reksturs og umhirðu borgarlandsins. Bílarnir, sem eru af gerðinni IVECO, voru keyptir hjá Kraftvélum að undanangengnu útboði Reykjavíkurborgar. „Með tilkomu þessara bíla verða miklar breytingar á vinnuástöðu starfsmanna hverfastöðvanna sem starfa á þessum bílum,“ segir Hjalti J. Guðmundsson, stjórnandi skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. „Nýju bílarnir eru öflugri og betur tæknilega búnir en fyrirrennarar þeirra. Allir eru þeir með krana og pall sem hægt er að sturta af á þrjá vegu. Sæti eru fyrir sjö manna öflugan vinnuflokk í hverjum bíl. Það er hægt að láta þá framkvæma fleiri verk en þá gömlu og þeir eru þægilegri í allri notkun. Það má svo ekki gleyma því að gömlu, appelsínugulu bílarnir voru orðnir svolítið laslegir þannig að þetta er nokkurs konar ímyndarmál fyrir okkur líka. Nú getum við stoltir keyrt um götur bæjarins,“ segir Hjalti og brosir.

Appelsínugulu bílarnir hverfa

Bílarnir verða notaðir í verkefni úti á hverfastöðvunum og hjá Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar sem oft er kennd við aðsetur sitt

á Stórhöfða. Tveir bílanna fara á hverfastöðina við Jafnasel, tveir á hverfastöðina við Njarðargötu og einn í umferðarskiltadeild á Stórhöfða. Nýju bílarnir leysa af hólmi gömlu appelsínugulu Benz-flokkabíla sem flestir borgar- búa kannast við en þeir hafa ekið um götur borgarinnar í mörg ár.

Hjalti segir bílana verða notaða í öll verk sem til falla við rekstur borgarlandsins. „Þeir verða notaðir í allt frá minniháttar viðgerðum í borgarlandinu, svo sem malbiks-, kantsteina- og gangstéttar- viðgerðir yfir í að vera notaðir til aðstoðar við minniháttar jarð- vegsframkvæmdir. Verkefni sem við snum eru mjög fjölbreytt og koma nýju bílarnir til með að létta okkur þau.“

Mikilvægir á veturna

Bílarnir verða einnig notaðir í vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar þar sem þeir munu gegna stóru hlutverki. „Bílarnir sem við höfum notað undanfarin ár hafa haft stórt hlutverk á veturna og munu þessir nýju taka við því. Þeir verða meðal annars notaðir við mokstur allra stofnanalóða og til að ryðja burt snjó frá strætóskýlum,“ útskýrir Hjalti.

Eins og áður segir munu nýju bílarnir verða til þess að vinnu- ástanda starfsmanna batnar til



Starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur gegna hinum ýmsu verkum í borgarlandinu. Þeir fengu nýlega afhenta nýja flokkabíla sem auðvelda þeim störf. MYND/GVA

muna. „Það fer eftir verkefnum hversu margir starfsmenn eru á hverjum bíl en þeir eru yfirleitt frá einum upp í fjóra. Dagsskipu- lagið ræður því hvernig þetta rað- ast,“ segir Hjalti.

Tæki í eigu borgarinnar eru mörg enda verkin fjölbreytt. „Við eigum að sjálfsögðu fullt af tækj-

um til að sinna þeim verkefnum sem við höfum á okkar könnu. Til dæmis sláttuvélar af ýmsum stærðum og gerðum og erum við alltaf að auka við þann flota. Einnig alls konar þjöppur og önnur tæki sem notuð eru úti í mörkinni til að sinna þeim verkefnum sem þörf er á.“

“Nýju bílarnir eru öflugri og betur tæknilega búnir en fyrirrennarar þeirra. Allir eru þeir með krana og pall sem hægt er að sturta af á þrjá vegu.

MAN-atvinnubílar í 100 ár

Á þessu ári fagna MAN-verksmiðjurnar því að hundrað ár eru síðan framleiðsla hófst á MAN vöru- og fólksflutningabifreiðum. Þann 21. júní árið 1915 var nýtt fyrirtæki, Lastwagenwerk M.A.N. – SAURER fært inn í viðskiptaskrá Nürnberg-borgar.

Fyrsta þriggja tonna vörubifreiðin rann fljótlega út úr sameiginlegri verksmiðju MAN-SAURER í Lindau við Bodensee fyrir hundrað árum. Skömmu síðar fylgdu fyrstu rúturnar, sem notaðar voru sem langferðabifreiðar af Keisaralega pósthélaginu og fluttu farþega auk bréfa og böggla.

Þetta var upphaf framleiðslu atvinnubifreiða hjá MAN, saga veldingni sem hefur ekki aðeins mótað sögu félagsins sjálfs heldur hefur MAN einnig haft veruleg áhrif á þróun vörubíla og rúta með þróuðum og oft byltingarkenndum nýjungum sínum á undanföllum 100 árum – og heldur áfram að gera það.

Þriggja öxla vörubílar

Árið 1928 kynnti MAN fyrsta þriggja öxla vörubíl sinn, sem var forveri allra seinni tíma MAN-þungaflutningabíla. Á sjötta áratugnum buðu MAN-verksmiðjurnar upp á MAN F8 með 180 hestaflla V8 mótör, sem varð flaggskip efna- hagsundurs hins nýja Sambands- lýðveldis Þýskalands.

Á sama tíma sannaði MAN einnig framtaksrátt sinn í strætisvagn- smíði. Árið 1961 kynnti fyrirtækið til sögunnar MAN 750 HO, fyrsta strætisvagninn í „modular design“. Þetta var staðlaður undirvagn sem var notaður með mismunandi gerðum og útfærslum yfirbygginga fyrir strætisvagna, utanbæjarvagna og langferðabifreiðar.

Trukkur ársins 1978

Ofarlega í minningunni hafa hins vegar ávallt verið MAN „húdd“- bílar fyrir byggingariðnaðinn sem og langflutningabílar af gerðinni MAN 19.280, sem varð fyrsta MAN-vörubifreiðin til að hljóta „Truck of the Year“-verðlaunin árið 1978.

MAN-rútur hafa einnig átt sína hápunkta. Árið 1992 kynnti MAN Lion's Star-fólksflutningabílinn sem átti eftir ákvarða nöfn allra komandi kynslóða MAN-rúta.

Nýjungar á nýrri öld

MAN byrjaði nýja öld á að innleiða nýjungar. Árið 2000 setti „Trucknology Generation Type A“, einnig nefnt TGA, nýja staðla varðandi þægindi og vinnuvistfræði sem og nýja tækni eins og MAN TipMatic eða MAN Comfort-Shift fyrir hagkvæmar girskiptingar.

MAN styrkti stöðu sína í flokki lúxusrúta er það tók yfir NEOPLAN-vörumerkið árið 2001. Innleiðing D20-véla með „Common Rail“-innspýtingu árið 2004 voru mikil tímamót í véltækni. MAN varð fyrstur framleiðenda vöru- flutningabifreiða til að taka upp í öllum vélum sínum þessa hagkvæmu og umhverfisvænu raf- eindastýrðu innspýtingu eldsneytis.

Hybrid-drif

Árið 2010 hóf MAN fjöldaframleiðslu á „Hybrid“-strætisvögnum, eða Lion's City Hybrid. Lion's



MAN hefur haft veruleg áhrif á þróun vörubíla og rúta með byltingarkenndum nýjungum sínum á undanföllum 100 árum.

City Hybrid sparar allt að 30 prósent eldsneytis með tilkomu hins nýja „hybrid“-drifs. Euro 6, núgildandi staðall fyrir útblásturs- mengun, var áskorun sem MAN uppfyllti þegar árið 2012 með ný- ustu kynslóð af TG-gerðinni. Þeir uppfylla ströngustu mengunar- kröfur með hámarks eldsneyt-

isnýtingu. Haustið 2014 kynnti MAN nýjustu vélakynslóð sína, D38, sem er nú afrakstur 100 ára þróunar véla í atvinnubíla.

Móta framtíðina

Deild innan MAN, „Framtíðar- rannsóknir“, greinir alþjóðlega þróun og ákvarðar stefnu fyrir

þróun komandi kynslóða öku- tækja. Hönnuðir MAN eru nú þegar að vinna að framleiðslu á vörubíl, sem ekki þarfnast bíl- stjóra við tiltekna starfsemi. MAN Truck & Bus mun nota þess- ar og aðrar nýjar hugmyndir til að tryggja sjálfbæra þróun nútíma- legra atvinnubíla í framtíðinni.



Hér má sjá brot af þeim skóflum sem Vélsmiðja Guðmundar smíðar og hannar. Skóflurnar eru í öllum mögulegum gerðum og litum. Fyrirtækið smíðar eftir séróskum viðskiptavina.

Hanna og smíða hágæða skóflur

Vélsmiðja Guðmundar er frumkvöðull hér á landi í smíði og hönnun á vinnuvélaskóflum og verkfærum fyrir jarðvinnufyrirtæki. Fyrirtækið var stofnað árið 1982 og hefur alla tíð lagt ríka áherslu á persónulega þjónustu. Vörurnar hafa fengið frábærar móttökur.

Rósalind Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vélsmiðju Guðmundar, segir að fyrirtækið smíði og hanni búnað fyrir vinnuvélar. „Það hefur verið mikið að gera, enda meiri bjartsýni í þessum geira en var fyrir nokkrum árum. Við erum eini framleiðandinn á Íslandi og finnum vel fyrir auknum verkefnum. Þá höfum við einnig selt mikið til Noregs. Norðmenn gera sömu kröfur og við um

gæði og endingu. Þessar skóflur eru notaðar í alls kyns jarðvinnu, gangagerð og þess háttar,“ segir Rósalind. „Hraðtengingin okkar eru mjög vinsæl um þessar mundir enda klárlega bestu tengin á markaði í dag,“ útskýrir Rósalind. Vélsmiðja Guðmundar er eini framleiðandinn á Íslandi sem má nota og merkja framleiðslu sína með Hardox In My Body sem er alþjóðlegur gæðastimp-

ill og margir sækjast eftir. „Allir fremstu framleiðendur í heimi eru með þetta merki og allir verktakar þekkja það. Þessi merking tryggir kaupendum að efnið sem notað er til smíði vöru sé í reynd Hardox. Þá eru allar okkar vörur CE-merktar. Við erum stolt af því að framleiða íslenska gæðavöru sem hefur fengið frábærar móttökur. Öll vara sem við framleiðum er merkt skoflur.is. Vélsmiðja Guð-

mundar smíðar verkfærin eftir sérþöntunum og afgreiðslutími er stuttur. Við bjóðum sérsníðnar lausnir fyrir viðskiptavinum okkar og veitum persónulega þjónustu byggða á mikilli þekkingu,“ segir Rósalind enn fremur. „Viðskiptavinir geta gengið að vandaðri ráðgjöf þegar þeir þurfa hjá okkur.“ Vélsmiðja Guðmundar er til húsa í Miðhrauni 8 í Garðabæ, sími 564 1539. Fyrirtækið er með heimasíðuna skoflur.is.



” Við erum stolt af því að framleiða íslenska gæðavöru sem hefur fengið frábærar móttökur.

Áratuga reynsla og aukið vöruúrval rótgróinna merkja

Pór hf. býður úrval vinnuvéla og verkfæra í rúmgóðri verslun að Krókhálsi 16. Fyrirtækið rekur einnig viðgerðar- og varahlutabjónustu og byggir á áratuga langri reynslu starfsmanna sem þekkja markaðinn vel. Viðskiptavinir koma aftur og aftur.

Pór hf. hefur í rúmlega hálföld þjónustað verktaka og fyrirtæki í byggingariðnaðinum og boðið upp á fjölbreytt úrval vinnuvéla og verkfæra. Fyrirtækið flutti í mun stærra og betra húsnæði á Krókhálsi 16 fyrir fjórum árum og sköpuðust þá mörg ný tækifæri til stækkunar.

„Við höfum jafnt og þétt verið að auka vöruúrvalið og bæta við okkur umboðum,“ segir Ragnar Jónsson, deildarstjóri verkfæraeildar Þórs hf.

Rótgróin merki

Meðal þeirra merkja sem Þór hf. selur má nefna Makita, Flex, Kubota, Prebena og Demag. Þá er Wacker Neuson vel þekkt merki innan verktakageirans.

„Wacker Neuson framleiðir breiða línu af vinnuvélum og tækjum fyrir verktaka og fyrir byggingaiðnaðinn,“ segir Ragnar.

„Þar má til dæmis nefna Kramer, sem býður meðal annars upp á fjórhjólástýrðar hjólaskóflur og skotbómulyftara sem henta öllum aðstæðum hér á landi, Wacker Neuson-gröfur og hjólavagna, jarðvegsþjoppur og steypuvibrata. Í raun býður Wacker Neuson upp á heildstæða línu fyrir verktaka, með allt sem snýr að jarðvegs- og steypuvinnu. Þetta er góð viðbót á markaðinn á Íslandi og við höfum nú þegar selt nokkrar Kramer-vélar og Wacker Neuson-gröfur. Wacker Neuson hentar öllum verktökum og bændum og eru einnig hentugar vélar í kirkjugarða.“

Kubota-vélar í mikilli sókn

Þór hf. hefur verið haft umboð fyrir Kubota síðan árið 1978 en Kubota er stærsti framleiðandi smátraktora, minigrafa og dísilsmótora undir 100 hestöflum í heiminum. Í Kubotalínunni eru atvinnuslátturaktorar, gröfur, litlir smátraktorar ásamt miklu úrvali af landbúnaðartraktorum, en þar er Kubota í mikilli sókn að sögn Ragnars.

„Meðal viðskiptavina okkar eru bæjarfélög, fyrirtæki í atvinnuslætti og kirkjugarðar víðs vegar um landið. Þess má geta að Reykjavíkurborg er nú að fá 3 nýjar Zero-turn-sláttuvélar sem nota á um alla borg og er nú þegar með 7 slíkar vélar í notkun, auk tveggja smátraktora, BX2350,“ útskýrir Ragnar.

Markaðurinn að lifna við

„Við seldum 5 tonna Kramer-vél í tengslum við framkvæmdirnar í Vaðlaheiðargöngum og 3,5 tonna vél til Kirkjugarða Reykjavíkur. Og nú erum við að biða eftir tveimur Kramer-vélum að utan til afhendingar. Við merkjum það vel að markaðurinn er að lifna við eftir mögur ár,“ segir Ragnar.

Áratuga reynsla

Þór hf. rekur einnig viðgerðar- og varahlutabjónustu.

„Við búum svo vel að hafa mjög litla starfsmannaveltu. Sumir starfsmanna okkar hafa unnið hér í 40 ár eða lengur og þekkja því markaðinn inn og út. Viðskiptavinir okkar koma aftur og aftur til okkar.“



Ragnar Jónsson deildarstjóri og Einar Oddson sölustjóri hjá Þór hf. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.thor.is.



„Meðal viðskiptavina okkar eru bæjarfélög, fyrirtæki í atvinnuslætti og kirkjugarðar víðs vegar um landið.“



„Wacker Neuson framleiðir breiða línu af vinnuvélum og tækjum fyrir verktaka og fyrir byggingaiðnaðinn,“ segir Ragnar.



Úrval vinnuvéla í rúmgóðri verslun Þórs hf. að Krókhálsi 16.



Meðal þeirra merkja sem Þór hf. selur má nefna Makita, Flex, Kubota, Prebena og Demag. Þá er Wacker Neuson vel þekkt merki innan verktakageirans.

KUBOTA atvinnutæki - áratugareynsla við íslenskar aðstæður



Kubota

KUBOTA GZD21 HD - Öflug „Zero-Turn“ ásetusláttuvél með 21 ha, 3ja cyl KUBOTA diesel mótör, með drifskafsknúinni 1219 mm (48“) vökvalftri sláttuvél og 500 L vökvalyftum grassafnara. Alvör „Zero-Turn“ vél.



Kubota

KUBOTA GR2120 - Sá fjórhjóladrifni. Öflugur sláttutraktor með 21 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótör, með drifskafsknúinni 1219 mm (48“) vökvalftri sláttuvél og 450 L grassafnara Útbúinn „Glide Steer“ sem gerir krappa snúninga leik einn og auðveldar slátt



Kubota

KUBOTA G23LD & G23HD - Þessi er afkastamikil. Öflugri sláttutraktor með 23 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótör, með drifskafsknúinni 1219 mm (48“) drifskafsknúinni vökvalftri sláttuvél og 560 L grassafnara (G23LD) eða 640 L vökvalyftum grassafnara (G23HD).



Kubota

KUBOTA BX2350 - Einn vinsælasti smátraktorinn enda hefur hann margsannað sig við við margvísleg not, hann er með 23,5 ha 3ja cyl KUBOTA dieselmótör, 4WD, 2ja þrepa vökvaskipting, aflstýri, útbúin með mið og aftur aflúrtökum. Mikið úrval tengibúnaðar og tækja fánlegt, s.s.: sláttuvélar, grassafnarar, ámoksturstæki, tættarar, dreifarar og fl og fl.



Kubota

KUBOTA Smátraktorar - Þjóðum úrval annarra gerða KUBOTA smátraktora í stærðum að 40 hö. KUBOTA smátraktorar hafa margsannað sig á Íslandi enda líklega vinsælasti smátraktorinn og er í notkun hjá einstaklingum, bæjarfélögum, verkötum, stofnunum og þeim sem gera miklar kröfur um gæði og endingu. Mikið úrval tengibúnaðar og tengitækja fánlegt.



Kubota

KUBOTA Smágröfur - KUBOTA er stærsti framleiðandi á smágröfum í heiminum, stærðir 850 kg – 8.000 kg. KUBOTA smágröfurnar eru afkastamiklar gæðavélar með lága bilanatíðni og mikil afköst, við þjóðum úrval KUBOTA smágrafa með stuttum afgreiðslutíma frá framleiðanda.

Wacker Neuson býður upp á réttu tækin í alla almenna jarðvegsvinnu og garðaumhirðu



WACKER NEUSON

Smágröfur og beltagröfur frá 800 kg upp í 15 tonn. Hjólagröfur upp í 10 tonn.



WACKER NEUSON

Beltavagnar upp í 3 tonn og hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn. Allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.



WACKER NEUSON

Þjoppur, vibratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar. Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjoppun.



WACKER NEUSON

Fjórhjólástýrðar hjólskóflur. Lágbyggðar og stöðugar vélar. Fánlegar með lyftigetun allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á 40 km aksturhraða. Tilvaldar í snjómokstur og alla alhiða vinnu.

PÓR

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

PÓR
1989
2019

Koma við sögu á hverjum degi

Vörubílstjórar Próttar tengjast flestum greinum atvinnulífsins á hverjum degi. Þjónusta þeirra er afar fjölbreytt enda inniheldur floti stöðvarinnar um 50 vörubíla af öllum stærðum og gerðum. Nýlega opnaði stöðin nýjan og aðgengilegan vef með öllum helstu upplýsingum.

S tofnun vörubílastöðvarinnar Próttar má rekja aftur ársins 1931 þegar vörubílstjórar í Reykjavík sameinuðust í einu stéttarfélagi og ákváðu að reka saman eina vörubílastöð í Reykjavík. Í dag er Próttur starfrækt af um 50 vörubílstjórum sem allir eiga eigin bíla með tilheyrandi tækjum.

Verkefni eru afar fjölbreytt sem vörubílstjórar taka sér fyrir hendur að sögn Jóns Pálssonar sem hefur starfað hjá félaginu síðan árið 1988. „Vörubílstjórar hjá Prótti koma við sögu í flestum greinum atvinnulífsins á hverjum degi. Þannig sjáum við um flutning á ýmiss konar tækjum, hráefni og vörum fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum, flytjum efni og jarðveg vegna mannvirkjagerðar, vinnum fyrir garðyrkjumenn, þjónum sjávarútvegi og fjarskiptafyrirtækjum, flytjum malbik og fyllingarefni og svo mætti lengi telja. Þau eru fá verkefni sem við tökum ekki að okkur.“

Vörubílastöðin Próttur býr yfir stærsta og fjölbreyttasta flota landsins í vörubílum og kranabílum og er um leið elsta fyrirtæki sinnar tegundar hér á landi. „Vörubílar Próttar eru eins misjafnir og þeir eru margir. Þannig búa margir vörubíllanna yfir öflugum krönnum sem hafa lyftigetu frá 16 tm til 150 tm. Aðrir hafa körfur sem hægt er að hífa upp í hæstu byggingar og enn aðrir búa yfir þeim eiginleika að geta mokað efni inn í garða eða



Tveir af reynslumiklum vörubílstjórum Próttar, Jón Magnús Pálsson (t.v.) og Helgi Ágústsson.

MYND/GVA

úr gördum, í allt að 18 metra frá vörubílum. En þetta snýr ekki bara að stórum flota heldur hefur stöðin aldrei verið skipuð jafn hæfum bílstjórum og nú.“

Nýlega opnaði Próttur nýjan og aðgengilegan vef þar sem auðvelt er að finna allar upplýsingar um þá fjölbreyttu þjónustu sem vöru-

bílstjórar stöðvarinnar veita, hvort sem um er að ræða vörubíla, kranabíla eða sérútbúna bíla. „Þar má til dæmis fletta upp öllum vörubílum stöðvarinnar og skoða hvað hver og einn býður upp á. Þetta er mjög þægilegur valkostur, sérstaklega fyrir þá sem eru að pantast vörubíl í fyrsta sinn.“

Próttur er með starfsaðstöðu sína á þriggja hektara lóð við Sævarhöfða í Reykjavík en þar hafa bílstjórar aðstöðu fyrir tæki sín og tól. Afgreiðsla Próttar er opin alla virka daga frá kl. 7.30 til 18.00.

Allar nánari upplýsingar um starfsemi Próttar og einstaka vörubíla má finna á www.throttur.is.

„Próttur býr yfir stærsta og fjölbreyttasta flota landsins í vörubílum og kranabílum.“

Umdeildur valtari og eimreiðar

Árbæjarsafn geymir aðra af tveimur jarnbrautarlestum sem fluttar voru hingað til lands frá Danmörku árið 1913. Sú var í notkun til ársins 1928 en þá lauk sögu jarnbrautarlesta á Íslandi. Gufuvaltarinn Bríeti er einnig á safninu en kaupin á valtaranum voru umdeild.

Þegar ráðist var í framkvæmdir við Reykjavíkurbær vann danskt verkatakafyrirtæki verkið. Danirnir fluttu inn tvær eimreiðar, Minor og Pioneer, fyrstu og einu gufuknúnu lestirnar sem notaðar hafa verið hér á landi,“ segir Sigurlaugur Ingólfsson sagnfræðingur á Árbæjarsafni en safnið geymir aðra þessara tveggja eimreiða.

Lestirnar voru smíðaðar í Þýskalandi árið 1892 og komu hingað til lands árið 1913. Í millitíðinni hafði verið skipt um ketil í Pioneer svo hún var talsvert öflugri en hin.

Tvær jarnbrautir voru lagðar, önnur frá Raudararholtinu og hin frá Öskjuhlíðinni og fluttu lestirnar grjót í varnargarðana við höfnina

„Við verkið tókst að velta annarri lestinni og það er fyrsta og eina lestarslysið sem orðið hefur á Íslandi,“ segir Sigurlaugur.

Hafnargerðinni lauk árið 1917 og var Minor lagt stuttu seinna en Pioneer var notuð allt fram til ársins 1928 við stækkun hafnarinnar og til annarra verkefna. Teinarnir voru síðar rifnir upp, vagnarnir seldir úr landi og eimreiðarnar settar í geymslu. Þar með lauk sögu eimreiða á Íslandi.

„Árið 1917 voru lagðar undirstöður fyrir lestarteina í atvinnu-



Saga jarnbrautarlesta á Íslandi er ekki löng. Árbæjarsafn geymir aðra af tveimur eimreiðum sem notaðar voru við gerð Reykjavíkurbæjar árið 1913-17.

bótavinnu milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og búið var að teikna lestarstöð í Norðurmýrinni. Það voru því ýmsar hugmyndir uppi um lagningu jarnbrauta á Íslandi sem ekkert varð úr.“

Konur greiddu atkvæði með kaupum á valtara

Önnur vinnuvél frá fyrri tíð í vörslu Árbæjarsafns er gufuvaltarinn Bríeti. Valtarinn kom til landsins árið 1911, fyrsta tæki sinnar tegundar á landinu. Valtarinn er kenndur við Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og upphaflega líka við Knud Zimsen, „Bríeti Knútsdóttir“, en eingöngu Bríetarnafnið festist við hann. Knud Zimsen, þá bæjarverkfræðingur en síðar borgarstjóri, lagði fram tillögu um kaup á valtara fyrir Reykjavík. Hann þótti



Kaupin á gufuvaltaranum Bríeti voru umdeild í bæjarstjórn Reykjavíkur 1911. Valtarinn var í notkun fram yfir árið 1940.

MYNDR/ÁRBÆJARSAFN

of dýr en Knud sannfærði Bríeti bæjarfulltrúa um kaupin.

„Fórar konur sátu þá í bæjarstjórn. Bríeti náði hinum konunum í stjórninni á sitt band og þau

atkvæði dugðu til þess að kaupin voru samþykkt,“ segir Sigurlaugur.

„Valtarinn var notaður fram yfir árið 1940 við að malbika götur Reykjavíkur. Valtarann var

enn hægt að keyra fyrir um fimm-tán árum en talsverð hætta er á að gufuketillinn springi í svo gömlum vélum svo ekki er talið óhætt að gangsetja Bríeti á ný.“

Gæðamerki í miklu úrvali

Vinnuvélar frá Liebherr skipa stærstan sess í vöruúrvali Hýsis-Merkúrs. Fyrirtækið þjónustar að mestu leyti jarðvinnuverktaka og byggingaverktaka auk sveitarfélaga og smærri fyrirtækja. Auk nýrra vinnuvéla býður Hýsi-Merkúr upp á úrval af notuðum vinnuvélum.

Hýsi-Merkúr hf. er umboðsaðili á Íslandi fyrir þýska gæðamerkið Liebherr. Upphaflega sérhæfði Liebherr sig í framleiðslu á byggingakrönum en í dag er fyrirtækið orðið einn stærsti og virtasti vinnuvélaframleiðandi heimsins og leiðandi framleiðandi í bílkrönum, hafnarkrönum og fleiri vinnuvélum.

Kristófer S. Snæbjörnsson, sölustjóri véla- og tækjadeildar Hýsis-Merkúrs, segir að meðal fjölbreyttra vinnuvéla sem fyrirtækið selji séu byggingakranar, bíl- og beltakranar, hjóla- og beltagröfur, hjóla- og beltaskóflur, ýtur, skotbómulyftarar, búkollur, steypudælubílar, færanlegar og fastar steypustöðvar og hafnarkranar. „Við þjónustum að mestu leyti jarðvinnuverktaka og byggingaverktaka auk þess sem mörg sveitarfélög landsins og smærri fyrirtæki eru líka í viðskiptum hjá okkur. Vinnuvélar okkar koma í ýmsum stærðum og þannig náum við að þjóna breiðum hópi viðskiptavina í ólíkum verkefnum. Sem dæmi um breiddina má nefna að gröfurnar sem við seljum eru frá þrettán tonnum upp í 900 tonn.“

Hýsi-Merkúr hf. er í eigu tveggja hluthafa, þar af eiga hjónin Þröstur Lýðsson og Klara Sigurðardóttir 40% hlut en þau

starfa bæði hjá fyrirtækinu. Hin 60% eru í eigu þýska fyrirtækisins Rūko GmbH Baumaschinen sem um leið er að hluta til í eigu Elínar Eggertsdóttur verkfræðings.

Hýsi-Merkúr selur einnig og þjónustar Putzmeister-múr- og steypudælur, Weber-þjöppunarbúnað og áföst tæki og tól frá ýmsum framleiðendum. Í byrjun desember 2013 keypti Hýsi-Merkúr rekstur Impex ehf. og þá bættust mörg góð vörumerki við flóru fyrirtækisins. „Þar má meðal annars nefna Tsurumidælur, Kaeser-loftpressur, FG Wilson-rafstöðvar, smágröfurnar frá Yanmar, Mase-rafstöðvar, Vermeer-jarðverksbora og brúkrana frá Kuli. Auk þess hafði Impex útvegað ýmis sérhæf tæki eins og dælur fyrir hitaveitur, slöngur fyrir dælur og fleira. Við erum því ansi vel sett þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum okkar.“ Búkollur í jarðvinnutæki frá Liebherr eru einnig mjög vinsælar að sögn Kristófers enda er Liebherr langstærsti framleiðandi bílkrana í heiminum í dag.

Auk nýrra vinnuvéla býður Hýsi-Merkúr upp á úrval af notuðum vinnuvélum, jafnt til sölu sem leigu. „Við flytjum inn notaðar vélar frá Rūko GmbH Baumaschinen. Þar höfum við afar

„Við leggjum mikla áherslu á gagnkvæmt traust og virðingu og að þjóna viðskiptavininum.“

góð sambönd og getum þannig boðið upp á úrval notaðra vinnuvéla við allra hæfi. Sala og leiga notaðra vinnuvéla er talsverður hluti af rekstri okkar en nær þriðjungur tekna okkar kemur úr þessum flokki.“

Starfsmenn Hýsis-Merkúrs eru mjög reynslumiklir og hafa flestir þeirra starfað árum saman við innflutning, sölu og ráðgjöf á þessum krefjandi en jafnframt mjög svo spennandi markaði. „Við leggjum mikla áherslu á gagnkvæmt traust og virðingu og að þjóna viðskiptavinum í hvívetna. Þannig höfum við ráðið fleiri starfsmenn undanfarið og fjölgað þjónustubílum. Einnig má nefna að við höfum hafið framkvæmdir við nýtt húsnæði sem stendur við hlið Bauhaus en húsið mun meðal annars hýsa mjög gott verkstæði sem gerir okkur enn betur kleift að þjónusta viðskiptavinum okkar.“

Allar nánari upplýsingar um Hýsi-Merkúr og vinnuvélar þess má finna á www.merkur.is.




„Við þjónustum að mestu leyti jarðvinnuverktaka og byggingaverktaka auk þess sem mörg sveitarfélög landsins og smærri fyrirtæki eru líka í viðskiptum hjá okkur,“ segir Kristófer S. Snæbjörnsson, sölustjóri véla- og tækjadeildar Hýsis-Merkúrs. MYND/GVA



MERKÚR

LIEBHERR 81 K



Fyrir atvinnumenn

Vinnubílar frá Mercedes-Benz eru í sérflokki hvað varðar gæði, þægindi, endingu og hagkvæman rekstur. Vinnubílalínan spannar allt frá lípum sendibílum upp í öflugustu flutningabíla.

Söludeild atvinnubíla Öskju hefur fengið nýtt og glæsilegt heimili að Fosshálsi 1. Öll aðstaða er nú þægilegri og rýmra um bæði trukka og viðskiptavini.

Kíktu í heimsókn á Fosshálsinn – við tökum vel á móti þér.





Mercedes-Benz

Trucks you can trust

Sérhæfðir í vagnaviðgerðum

Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið ehf. í Tranavogi 3 er 25 ára í ár. Verkstæðið sinnir viðgerðum og viðhaldi fyrir allar gerðir vörubíla og tengivagna en hefur sérhæft sig sérstaklega í vagnaviðgerðum. V&V fékk viðurkenningu sem Framúrskarandi fyrirtæki 2014.

Pabbi og mamma, þau Björn Guðmundsson og Kristín Guðmundsdóttir, stofnuðu fyrirtækið árið 1990. Pabbi byrjaði með tvær hendur fullar af verkfærum og stóð vaktina einn fyrstu fjögur árin. Með tímanum fjölgaði starfsmönnum og árið 1996 var byggt þetta hús hér í Tranavogi 3 þar sem við störfum enn þann dag í dag,“ segir Guðmundur Björnsson, einn eigenda Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðisins ehf. Með tilkomu hins nýja húsnæðis breyttust einnig áherslurnar í starfsemi. „Ákveðið var að minnka áhersluna á vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið og fara meira út í vagnaviðgerðir en þar liggur okkar sérþekking í dag.“

Af hverju var farið út í þessar áherslubreytingar? „Fyrirtækið fékk tækifæri til að taka við þjónustu hjá einu af stærstu landflutningsfyrirtækjum í Reykjavík. Þar sem húsið býður ekki upp á fjölþætta starfsemi þurfti að velja á milli verkefna og þá var tekin þessi stefna,“ svarar Guðmundur.

Þekking og reynsla

Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið sérhæfir sig sérstaklega í öllu sem tengist hjólabúnaði í tengi- og festivögnum, bremsum, legum og fjaðrabúnaði til dæmis. „Það er nóg að gera í því. Við erum með fáa en stóra kúnna sem eru flestir hér í kringum okkur. Þetta eru landflutningafyrirtæki sem flytja vöru og fisk,“ segir Guðmundur en verk-

stæðið sér bæði um viðhald og viðgerðir þessara vagna. „Við sjáum til dæmis til þess að þessi tæki fari í gegnum umferðarskoðun hjá Frumherja.“

Guðmundur segir verkstæðið búa yfir góðum búnaði til viðgerða og viðhalds á tengivögunum. „Í mörgum þessara vagna í dag eru rafstýrðar bremsur (EBS) og annar tölvustýrður búnaður og við erum með tölvukerfi og búnað til að bilanagreina, sem fáir aðrir búa yfir,“ segir Guðmundur og bætir við að fáir veiti þjónustu á þessu sviði enda komist færri að en vilja á verkstæðinu.

Heiðarleiki og skjót vinnubrögð

Tranavogurinn hentar að mati Guðmundar fullkomlega fyrir starfsemi á borð við þá sem Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið býður upp á. „Viðskiptavinir okkar eru hér í næsta nágrenni sem er mikill kostur enda gera þeir talsverða kröfu um skjóta þjónustu. Helst á bíllinn að geta farið inn á verkstæði og út á fjórum tímum til að komast beint í næstu ferð. Það er því pressa á okkur alla daga frá átta til sex,“ segir hann glaðlega.

Annað sem lögð er mikil áhersla á hjá verkstæðinu eru vönduð vinnubrögð, heiðarleiki og áreiðanleiki. „Við reynum alltaf að halda viðskiptavinum okkar upplýstum um hvert verkefni enda liggur mikill peningur í hverri viðgerð. Við tökum því ekki stórar ákvarð-



Guðmundur er hér með Grétari Agnarssyni sem hefur starfað hjá Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðinu í sautján ár, og er potturinn og pannan í starfsemi.

MYNDVALLI

anir nema í samráði við kunnana okkar,“ segir Guðmundur og bendir á að V&V hafi fengið viðurkenningu sem Framúrskarandi fyrirtæki árið 2014 hjá Credit Info.

Haldið upp á afmælið

„Ætlunin er að halda upp á 25 ára afmæli fyrirtækisins í lok mánað-

arins með því að halda veislu fyrir viðskiptavinum og aðra sem tengjast okkur,“ segir Guðmundur kátur. Hann sjálfur ólst upp innan um vörubíla á verkstæði pabba síns. Hann lærði viðskiptafræði en var alltaf með puttana í viðgerðum og lærði af föður sínum. „Ég kom á fullu inn í fyrirtækið árið 2006

og tók við því 2007,“ segir hann. Aðeins ári síðar, árið 2008, varð Björn, faðir hans bráðkvaddur. Guðmundur telur að pabbi sinn væri ánægður með stöðu fyrirtækis síns í dag. „Já, og ég held að hann sé hérna hjá okkur. Við heilsum honum í það minnsta alltaf á hverjum degi.“

Íslenskar sveitir losna úr álögum

Landbúnaður á Íslandi tók miklum breytingum með tilkomu vinnuvéla. Fyrsti traktorinn kom til landsins 1918 en stærstu breytingarnar urðu í lok seinni heimsstyrjaldar. Stuðningur ríkisvaldsins og félagslegar lausnir við kaup og rekstur vinnuvéla skiptu miklu máli.

Vinnuvélar voru teknar í notkun í íslenskum landbúnaði laust fyrir árið 1920. Fram að þeim tíma var afl vinnuhestanna nánast það eina sem bæst hafði við mannsflið frá órófi alda. Með stofnun íslensku búnaðarskólanna á níunda tug nítjándu aldar breiddust jarðvinnsluverkfæri, plógar og herfi fyrir hesta, út um sveitir sem og kunnáttu í meðferð þeirra. Að sögn Bjarna Guðmundssonar, prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands, voru þetta miklar framfarir sem leiddu af sér algjörlega nýja hugsun í landbúnaðarframleiðslu hér á landi.

Fyrsti traktorinn kom til Íslands árið 1918 en markmiðið með kaupunum var að auka ræktun, meðal annars á kartöflum, sem vaxandi markaður var fyrir. „Þetta var bandarískur Avery-traktor sem var 16 hestöfl. Það voru útvegsbændur á Akranesi, Þórður Ásmundsson og fleiri, sem keyptu traktorinn með atbeina Stefáns B. Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, sem hafði kynnst vélarafli til landbúnaðar vestur á sléttum Kanada.“

Að sögn Bjarna var ræktun á þessum árum einkum engjaræktun með hand- og hestaverkfærum. „Þar voru áveitur hátt á lista, það er umbætur til þess að vökva engjalönd svo þau skiluðu meira grasi. Stór plön voru gerð um áveitur austur í Árnessýslu og árið 1919 var keypt skurðgrafa til þess að grafa aðal-

skurðinn fyrir Skeiðaáveituna. Með vissum hætti má kalla hana fyrstu vinnuvélina sem gagnaðist íslenskum bændum. Skurðgrafa þessi átti sinn þátt í þeim stórkostlegu ræktunarframkvæmdum sem Skeiða- og síðar Flóaáveitan urðu og á grunn þeirra byggðist öflugur landbúnaður í neðanverðri Árnessýslu.“

Sumarið 1921 kom fyrsti þúfnabanninn til landsins sem notaður var til að slétta þúfnurnar sem þvælst höfðu fyrir sláttumönnum í aldaradír. Stærstu skrefin í sögu vinnuvéla í landbúnaði voru þó tekin í seinni heimsstyrjöldinni að sögn Bjarna, eða á árunum 1942-1943. „Á þessum tíma komu skurðgröfurnar fram og beltavélar með ýti-tönn, sem síðar voru kallaðar jarðýtur. Ræktunarmenn renndu hýru auga til mýranna, að þar mætti rækta ný og stór tún, en til þess þurfti að ræsa þær fram og þurrka. Svo komu glöggir menn auga á sérstaka skurðgröfugerð sem vel hafði reynst vestur í Nýja-Íslandi í Kanada, skurðgröfur með dragskóflu. Þær voru keyptar og á næstu árum fóru þær tugum saman um sveitir landsins og ræstu fram mýrar, nær allar í ríkisvæddri félagsseign. Hins vegar voru menn í vandræðum með uppmoksturinn en þá komu jarðýtturnar til sögunnar. Segja má að jarðýtturnar hafi verið tímamótavélar því með þeim mátti rækta tún á vorin og haustin, leggja vegi á sumrum og ryðja snjó á vetrum.



Bjarni Guðmundsson, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, stendur hér við skerpiplóginn sem naut mikilla vinsælda sem vinnutæki á jarðýtur við nýbrot mýra upp úr miðri síðustu öld.

MYND/UR EINKASAFNI

Eiginlega losuðu jarðýtturnar íslenskar sveitir úr álögum og einangrun.“

Aðstaða vinnuvélarekils var ákaflega frumstæð á fyrstu árum vinnuvéla að sögn Bjarna. „Sætin voru til dæmis úr járnplötu ellegar pottsteypu. Menn stungu kannski heyvísk, strigapoka eða gæruskinni undir rassinn til þess að mýkja og

ylja. Jarðýtusætin voru bólstruð sem þótti munaður. Fjöldrun sætanna var lítil sem engin og álag á líkamann, einkum bakið, oft og tíðum ómennskt, enda voru það ekki nema hraustmenn sem héldu verkin út.“

Erlend tækni átti greiða leið hingað til lands og hvað landbúnaðinn snertir telur Bjarni að bæði stuðningur ríkisvaldsins og ekki

síður félagslegar lausnir við kaup og rekstur vinnuvéla hafi skipt ákaflega miklu máli og ýtt duglega við þróuninni. „Sérstaða okkar liggur líka í því hve tímabil vinnuhestanna í sveitum var stutt miðað við nágrannapjóðir. Menn vildu, margir hverjir, hlífa hestunum en tóku fagnandi nýrri og afkastamikilli véltækni.“

Armar leigja smá og stór vinnutæki

ARMAR er stærsta leigufyrirtæki í byggingariðnaði á Íslandi og státar af bílum, tækjum og fjölbreyttum vélakosti fyrir allt landið. Mikið af nýjum tækjum og vélum í boði í sumar. Fyrirtækið er vel undirbúið fyrir sumarið sem er mesti annatími ársins.

Auðunn Svafar Guðmundsson, eigandi Arma, segir að fyrirtækið sé vel undirbúið fyrir sumarið. „Við bjóðum mikið af nýjum tækjum til leigu en sumarið er mesti annatíminn. Það hefur lifnað yfir byggingariðnaðinum í heild sinni og við finnum einnig fyrir vaxandi áhuga hjá húsfélögum að hefja húsavíðgerðir og málningarvinnu. Við erum með tólf manns í vinnu og nóg að gera,“ segir Auðunn Svafar.

Armar var stofnað árið 1999 en fyrirtækið hefur vaxið og dafnað með árunum. „Við byrjuðum með einn glussakrana til leigu. Síðan þá hafa bæst við fleiri dótturfélög en í dag erum við með fjögur sjálfstæð leigufélög, Armar Vinnulyftur, Armar Mót & kranar, Armar Jarðvélar og Armar Bílar,“ útskýrir Auðunn.

Fyrirtækið flutti á síðasta ári í nýtt húsnæði við Kaplahraun í Hafnarfirði. Við það gátu öll félögin fjögur komist undir sama þak „Við erum afskaplega ánægð með þetta nýja húsnæði og höfum stórt og gott útsvæði hér í kring.“

Armar Vinnulyftur leigir út tæki eins og spjót- og skæralyftur, skotbómulyftara, gaffallyftara og smágröf. „Við erum einnig með önnur minni tæki sem nýtast vel á verkstöðum eins og loftpressur, jarðvegsþjöppur, rafstöðvar og fleira. **Armar Mót & kranar ehf.** er leiga og sala á steypumótum og öðrum fylgihlutum svo sem hífíkrókum, klemmum og úðabrusum. Helstu umboðsaðilar eru Peri og Nevoga sem eru einna stærstir í

heimi í framleiðslu á byggingamótum og fylgihlutum.

„Við leigjum líka út Liebherr-krana en nýir kranar hafa bæst í safnið nýlega. Einnig erum við með ný steypumót frá Peri, Maximo, en þar eru spennandi breytingar fram undan. Flottur móta-veggur er í sýningarsalnum hjá okkur, öllum er velkomið að koma og fá sýnikennslu. Einnig erum að reyna að kynna Nevosafe frá Nevoga fyrir verktökum. Nevosafe er smellt yfir járnteina sem standa gjarnan upp úr húsa grunnnum, frábært öryggisatriði.“

Armar Jarðvélar ehf. er leiga á stærri jarðvinnutækjum eins og belta- og hjóla-gröfum, búkollum og jarðýtum. „Það er mikið af nýjum tækjum til leigu hjá okkur. Caterpillar er stærsti umboðsaðili okkar í Jarðvélum og ættu allir verktakar að þekkja vel það merki, og þá af góðum gæðum. Armar Jarðvélar bjóðast einnig til að aðstoða verktaka við að eignast tækin með „leigu til kaups“-fyrirkomulagi,“ útskýrir Auðunn en hægt er að kynna sér „leigu til kaups“ betur með því að hafa samband við starfsmenn fyrirtækisins.

Armar Bílar ehf. var stofnað vegna aukinnar eftirspurnar viðskiptavina eftir bílum sem hægt væri að nota á verkstöðum um land allt. „Við erum með allt frá smábílum til stærri jeppa en eingöngu er um rekstrarleigu að ræða.“

Hægt er að kynna sér starfsemi nánnar á heimasíðu fyrirtækisins armar.is.



Bjarni Þorgilsson, verkstæðisformaður Arma Vinnulyftna.



Þorleifur Eliásson, sölustjóri Arma Móta & kрана.

MYNDR/STEFAN



ARMAR

EITT STÆRSTA LEIGUFYRIRTÆKI Í BYGGINGAIÐNAÐI Á ÍSLANDI



› VINNULYFTUR



› JARÐVÉLAR



› MÓT&KRANAR



› BÍLAR

KÍKTU Í HEIMSÓKN Í NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR OKKAR Í KAPLAHRAUNI 2-4

Kaplahrauni 2-4, 220 Hafnarfirði / Sími: 565 4646 / www.armar.is / armar@armar.is



Lögreglutraktorinn er vígalegur.

Eini löggutraktor Noregs

Í Noregi er til afar sérstakur traktor sem merktur er lögreglunni í bak og fyrir. Honum er þó ekki ætlað að elta uppi óþekka bændur eða stjórna umferð. Hlutverk hans er aðeins sérhæfðara því hann sér um að koma lögregluþyrlu á loft eins hratt og hægt er. Frá þessu er greint á vefsíðu rb.no.

Nánar tiltekið dregur traktorinn kerru sem hin þriggja tonna þunga þyrla stendur á út úr flugvélskýlinu og út á þyrlupallinn.

Traktorinn vinnur starf sitt á Gardermoen-flugvælinum í Ósló og tilheyrir þyrlupjónustu norsku lögreglunnar. „Ástæðan fyrir útliti traktorsins er sú að flugvöllurinn gerir kröfu um að öll farartæki sem þurfa að ferðast um innan flugvallarins þurfi að vera merkt fyrirtækjalógó. Þar sem okkar fyrirtæki er lögreglan fannst okkur ekki annað hægt en að merkja okkur traktorinn í bak og fyrir í litum lögreglunnar,“ segir flugstjóri þyrlunnar, Ødegaard, í viðtali við vefsíðuna.

En hvað með bláu ljósin? „Þau eru meira upp á punt, en þau virka,“ segir flugstjórinn.

Að öðru leyti er um afar venjulegan traktor að ræða af gerðinni Case. „Flestir hlæja þegar þeir sjá fararskjótann og spyrja hvort hann komist hratt. Það gerir hann ekki,“ útskýrir Ødegaard.



Starfsmenn atvinnubílasölu Öskju, Þorsteinn Ólafsson, Agnar Danielsson og Páll Halldór Halldórsson.

Atvinnubíladeild Öskju flytur á Fossháls

Söludeild **atvinnubíla Öskju** hefur flutt í nýjan og glæsilegan sýningarsal að Fosshálsi 1. Salurinn er alls 350 fm að stærð og þar verða til sýnis hinir vinsælu atvinnubílar Sprinter, Vito og Citan frá Mercedes-Benz.

Við erum afar ánægð með að opna sérstakan sýningarsal fyrir atvinnubíla Mercedes-Benz og við hlökkum til að taka til starfa hér á Fosshálsinum.

Allir atvinnumenn þekkja Mercedes-Benz atvinnubíla og vita hvað þeir standa fyrir hvað varðar gæði, þægindi, endingu og hagkvæman rekstur. Sprinter, Vito og Citan eru flottir og spennandi sendibílar í stækkandi atvinnubílaflota Mercedes-Benz,“ segir Agnar Danielsson, sölustjóri

Mercedes-Benz-atvinnubíla hjá Öskju.

Vito er með mikla burðargetu, alls 1.369 kíló, og öflugan akstursöryggisbúnað. Vito er bæði framleiddur sem sendibíll og fólksflutningabíll. Citan er boðinn í ýmsum útgáfum, m.a. sem fjölnotabíll og hann kemur í mismunandi lengdum og býður upp á fjölmarga notkunarmöguleika. Sprinter hefur verið afar vinsæll og traustur bíll hér á landi sem og annars staðar og einn mest seldi bíllinn í sínum

flokki um árabil. Allir bílarnir hafa fengið góða dóma fyrir aksturs-eiginleika, gæði og hagkvæmni.

Einnig verða seldir V-Class, og hin breiða vörubílalína Mercedes-Benz auk hópferðabíla Mercedes-Benz og Evobus. Mercedes-Benz er stærsti framleiðandi atvinnubíla í heiminum í dag. Á Íslandi hafa bílarnir verið feikivinsælir og mest seldir í mörgum af sínum flokkum. Öll þjónusta við Mercedes-Benz-atvinnubíla verður áfram í höfuðstöðvum Öskju á Krókhálsi 11.

VINNUPJARKAR SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!



Langendorf
high tech on wheels



KLETTUR



Auðveldaðu þér vinnuna með góðum græjum

Stanley pinnasuðuvél STAR 2500

Verð: 21.018 kr.

Allar gerðir af rafsuðuvélum
frá Stanley á lager á góðu verði.

STANLEY



BMI snúningslaser 64808AHV sett

BMI

Drægni: 300 m með móttakara
Sjálfstillandi
Nákvæmni: +/-3 mm / 30 m
NiMH hleðslurafhlöður
Taska fylgir með móttakara,
fjarstýringu ofl.
IP64

Verð: 87.885 kr.



ACDelco ANI405 loftherslulykill 1/2"

Verð: 10.416 kr.

Loftverkfæri í úrvali frá ACDelco.

ACDelco



Ford borvél með höggi

Hleðsluvél 18V 1,5Ah
– 2 rafhlöður, Li-Ion

Verð: 20.925 kr.

Ford



Ford skrúfborvél

Hleðsluvél 18V 1,5Ah
– 1 rafhlaða, Li-Ion

Verð: 16.839 kr.

Ford



Léttar en öflugar borvélar **Panasonic** ideas for life

Panasonic EY 7441 LE2S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 1,5Ah Li-Ion
14,4 V
2 gírar
1,5 kg
Verð: 34.596 kr.



Panasonic EY 7441 LR2S

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 3,3Ah Li-Ion
2 gírar
14,4 V
1,75 kg
Verð: 48.980 kr.



Panasonic EY 74A1 LS2G

Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2 x 4,2Ah Li-Ion
2 gírar
18 V
1,95 kg
Verð: 71.610 kr.



VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuveggi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

Úrval vinnuvéla fyrir ýmis tilefni

Aflvélar selja bæði snjóruðningstæki og sumartæki frá þýska gæðaframleiðandanum Aebi Schmidt. Hundruð slíkra tækja eru í notkun hér á landi. Fyrirtækið rekur einnig stórt og fullkomið verkstæði við höfuðstöðvar sínar í Garðabæ.

Aflvélar ehf. var stofnað árið 2004 og hefur um ellefu ára skeið boðið fyrirtækjum og sveitarfélögum úrval vinnuvéla af ýmsum stærðum og gerðum. Meðal helstu vörumerkja sem fyrirtækið selur er þýska gæðamerkið Aebi Schmidt International en Aflvélar selja bæði snjóruðningstæki og sumartæki frá þeim. Að sögn Friðriks Inga Friðrikssonar, forstjóra Aflvéla, hafa þessar vinnuvélar verið seldar í hart nær 30 ár á Íslandi sem segi sitt um gæði þeirra. „Aebi Schmidt er stærsta fyrirtækið í Evrópu á þessu sviði. Við seljum til dæmis frá þeim úrval af snjótönnum, salt- og sanddreifurum og snjóblásurum. Einnig erum við með bæði litla og stóra götusópa frá sama framleiðanda sem henta við ólíkar aðstæður. Í raun má segja að við séum með sópa frá strákústum upp í stærstu flugbrautasópa og allt þar á milli. Síðan erum við að selja svokölluð sameyki fyrir flugvelli sem samanstanda af stórrí snjótönn, vörubíl, undirtönn og flugbrautarsóp frá Schmidt. Alls eru 12 slík sameyki í notkun á flugvöllum landsins í dag og fleiri eru í burðarliðnum. Samsetning sameykjanna, þ.e. vökva- og rafstýringar og festingar, er hönnuð af okkur, hönnun sem hefur síðan verið notuð og seld til fjölda flugvalla erlendis.“

Hundruð tækja frá ASH Aebi Schmidt til snjóruðnings og sumarstarfa eru í notkun hérlendis að sögn Friðriks Inga og þau eru einnig þjónustuð af starfsmönnum Aflvéla. „Við erum einnig með umboð fyrir fjölnotatæki frá Holder í Þýskalandi, strætisvagna frá Solaris í Póllandi, veghefla frá Veekmas oy frá Finnlandi ásamt fleiri umboðum, þar á meðal snjótönnur, plóga og undirtönnur frá GMI í Noregi, Kuper-slitblöð frá Þýskalandi og slitblöð frá Nordic Roads í Noregi. Stór þáttur hjá okkur er sala á burstum í vélsópa sem við kaupum aðallega frá Weber-burstaverksmiðjunni í Þýskalandi sem er ein af þeim fremstu í Evrópu. Auk þess erum við með hreinsivélar frá Cleanfix í Sviss, gólfþvottavélar, vélsópa, vatns- og ryksugur til að hreinsa húsnæði að innan sem utan.“

Fyrir þremur árum hófu Aflvélar að selja vörur frá Pronar sem er pólskt fyrirtæki og um leið eitt það stærsta í Evrópu í framleiðslu vagna, vinnuvéla og tækja. „Þar má nefna tæki til snjóruðnings á borð við snjótönnur, fjölplóga og snjóblásara, tæki til viðhalds vega að sumarlagi eins og sópa og sláttuvélar, mikið úrval af tengivögnum og stór vörulína af tækjum fyrir landbúnað. Framleiðsla tækjanna er öll vottuð samkvæmt 9001-staðlinum og hefur Pron-



Aebi Schmidt-vinnuvélar hafa verið seldar í nær 30 ár á Íslandi sem segir sitt um gæði þeirra segir Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla. MYND/STEFAN

ar unnið til fjölda verðlauna fyrir framleiðslu sína. Þessum vörum og vélum hefur verið tekið mjög vel hér á landi en við höfum á stuttum tíma selt tugi tækja frá þeim.“

Aflvélar eru með stórt og fullkomið verkstæði við höfuðstöðvar sínar að Vesturhrauni 3 í Garðabæ sem getur tekið við öllum stærðum og gerðum af tækjum. „Þar starfar sérþjálfður starfsmaður

á okkar vegum sem sinnir öllum viðgerðum auk þess að veita viðskiptavinum okkar tæknilega aðstoð.“ Ýmiss konar íhlutir eru líka stór hluti af vöruframboði Aflvéla og má þar helst nefna bursta og slitblöð á snjótönnur. „Á sama stað og í eigu sömu fjölskyldu rekum við fyrirtækið Burstagerðina ehf., sem hefur verið starfandi óslitið frá árinu 1930. Þar smíðum við bursta í hvaða stærð sem

er eftir máli ásamt burstamottum fyrir anddyri. Við bjóðum auk þess bursta sem ganga í öll vörumerkin á markaðinum, eins og götusópa og flugvallarsópa. Einnig bjóðum við upp á slitblöð í snjótönnur af öllum stærðum og gerðum auk ýmissa annarra varahluta í vélarnar okkar sem og önnur vörumerki.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.aflvelar.is.



Hreinsiburstar fyrir illgresi á sláttuorf



Allar tegundir og stærðir af burstum



Sláttuvélar fyrir aflúrtak eða með armi



Hraðahindranir



Schmidt sambyggðir sópar



Sópar á dráttarvélar.



Handsópar



Pronar ZMC 2.0 2 rúmmetra dreginn sópur af dráttarvél, hægt að losa uppsóp í vagn eða gám. Til á lager.



AFLVÉLAR

-fyrir sumarið



Krókheysisvagnar



Vélavagnar



Malarvagnar

Fellihýsi

Umboðssala
á notuðum
tjaldvögnum
fellihýsum
húsbílum
hjólhýsum

Risasýningarsvæði
á Korputorgi

Korputorg 1112 Reykjavík
Sími 511 5000 | utl@vinna.is

Útilegu
maðurinn

Hjólhýsi

STOFNAN 1988
PLANID
bílarsala
517 0000

Stærstir í
hjólhýsum!

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

Korputorgi
1112 Reykjavík - Sími 517 0000
planid@planid.is - www.planid.is
/bilasalanplanid

Bílaþjónusta

B.S. VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða
- vélsöpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Bátar

199 þús!

VEIÐIÞORTIÐ

SWIMAX SLÖNGUBÁTAR
320 - 420 cm frá 199.000 kr.
Veidiþortið Grandagarði 3, s. 552-9940
Nánar á veidiþortið.is

SILUNGANET

HEIMAVÍK 20 ÁRA.
Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík,
Smíðjuvegur 28, rauð gata. 200 Kóp. S.
892 8655 www.heimavik.is

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S:
567 6700.

Varahlutir

VAKA

FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali.
VAKA S:567 6700.

JAPANSKAR VÉLAR EHF.

BÍLAPARTASALA
Erum að rífa flestar teg. frá asú og
evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar
teg. bíla. Ópið 8-18 virka Dalshraun
26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284.
www.japanskarvelar.is

Viðgerðir

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ
SMÁPARTAR**
Getum bætt við okkur nokkrum
kúnnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma
5675040-7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf,
Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo.
Renni diska og skálar. Sérgrein
bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

ÁRATUGA REYNSLA
Tökum að okkur almennt viðhald og
breytingar. Pípulagningajónustan RÓ
ehf. s. 780 3939

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir,
vönduð vinnubrögð mikil reynsla.
Pípulagningajónusta Reykjavíkur S: 770
4499.

Hreingeringar

Hreingeringajónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingeringar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir
og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög,
fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 662
4010 www.vy.is

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR &
UTANBORÐSMÓTORAR

Viðgerðir
Skemmuvegur 34
Írin gata

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á
utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar,
sláttuor, sláttutraktorar,
jarðvegsþjoppur, dælar, kerrusmiði,
Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar,
einnig úrval af notuðum sláttuvélum.
Vélverk JS S. 554 0661. www.
velaverkjs.is

GARÐLIF

Allt sem viðkemur garðinum.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu.
S. 691 9151

Garðþjónusta
Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 517 5900

**FYRIRMYNDAR
GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og vandaður garðsláttur og
trjáklippingar fyrir húsfélög og
einstaklinga. Engi ehf 615-1605,
grasblettur@gmail.com

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og
stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð
á sanngjörnu verði. Bókhald og
þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLARAMEISTARI
Jón Ingvar Garðarsson málarameisteri
tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Löggiltur málarari getur bætt við sig
verkefnum. Pakmálun, úti og inni
málning. S. 693 2625

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór
bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaes.
S. 894 4560 www.flytja.is flytja@
flytja.is

Húsviðhald

VIÐHÖLD

Fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna
fyrir fyrirtæki, húsfélög og
einstaklinga.

- murviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningsvinnu
- tresmiðvinnu
- gluggaskipti
- gleraskipti
- pípuþjón
- flisalagnir
- jarðvinnu
- heilulagnir
- alkæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

k2

LOFTSTOVNAHEIÐSUN

Við hreinsum allar gerðir
loftræstikerfa. Hafðu samband og
pantaðu frjá ástandsskoðun í síma:
557 7000 eða inná www.k2.is

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ

Spámbíll Tarot lestur
og kristalkúla

Vísu 566 7311 eða
Tímáspáttar í síma 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá.
Draumuráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti.
Straumblik ehf. Löggiltur Rafvirktafi.
straumblik@gmail.com

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL
HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnskæðning, panill, pallaefni,
parket, útihurðir, ofl. Gæði á
göðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarólfá. Indus ehf. Óseyrarbraut
2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660
0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

Jera nudd. Nýtt nýtt slakandi
fótanudd, stoðkerfi og höfuð. S. 659
9277

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir
pór, konur og karla. 112 Rvk. S. 698
8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR &
NÁMSKEIÐ

Flug

EINKAFLUGMANNSNÁM
HEFST 1. JÚNÍ,

SKELLTU ÞÉR Á NÁMSKEIÐ!
Láttu drauminn rætast! Skráðu
þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að
atvinnuflugmanni (hefst í sept).
Kvöldskóli - nám með vinnu.
Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir
fluginu. Einnig helgarnámskeið fyrir
14 - 16 ára. Kannaðu málið! Skráning
á www.flugskoli.is

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014,
hjálpá við endurtökupróf og
aksturmat. Ævar Friðriksson s. 863
7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu 4ja herb, íbúð m/bílastæði í
bílgeymslu í Seljahverfi. Engin gæluþý
leyfð. Langtímaleiga. Uppl. í s. 893
9777

Vantar þig starfsmann?
- við leysum málið.

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is

og af hverju er ekki búið að breyta þessu? Hvað eru margir að vinna á þessum skrifstofum þeirra og hvað hafa þeir verið að gera? Ég er með á þriðja hundrad manns í vinnu. Þeir hafa ekki komið hingað og spurt mig hvað er hægt að gera og hvað er framundan?“ segir Helgi. Hann sjái ekki þessa fulltrúa stéttarfélaganna. En síðan fái hann bara allt í einu fréttir af því að fólkið hans eigi að hætta að vinna. En starfsfólkið sitt vilji alls ekkert hætta að vinna, því sé meira umhugað um það að það sé að fara í sumarfrí.

Helgi bendir líka á að þeir sem séu ósáttir við launin sín geti hætt í vinnunni og farið að vinna annars staðar. Launamenn séu frjálsir ferða sinna. „Maður var ekki alltaf sáttur þar sem maður var að vinna sem ungur maður. En maður gat hætt,“ segir Helgi. Aftur segist hann ekki útiloka að lægstu laun séu of lág, en spyr hvort það sé ekki bara eitt prósent sem er á lægstu launinum. „Og hverjir eru í þessu eina prósentu? eru það sextán, sautján ára gamlir krakkar? Hvað eru margir 25 ára á þessu? Eða 35?“ spyr Helgi. Hann ítrekar orð sín í fréttum Stöðvar 2 í síðustu viku að hann sé tilbúinn til þess að taka þátt í að hækka laun ef hann fær hráefni til að selja. Það sé voðalega vont ef það eru tíu til fimmtán starfsmenn hjá ríkinu í verkfalli sem geti stöðvað framleiðslu hjá honum.

Hvernig snertir staðan á vinnu-markaði þig og þinn rekstur, er orðið erfðara að ná í hráefni?

„Þetta er allt farið að verða leiðinlegt. En maður er svo sem ýmsu vanur. Ég er búinn að vera í þessum bransa í hálföld. Og það verður náttúrulega hrylling-

ur ef maður verður hráefnislaus og fólkið á fullum launum,“ segir Helgi. Menn verði að skilja það að það þurfi að borga laun. „Ég borga ekki launin, það er vinna fólksins sem borgar launin. Menn verða að átta sig á því hvernig þetta virkar.“

Þú með þínar sterku skoðanir, datt þér aldrei í hug að fara í pólitík?

„Nei, ég er með mínar skoðanir í dag. Maður er búinn að vera í skóla lífsins. Og þessi skóli lífsins er það sem ég hef verið að gera og segja í gegnum tíðina,“ segir hann. Það hljóti líka að vera rosaleg tilfinning að vinna á Alþingi, þar sem ekkert gerist og allir eru ósammála. „En maður hefði kannski átt að mæta og hafa áhrif á þá sem vilja vera í þessu. Ég mætti hvergi. Ég mætti bara í mínu fyrirtæki og verkin tala þar,“ segir Helgi. Hann tekur það þó jafnframt fram að hann hafi síður en svo byggt upp fyrirtækið einn. Hann segist þó hafa stutt stjórnmalaflokka fjárhagslega. „Stjórnmalaflokkar eru bara fyrirtæki og þau þurfa að afla tekna. Þeir fá nú eitthvað frá ríkinu og þeir koma í fyrirtækið. Og ég finn ekkert að því. Ég hef svona látið af hendi rakna til þeirra allra sem hafa komið. En ég hef ekkert verið að styðja einn umfram annan,“ segir Helgi.

Heldur minningu sonarins á lofti

„Þegar hann sonur minn var hérna, þá vorum við að spekulera hitt og þetta. Byggðum þetta hús hér sem ég sé ekki eftir að hafa byggt,“ segir Helgi. Hann segir að þeir feðgarnir hafi verið að velta því fyrir sér hvernig þeir ætluðu að láta hlutina þróast hjá sér og þeir hafi verið farnir að velta því fyrir sér að kaupa tæki fyrir gosdrykkjafram-

HELGI HJÖRVAR STUDDI HUGMYNDINA

Það var Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, sem lagði fram frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda árið 2011 þess eðlis að lífeyrissjóðum væri heimilt að reka og leigja út íbúðarhúsnæði. Áður hafði verið lagt blátt bann við því að lífeyrissjóður fjárfesti í fasteignum nema það væri nauðsynlegt vegna starfsemi sjóðsins.

Þegar atkvæði voru greidd um frumvarpið sagði Helgi Hjörvar að nýtt fyrirkomulag myndi greiða fyrir því að auka félagslegar áherslur í húsnæðiskerfinu á Íslandi. Reynsla undanfarinna ára sýndi að lífeyrissjóðirnir hefðu fjárfest í því sem óskynsamlega væri og óheppilegra en íbúðarhúsnæði og fasteignir.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, greiddi hins vegar atkvæði gegn frumvarpinu. „Vegna þess að þetta eykur þrýsting á sjóðsstjórnir að kaupa íbúðir eða taka yfir íbúðir af sjóðfélögum og



Á ALÞINGI Helgi Hjörvar mælti fyrir frumvarpi sem var svo samþykkt.

leigja þær út á lágru leigu. Þar sem hagsmunir fara gegn hagsmunum lífeyrissjóðanna að ávaxta fé sitt eins og hægt er. Ef lífeyrissjóðirnir vilja kaupa húsnæði þá geta þeir stofnað um það hlutafélag og keypt hlutabréf í hlutafélögum og haft millilið á milli sín og þeirra sem leigja af þeim,“ sagði Pétur.

Frumvarpið var samþykkt og þar með var skotið styrkari stoðum undir þann lagagrundvöll sem þarf að vera fyrir hendi til að hægt sé að hrinda þeim hugmyndum í framkvæmd sem Helgi talar fyrir.

leiðslu. Þá hafi þeir byrjað að flytja inn Sinalco. „Ég er nú kannski að þrjúskast við þetta til að hafa hans minningu með manni. Ég veit ekkert hvort maður á eftir að kaupa tæki fyrir þetta, það veit maður ekki. Það hefur ýmislegt breyst,“ segir hann. Hann ítrekar að hann er ekki einn í því að reka fyrirtækið. Hann eigi þrjár dætur, þrjú tengdasyni og þrjú afabörn séu farin að vinna hjá fyrirtækinu. „Þetta er stór hópur og maður sér til. Ég flyt þetta inn frá Þýskalandi og ég sé bara til. Það er ekkert mál að taka einn og einn gám svona. Bara gaman að því,“ segir Helgi.

Þú verður fyrir því áfalli að missa

son þinn, er hægt að ná sér eftir svolíðis upplifun?

„Það er voða mikill munur að missa son sinn og að hann er drepinn. Þetta eru tveir ólíkir hlutir,“ segir Helgi. Hann segir að maðurinn sem banaði syni hans hafi framí viðbjóðslegan verknad og vonar að hann muni aldrei sleppa. „Þetta tekur á en maður verður bara að lifa við þetta og hjólið heldur áfram og það kemur ekkert í staðinn,“ segir Helgi. Hann missti síðar eiginkonuna og telur að sonarmissirinn hafi veri gríðarlegt áfall fyrir hana og svona lagað geti líka verið mikið álag fyrir suma menn. Helgi segist þó hafa getað gleymt sér með

barnabörnunum og hann sé nokkuð hress og hafi gaman af vinnunni. „Þess vegna keypti ég þetta Pizza Hut-dæmi. Og það heldur mér meira gangandi,“ segir hann. „Það hefur mikið að segja. En það er eiginlega vonlaust að lýsa þessu og að hafa síðan misst konuna líka. Hún var mín hægri hönd í fimmtíu ár. Maður áttar sig ekki á þessu fyrr en það gerist,“ segir hann.

Helgi segist hafa reynt að sjá ljósið í myrkrinu og bendir á að eftir að Hannes var farinn hafi komið í ljós að Hannes átti árgamla dreng í öðru landi sem enginn vissi um. Helgi segist hafa heimsótt móður barnsins um leið og hann áttaði sig á tilvist barnsins. „Svo heimsótti hún mig og við höfum náð góðu sambandi,“ segir Helgi. Hann gagnrýnir það að litli drengurinn geti ekki erft pabba sinn fyrr en hann er orðinn átján ára gamall. „Ég hugsaði með mér af hverju hún mætti ekki fá eitthvað af því sem hann skildi eftir til að ala drenginn upp,“ segir Helgi. Hann vildi helst að litli drengurinn fengi eitthvað af eignum föður síns og þannig gætu hann og móðir hans átt íbúð til að búa í. Helgi leggur áherslu á að það séu góð samskipti milli hans og móður drengsins. Drengurinn hafi komið hingað til lands í einn mánuð í fyrra og hann hefði viljað fá hann aftur núna. Úr því verður ekki og því ætlar Helgi að skjótast út og hitta barnið. „Ég er svona smá barnakarl og hann er einn af okkur. En þetta er voða skrytið system að maður kynnist henni á eftir. Vanalegast kynnist maður tengdadóttur og tengdasyni þegar samböndin eru að fæðast. En þarna kemur allt í einu lítill drengur eftir á. Þetta er svona afturábak og svolítið skrytið,“ segir Helgi.

SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

Inniheldur aðeins náttúrulegar jurtir td. Sítrónu Melissu og Chamomillu ásamt blöndu B vítamína og magnesíum.



„Laus við fótaóeirð og sef mun betur“

-Sigríður Helgadóttir



Kynna mat á efnahagsstöðunni: Fulltrúar AGS staddir hér

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er í heimsókn á Íslandi um þessar mundir vegna eftirfylgni við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og sjóðsins.

Sendinefndin hefur átt fjölda funda með fulltrúum stjórnvalda, þingmönnum, Seðlabankanum og fleirum. Peter Dohlman, formaður sendinefndar AGS fyrir Ísland, og Ghada Fayad, fulltrúi í sendinefndinni, munu í dag greina frá mati á efnahagsstöðu Íslands. -jhh

Skuldir Ormsson nema riflega einum milljarði króna en lækkuðu litillega milli ára:

Afkoma Ormsson batnar

Raftækjaverslanakeðjan Ormsson hagnaðist um 34 milljónir króna á síðasta ári. Hagnaður fyrirtækisins jókst verulega milli ára en hann var 1,8 milljónir króna árið 2013.

Þá jókst rekstrahagnaður einnig og var 150 milljónir í fyrra til samanburðar við 94 milljónir króna árið 2013. Handbært fé frá rekstri nam 68 milljónir króna árið 2014.

Skuldir Ormsson nema alls 1.097 milljónir króna en lækkuðu um 67 milljónir króna.

Eigið fé Ormsson nemur 115

milljónir króna. Eiginfjárlutfall var því 9,5 prósent árið 2014 en það var 6,6 prósent árið 2013 og hækkaði milli ára.

Langtímaskuldir Ormsson nema 454 milljónir króna og hafa þær hækkad um 150 milljónir frá árinu 2012. Þá nema viðskiptaskuldir félagsins 428 milljónir króna og aðrar skammtímaskuldir 163 milljónir króna.

Ormsson rekur tvær verslanir í Reykjavík, auk þriggja annarra.

-ih



ORMSSON Ormsson rekur fimm verslanir á Íslandi, þar af eina í Lágmúla. FRÉTTABLAÐID/

Ekki á leið úr evrusamstarfinu: Samkomulag í auglýsni

Yanis Varoufakis, fjármálaráðherra Grikklands, býst við því að samkomulag náist við lánardrottna gríska ríkisins á næstunni.

Fréttastofa BBC segir að fjármunir ríkissjóðs séu smátt og smátt að minnka og fram undan sé 1,5 milljarða greiðsla til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þann 5. júní næstkomandi.

Varoufakis segir Grikki ekki vera á leið úr evrusamstarfinu á næstunni. -jhh

Markmiðið að klára þríþraut í sumar

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir er nýr liðsmaður í sjávarútvegsteymi Arion banka. Helga fór á skak með frænda sínum á námsárunum. Hún segir að landið og miðin hafi alltaf verið sér hugleikin.

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir lét nýlega af störfum sem aðstoðarmaður Sigurðar Inga Jóhannssonar, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, og hóf störf í sjávarútvegsteymi Arion banka.

„Mér list bara stórvel á. Þetta er skemmtilegt umhverfi og auðvitað mikið að læra. Ég er að átta mig á því hvernig húsið snýr og hvar fólk er,“ sagði Helga Sigurrós í samtali við Markaðinn á mánudaginn, en það var fyrsti dagur hennar í nýrri vinnu.

Helga er menntaður sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri og lauk svo gráðu í alþjóðaviðskiptum frá Grenoble Graduate School of Business. Starf hennar sem liðsmaður í sjávarútvegsteymi bankans felst í lánveitingum til sjávarútvegsfyrirtækja mestmegnis, samskiptum við fyrirtæki sem eru í viðskiptum við bankann og öflun nýrra viðskiptavina, svo dæmi séu nefnd.

Helga sinnti ýmsum störfum á meðan hún var nemi. Hún var til dæmis háseti á skaki hjá frænda sínum á Patreksfirði og vann ýmis störf tengd hestum. Sjómennskuna þekkti hún aftur á móti vel úr bernsku. „Ég er sjómansdóttir og hafði farið nokkra túra með pabba. Þannig að þetta var mér ekki með öllu ókunnugt,“ sagði hún.

Helga segir að landið og miðin hafi alltaf verið sér hugleikin. Móðurbróðir hennar hafi alltaf átt dálítið ríkan þátt í að móta hvern hún fór. „Ég hef verið svolítið í hestunum, sem ég kynntist í gegnum hann, og fór með honum á sjó. Að öðrum ólöstuðum þykir mér ákaflega vænt um þau mótandi áhrif sem hann hefur haft á mig,“ segir hún.

Eftir að Helga lauk sjávarútvegsnáminu hefur hún að mestu leyti starfað í stjórnslunni, fyrst á Fiskistofu en svo í ráðuneytinu. „Þannig að það er spennandi að skipta um starfsvettvang. Ég hef góða yfirsýn hinum megin frá og hef kynnt greininni vel og ég hlakka til að nálgast hana úr þessari átt,“ segir Helga.

Þessa dagana stundar Helga mikla hreyfingu. „Ég asnaðist til þess að skrá mig í þríþraut í sumar til að reyna að ná í skottið á mannum mínum, sem er alltaf á hlaupum. Þetta gengur vel, markmiðið er að komast alla leið, en ég mun ekki hreykja mér af neinum tímum,“ segir hún. Fyrst hún skráði sig í þrautina og er búin að ákveða að gera þetta þá klári hún það. „Það er nú svolítið markmiðið almennt,“ segir Helga og segir aðspurð að hún sé fylgin sér.



HESTAKONA Helga Sigurrós Valgeirsdóttir reynir að komast í reiðtúr daglega.

FRÉTTABLAÐID/STEFAN


ALLTAF TIL STAÐAR FYRIR ALLA



Helga Sigurrós er skemmtileg, áráðin, glögg, lausnamiðuð og afar skipulögð. Svo æfir hún fyrir þríþrautarkeppni á sumri

komandi og hún er alltaf til staðar fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Sem er vissulega kostur fyrir aðstoðarmenn ráðherra. Og það verður að segjast eins og er að ráðuneytið er heldur fátækara eftir brottfarir Helgu, en nýi vinnustaðurinn, Arion banki, ögn ríkari. Gallana hirði ég ekki um; man ekki eftir neinum, nema kannski helst að hún skyldi hætta!

Benedikt Sigurðsson, aðstoðarmaður ráðherra.



Helga Sigurrós er ein mest drífandi persóna sem ég þekki og ættu allir að hafa a.m.k. eina Helgu í sínu lífi.

Ef ég ætti að lýsa henni í einu orði þá held ég að „nagli“ yrði fyrir valinu. Helga er sérstaklega skipulögð og er alltaf hægt að stóla á hana. Hún er mikil fjölskyldumanneskja og tekst með sínum frábæru skipulagshæfileikum að mastera heimilið, vinnuna og áhugamálin á sama tíma. Helga er mikil keppnismaneskja í því sem hún tekur sér fyrir hendur og leysir öll sín verkefni af mikilli fagmennsku.

Petra Björk Mogensen vinkona.

Helga er gift Ævari Rafni Björnsyni og þau eiga tvær dætur, tveggja og sjö ára. „Heimurinn eftir vinnu kristallast svolítið í þessu fjölskyldulífi, hvernig maður getur gert það gott og skemmtilegt,“ segir hún. „Áherslan er á fjölskyld-

una, mér finnst gaman að elda góðan mat, vera með eða fara í skemmtileg matarboð og sinna þannig þeim tengslum sem ég á í vinum og fjölskyldu,“ segir Helga Sigurrós sem reynir að komast í reiðtúr daglega.

jonhakon@frettabladid.is

BRYNDIS ASMUNDS STEFANÍA SVAVARS SIGGA BEINTEINS REGINA ÖSK ERNA HRÖNN
JÓHANNES HAUKUR VIGNIR SNÆR

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA NÚNA

TÓNLEIKASÝNING RIGG VIÐBURDA

TINA

DROTTNING ROKKSINS

HLJÓMVEITING RIGG VIÐBURDA ÁSAMT DÖNDRUM
DANSHÖFUNDUR, YESMINE ÖLSSON BÖNNINGASTJARI, PILEPPA ELISDÓTTIR STJÓRNANDI, FRIÐRIK ÖMARI

ÖLL BESTU LÖG TINU TURNER Í MAGNAÐRI UMGJÖRD

13. JÚNÍ 2015
KL. 20:00

MÍÐASALA Í FULLUM GANGI Á HARPA.IS
OG Í SÍMA 528-5050

HARPA RIGG VIÐBURÐIR HÖF

Póstdreifing



FJÖLPÓSTUR SEMVIRKAR

Staðbundin skilaboð, hægt að velja póstnúmer, hverfi, tegund húsa o.s.frv.



MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR

Viðtakandinn er sérstaklega valinn og þannig líklegur til að bregðast við.



MARKPÓSTUR FYRIR RÉTTA FÓLKIÐ

Ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.



ERTU ÓÁKVEÐIN/N EÐA ERTU EKKI VISS?
Fáðu tilboð hjá Póstdreifingu fyrir þín skilaboð, hafðu samband
í síma 585 8300 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið
SALA@POSTDREIFING.IS

Áhættufælni og skortur á framsýni leiðir til stöðunar:

Fylgispekt er óvinur vaxtar

Fylgispekt við ríkjandi hugmyndir er vandamál í vestrænum samfélögum því fólk heldur að framtíðin verði betri útgáfa samfélagsins eins og það er í dag en ekki allt öðruvísi.

Fylgispekt (e. conformity) er tilhneiging til að samræma viðhorf, trú og hegðun við þá sem eru í kringum þig. Fylgispektin er býsna kröftugt af sem getur verið í formi félagslegs þrýstings eða áhrifa á undirmeðvitundina. Eins mikið og mannfólkið vill líta á sig sem einstaklinga er staðreyndin sú að flestir vilja passa inn í fjöldann og það þýðir yfirleitt fylgni við hann. Einstaklingurinn er ómeðvitað hjarðdýr.

Bandaríski frumkvöðullinn og milljarðamæringurinn Peter Thiel segir í bók sinni Zero to One að þeir sem helst sigla gegn straumnum fari ekki endilega gegn fjöldanum heldur hugsi sjálfstætt. („The most contrarian thing of all is not to oppose the crowd but to think for yourself.“)

Sjálfstæð, frjó hugsun er forsenda verðmætasköpunar. Ekki trú á að framtíðin verði betri en hún er í dag heldur að hún verði öðruvísi. Steve Jobs hannaði tæki sem eftirspurn var eftir áður en fólk vissi að það vildi eiga þau (iPod, snjallsímar, spjaldtölvur). Það má yfirfæra þessa hugsun á nær öll svið atvinnulífsins. Ef allir væru fylgjandi ríkjandi ástandi þá væri engin ný verðmætasköpun.

Mikil gróska hefur verið í tæknigreinum á Íslandi. Hugbúnaðarfyrirtækin Meniga, Clara, Datamarket og Plain Vanilla eru nærtæk dæmi en einnig Lauf Forks sem framleiðir hjólagaffla úr koltrefjaefnum. Öll þessi sprotafyrirtæki eiga sameiginlegt að vera tiltölulega ung og framleiða vörur sem alþjóðleg eftirspurn er eftir.

Til þess að sprotafyrirtæki blómstri þurfa þau fé og fjárfesting í þeim er áhættusöm. Á dögunum ákváðu Íslandssjóðir og VÍB, eignastýring Íslandsbanka, að falla frá áformum um þátttöku á sjóðnum Engi sem átti að fjárfesta í íslenskum sprotafyrirtækjum.

Bala Kamallakharan, sem hefur fjárfest í 21 sprotafyrirtæki og aldrei tapað á því krónu, hafði safnað tveimur milljörðum króna í stofnfé fyrir Engi frá fjárfestum. Bala er upphafsmaður Startup Iceland-ráðstefnunnar sem verður haldin í fjórða sinn hinn 27. maí í Hörpu. Fjárfestar sem vildu taka þátt í Engi héttu við eftir að stjórnendur Íslandssjóða og VÍB ákváðu að Engi væri ekki áhættunnar virði. Það er út af fyrir sig sérstök ákvörðun að hætta við verkefni þegar það er búið að safna tveimur milljörðum króna en ákvörðun stjórnenda Íslandssjóða og VÍB er birtingarmynd áhættufælni. Þær skýringar voru gefnar að nú þegar væru nokkrir slíkir sprotasjóðir starfandi (Brunnur I á vegum Landsbréfa, sprotasjóður Arion banka og Frumtak) og markaðurinn væri mettur.

Svona hugsunarháttur er einkenni fylgispektar. Af því það er almennt viðurkennt norm að markaðurinn sé X þá þora menn ekki að taka ákvarðanir sem ganga gegn þessu normi.

Óháð umræðu um Engi og hvort það var rétt ákvörðun að hætta við það verkefni er mikilvægt að hafa hugfast að sprotafyrirtæki blómstra ekki nema menn hugsi sjálfstætt og séu tilbúnir að taka áhættu. Óháð því hvað greina megi úr normum markaðarins hverju sinni.

Kerry varar leiðtoga Norður-Kóreumanna við



Í HEIMSÓKN John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er í heimsókn í Suður-Kóreu. Hann segir að sífellt hræðilegri fréttir berist af aftökum norðurkóreskra embættismanna. Hann segir að Kim Jong-Un, leiðtoga Norður-Kóreu, skorti alla virðingu fyrir mannréttindum og að hann gæti á endanum þurft að svara til saka fyrir Alþjóðaglaðpómstólum.

NORDICPHOTOS/AFP

Álvertíð



Fiskveiðar hafa sett á svip á íslenskt mannlíf um aldir. Við höfum á síðustu árum sótt æ fleiri tegundir í fiskimiðin og nýtum nú aflann betur og með fjölbreyttari hætti. Það hefur haft mikla verðmætasköpun í för með sér og lagt grunn að frekari rannsóknum og þróun.

Samkvæmt nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar um þjóðhagslega stöðu og þróun íslensks áliðnaðar er orkuáliðnaður annar grunnatvinnuvegur þjóðarinnar. Orkuáliðnaður byggir á álverum og öllum þeim ferlum, tækni, búnaði og þjónustu sem þau nýta. Þar kemur einnig fram að framlag álvera til vergrar landsframleiðslu (VLF) tæplega tvöfaldaðist á árunum 2007 til 2012. Stærð og umfang þessa atvinnuvegar á Íslandi vekur spurningu hvort hér séu sóknarfæri til aukinnar verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag.

Reynslan hefur kennt okkur að þau fyrirtæki sem sérhæfa sig í lausnum og þjónustu við álverin hafa í kjölfarið getað markaðssett

sínar lausnir erlendis með góðum árangri. Sem dæmi um þetta má nefna fyrirtæki á borð við Vélsmiðju Hjalta Einarssonar (VHE), sem auk þess að þjónusta álverin hér heima smíðar nú sérhæfðan vélbúnað fyrir áliðnað um allan heim. Þá hafa verkfræðistofur á borð við HRV og Eflu sinnt verkefnum víða um heim. Ef sjávarútvegur er áfram hafður til hliðsjónar þarf þessi árangur ekki að koma á óvart, enda hafa firnasterk þjónustu- og tæknifyrirtæki á borð við Marel, Völku og Marorku náð fótfestu á erlendum mörkuðum með sínar afurðir og lausnir.

Sprotar og nýsköpunarfyrirtæki hafa verið nefnd helsta von Íslands til að auka hagvöxt og velferð til framtíðar, samanber skýrslu McKinsey frá árinu 2012. Íslensk sprotafyrirtæki tengd áliðnaði njóta þess að hér eru boðleidir stuttar og innlendir markaður stór, auk þess sem starfsemi allra álveranna þriggja teygir sig út fyrir landsteinana. Þannig má ætla að hagkvæmar og góðar lausnir geti fengið hljómgrunn erlendis. Þarna blasa því við spennandi tækifæri fyrir nýja sprota sem og starfandi fyrirtæki á þessu sviði.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að undirbúa jarðveginn og styðja við nýsköpun tengda áliðnaði. Í því sambandi má nefna að

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur sett á laggirnar þróunarsetur í efnistækni þar sem sérstaklega er hugað að tækjabúnaði og sérfræðipækningu á sviði efnistækni áls og kísilmálms. Þá stóðu Samál og Samtök iðnaðarins síðastliðið haust fyrir stefnumóti um þarfir og lausnir á sviði áliðnaðar. Síðast en ekki síst hefur verið unnið að stofnun álklassa. Þessi vinna hefur verið unnin af fjölmörgum fyrirtækjum sem starfa á þessu sviði auk háskóla og stofnana sem hafa áhuga á framþróun og rannsóknum tengdum áliðnaði og álvinnslu. Hlutverk álklassans er að vera vettvangur umræðu og samstarfs um málefni sem hæst ber hverju sinni. Má þar nefna menntamál, nýsköpun, öryggismál, sókn á erlenda markaði og umhverfismál.

Stefnt er að formlegum stofnfundi álklassans í júní og verður dagskrá og tímasetning auglýst síðar. Allir þeir sem hafa áhuga á nýsköpun og tæknipróun tengdri áliðnaði eru hvattir til þess að kynna sér klasann og huga að þátttöku hvort sem um hæðir verkfræðilega ferla, hönnun, upplýsingatækni, sérhæfðan tækjabúnað, umhverfislausnir eða eitthvað allt annað.

Nú er spurning hvort réttu veiðarfærin séu um borð og hvort kraftur og þor séu til staðar til þess að leita á ný mið.

Þín viðhorf - tvöföld áhrif

Hin hliðin

Herdís Pála Pálsdóttir
ráðgjafi og
markþjálfari

Þín eigin viðhorf eru eins og linsa sem hægt er að horfa í báðum megin frá.

Þegar þú horfir í gegnum linsuna þína og skoðar viðfangsefni þín verður sýn þín á þau lituð af þínum eigin viðhorfum.

Viðfangsefni þín geta verið verkefni sem þú þarft að leysa, samskipti sem þú þarft að eiga o.fl. Það hvernig þú nálgast og leysir, eða leysir ekki, við-

fangsefni þín er því alltaf mótað eða skýrt með þínum viðhorfum – og svo heppilega vill til að þú getur valið þau alveg sjálf eða sjálfur.

Stundum er spurt hvort þú sjáir glasið hálfullt eða hálfómt. Það væri líka hægt að spyrja spurninga eins og hvort þú bíðir eftir tækifærum eða hvort þú skapir þér þín eigin tækifæri. Bíður þú eftir að aðrir komi þér til aðstoðar eða leitar þú leiða til að aðstoða aðra? Glímur þú við vandamál eða viðfangsefni? Bíður þú eftir að aðrir taki fyrsta skrefið til þín ef eitthvað kemur upp á eða tekur þú fyrsta skrefið? Þín eigin viðhorf hafa áhrif á hversu vel þér gengur, í leik og starfi.

Þegar aðrir horfa á þig í gegnum linsuna þína verður sýn þeirra á þig einnig lituð af þínum eigin viðhorfum.

Þeir sem horfa á þig í gegnum linsuna þína eru vinir, vandamenn, samstarfsfélagar, nágrannar o.fl. Birtist þú öðrum sem lausnamiðaður einstaklingur eða einhver sem gefst upp við minnsta mót-læti?

Ert þú einstaklingur sem aðrir gleðjast yfir að eiga samskipti við eða einstaklingur þar sem öllum líður best þegar þú ert víðs fjarri?

Hugsar þú bara um að koma þér áfram eða hugsar þú líka um að hjálpa öðrum við að ná árangri?

Þín eigin viðhorf hafa áhrif á hversu vel þér gengur, í leik og starfi.

Ég er ekki að leggja til að þú hagir lífi þínu, hvort heldur í leik eða starfi, algerlega út frá álitni annarra en í nútímasamfélagi og vinnuumhverfi eru samskipti og framkoma veigamikill þáttur og í því samhengi skipta viðhorf þín mjög miklu máli.

nexus 9



16GB | WIFI

79.995

16GB | 4G

99.995

ANDROID 5.0 LOLLIPOP

Nýjasta Android stýrikerfið með auðveldari leiðum til að skipta milli forrita, flakka um netið, horfa á blómmyndir og hlusta á tónlist.

FULLKOMIN SKJÁGÆÐI

Kristaltær 8.9" IPS skjár með 1538X2048 punkta QXGA upplausn og rispúpolnum Gorilla Glass 3.

TEGRA K1 ÖRGJÖRVI

Nýi fjögurra kjarna Tegra K1 örgjörvinn sem keyrir þingstu og flottustu öppin í fullkomnum gæðum.

9,5 KLST RAFHLÖÐUENDING

Sérstaklega löng rafhlöðuending með stórra 6700mAh rafhlöðu og betri orkunýtingu.

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRÁUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333



18% LAUNAMUNUR

Meiri munur hjá ríkinu

Óleiðréttur launamunur kynjanna á Íslandi var 18,3% á síðasta ári og hefur minnkað frá fyrra ári úr 19,9%, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Munurinn var 19,9% á almennum vinnumarkaði en 13,2% hjá opinberum starfsmönnum. Þar af var munurinn 14,1% hjá ríki og 6,7% hjá sveitarfélögum. Litill launamunur hjá starfsmönnum sveitarfélaga helst í hendur við litla dreifingu launa í þeim hópi og hátt hlutfall kvenna.

18.05.2015 Varðandi traustið þá var það þannig að í upphafi kjörtímabilsins hafði traustið heldur aukist frá því sem hafði verið fyrir kosningar. En ég óttast í þessu átakaferli sem núna stendur yfir og hefur staðið yfir í nokkurn tíma þá muni það bitna á trausti til þingsins. Og við vitum líka að það er fylgni á milli trausts til þingsins og afstöðu til ríkisstjórnarinnar.

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis.



9,6% AUKNING

Skattskyld starfsemi eykst

Velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi í janúar og febrúar síðastliðnum nam tæpum 527 milljörðum króna sem er 9,6% aukning miðað við sama tímabil í fyrra. Á síðustu 12 mánuðum er aukningin 6,3% samanborið við 12 mánuði þar áður. Veltan hefur aukist mest í flokknum námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Fíll í herberginu

Jón Daníelsson, hagfræðiprófessor við LSE, lét þau ummæli falla á fundi SA á dögunum að með því að viðhalda gjaldeyrishöftunum væri Ísland að taka sér hlutverk þorpsfíflsins í samfélagi þjóða.

SEGJA MÁ að með þessum ummælum hitti Jón naglann á höfuðið varðandi þau áhrif sem gjaldeyrishöftin hafa á viðskiptalífið.

ÞAÐ ER nefnilega ekki svo að stjórnendur íslenskra fyrirtækja verði endilega varir við höftin frá degi til dags. Greiðslur fyrir vörur og þjónustu eru undanþegnar, auk þess sem erlendum og innlendum félögum innan sömu samstæðu er heimilt að láta fé flæða á milli takmarkalítið.

VITASKULD er íslenskum aðilum óheimilt að þiggja lán frá erlendum bönkum, auk þess sem ekki er heimilt að fjárfesta í erlendum fjármálagæringum, t.d. hlutabréfum. Allnokkur dæmi eru þó um undanþágur, þá sérstaklega í tengslum við kaup innlendra fyrirtækja á erlendum félögum. Það verður líka að segjast að fæst íslensk fyrirtæki standa í erlendum yfirtökum eða lántökum á hverjum degi.

FRÁ DEGI til dags má því segja að óþægindin stafi einna helst af auknu skriffræði við hversdagslega hluti á borð við millifærslur, en það er þó nokkuð sem þeir sem átt hafa í viðskiptum við stóra alþjóðlega banka eru vanir, og samannburðurinn því varla ferlegur.

HITT er hins vegar verra og það eru þau skilaboð til umheimsins sem felast í höftunum. Snaggara-leg skoðun á lista yfir lönd með gjaldeyrishöft leiðir í ljós að þar sitja lönd á borð við Grikkland, Argentínu og Kúbu. Varla lönd sem hafa það orðspor að vera fjár síns ráðandi.

STAÐREYNDIN er sú að meðan höftin ríkjast situr Ísland í flokki með þessum og fleiri löndum sem ekki ráða við sín mál.

ÞETTA hefur stjórnarmadurinn reynt á eigin skinni í samskiptum við erlenda kollega. Fjárfestar leita í umhverfi sem þeir skilja og þekkja. Menn þurfa hins vegar að setja sig í stellingar til að skilja gjaldeyrishöftin. Þau eru framandi og flókin. Þetta veldur því að flestir erlendir fjárfestar taka til fótanna um leið og á gjaldeyrishöftin er minnst.

ÞAÐ ER synd að þróað ríki eins og Ísland þurfi að búa við tortryggni alþjóðlegra fjárfesta. Hér eru nefnilega ansi margir jákvæðir hlutir til staðar: hátt menntunarsstig og góð tungumálakunnátta, ódýr og umhverfisvæn orka, stuttar vegalengdir og stöðugt stjórnskipti. Fjárfestar leita hins vegar varla hingað í miklum mæli að óbreyttu. Höftin eru fíllinn í herberginu.



Einar Hannesson Hdl.Löggiltur Fasteignasali og leigumálaráði
Þóririnn Jónsson Hdl.Löggiltur Fasteignasali
Óskar Már Sölustjóri gsm 615-8200
Viðir Framkvæmdarstjóri gsm 854-2226
Stefán Páll Sölufulltrúi gsm 694-7186
Agnar Sölufulltrúi gsm 820-1002
Þórir Sölufulltrúi 865-9774
Armann Þór Sölufulltrúi gsm 847-7000
Kristín Sölufulltrúi gsm 894-3003
Helgi Sölufulltrúi gsm 895-1999
Diðrik Sölufulltrúi gsm 647-8052
Björgvin Þór Sölufulltrúi gsm 855-1544
Ívar Sölufulltrúi gsm 690-9090
Haraldur Sölufulltrúi gsm 783-1494
Vera Sölufulltrúi gsm 866-1110
Sveinn Sölufulltrúi 899-8546

DOMUSNOVA

Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

Vindás 3 110 Árbær

Verð 21.500.000



Lækkað verð Opið hús fimmtudaginn 21. maí kl 17:15-17:30 Lækkað verð

Stefán Páll og Domusnova kynna: Vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á 3.hæð með stæði í bílastæðahúsi. Eignin er vel staðsett í grónu hverfi og í göngufæri við grunn- og leikskóla. Íbúðin er laus við kaupsamning.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is

Skjöldur/Drápuhlíð Helgafellssveit

Verð 55.000.000



188 hektarar á Vesturlandi

Domusnova kynnrir í sölu jarðirnar Skjöldur & Drápuhlíð - Ytri í Helgafellssveit

Skjöldur fastanúmer 211-5558 - Landnúmer 136960 - Jörð skráð 33 ha. Drápuhlíð Ytri fastanúmer 211-5492 - Landnúmer 136946 - Jörð skráð 150 ha.

Nánari upplýsingar og gögn veita Óskar í síma 615-8200 eða oskar@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is

Básbryggja 51 110 Reykjavík

Verð 89.900.000



Glæsileg eign

Viðir Kristjáns og Domusnova kynna: Eina af glæsilegustu íbúðum borgarinnar sem staðsett er í fallegu fjölbýli með lyftu í bryggjuhverfinu við Grafarvog. Um er að ræða rúmlega 334 fm vandaða eign þar sem engu hefur verið til sparað. Eignin skartar útsýni til allra átta sem hægt er að njóta af þrennum svölum eignarinnar.

Nánari upplýsingar gefa Viðir Kristjáns S: 854-2226 og vidir@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is

Kleifarsel 16 109 Reykjavík

Verð 35.900.000



Góð eign fyrir stóra fjölskyldu

Domusnova kynnrir: Skemmtileg og snyrtileg íbúð á 3. hæð í Kleifarseli í Reykjavík. Um er að ræða íbúð á tveimur hæðum með 4 svefnherbergjum. Húsið var tekið í gegn að utan árið 2013, m.a. skipt um þak og þakplugga og húsið málað að utan. Góð eign fyrir stóra fjölskyldu.

Nánari upplýsingar gefa Viðir Kristjáns S: 854-2226 og vidir@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is

Hamrakór 16 203 Kópavogur

Verð 64.900.000



Einbýli á tveimur hæðum

Diðrik & Domusnova kynna: 228.5 m² einbýlishús með fallegu útsýni á góðum stað við Hamrakór 6 í Kópavogi.

Lóð & Garður er frágengin með timburvernd og grasi og er hiti í stétt fyrir framan hús. Gólfefni eru eikar-plankar og flisar. Innréttingar eru frá Axis og blöndunartæki frá Tengi. Nettenglar í öllum herbergjum og stofum. Gólfhiti er í öllu húsinu.

Nánari upplýsingar veita Diðrik S: 647-8052 eða didrik@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is

Fróðaþing 48 203 Kópavogur

Verð Tilboð



Einstök eign

Sveinn, Óskar & Domusnova kynna í sölu Fróðaðing 48 í Kópavogi. Um er að ræða einstakt 246.3 m² einbýlishús á einni hæð innst í botnlanga.

Húsið er með mikinn gæðastimpil á sér og var ekkert sparað við byggingu þess. Stórbrotið útsýni er frá húsinu.

Nánari upplýsingar veita Sveinn S: 899-8546 eða sveinn@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is

www.domusnova.is

www.domusnova.is

DOMUSNOVA

Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!

Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU OG SÖLU

Ný 50 m² bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

Óska eftir vönum einstaklingum í hellulagnir og annan lóðaðrang. Vinnuvélaréttindi kostur. Uppl.s. 893-0173.

AU PAIR - NÁLÆGT LONDON

Au Pair óskast fyrir fjölskyldu með 3 ára stelplu í Bretlandi suður af London, nærri London Gatwick flugvelli.

Sendið upplýsingar og spurningar á flg@eclipso.eu

til sölu

75 þekkt næringarefni.

Nýttu fæðuna betur. Vertu í betra formi.

Aloe Vera heilsunnar vegna.



Hlíf og Magnús

S. 822 8245 - 822 8244

maggi.d@internet.is

Sjálftæðir dreifingaraðilar
Forever Living Products

STRÆTÓ BS.

Óskar eftir duglegum og metnaðarfullum bifvélavirkja eða vönum viðgerðarmanni til starfa á verkstæði félagsins á Hesthálsi. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf við viðgerðir, bilanagreiningu og aðra þjónustu við strætisvagna.

Áhugasamir sækji um starfið á www.straeto.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit avintýri

Stefnumót: 905-2000 • 535-9920

Konur, allt frítt í s. 555-4321

Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Símadómur • Livespjall

908-6000 • 535-9999

Kona („Magga“) leitar karlmanns með tilbreytingu í huga. Gefur upp sitt nýja símanúmer. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8505.

Hugguleg kona vill kynast fullorðnum karlmanni með góðar stundir í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8554.

Gullfalleg ung kona (með yndislega rödd) vill heyra í karlmönnum. Gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8308.

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

fundir / mannfagnaður

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands



Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Íslands 2015 verður haldinn miðvikudaginn 27. maí í ReykjavíkurAkademíunni, Þórunnartúni 2, 4. hæð og hefst fundurinn kl. 20. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf. Sjá www.natturuvernd.is

atvinna

Skipstjóri – Vélstjóri

Óskum eftir að ráða skipstjóra og vélstjóra á rækjubátinn Magnús HF-20.

Áhugasamir vinsamlega hafið samband við Snæbjörn Ólafsson í 894-0361.

Trésmiður - Laghentur maður

Verkbær ehf. leitar að trésmið eða laghentum manni til þess að taka að sér létta viðhaldsvinnu í hlutastarfi, starfshlutfall getur verið mjög sveigjanlegt. Viðkomandi þarf að hafa bil til umráða.

Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á gs@doguncapital.is eða hringið í síma 896-9450.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti skólameistara við Kvennaskólann í Reykjavík laust til umsóknar

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara við Kvennaskólann í Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2015



Frá Kvennaskólanum í Reykjavík

Framhaldsskólakennarar

Laus eru til umsóknar eftirtalin störf framhaldsskólakennara við skólann næsta skólaár, 2015-16:

Starf kennara í sálfræði vegna afleysinga – 100% starf.

Starf kennara í sögu vegna afleysinga – 50% starf.

Starf kennara í eðlisfræði – 25% starf.

Æskileg menntun er meistarapróf í kennslugreininni sbr. lög nr. 87/2008. Ráðningartíminn er frá 1. ágúst n.k. Launakjör eru skv. kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnana-samningi skólans.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist skólanum að Fríkirkjuvegi 9. Umsóknarfrestur er til 2. júní nk. Ekki þarf sérstakt umsóknareyðublað. Skólameistari veitir nánari upplýsingar í síma 5807600.

Skólameistari

fasteignir

HÆÐARGARÐUR 29, 108 RVK, 60 ára og eldri OPIÐ HÚS - MIÐVIKUD. 20. MAÍ kl. 17:15-18

Hæðargarður 29, íbúð 502. Þriggja herbergja 77,5 fm útsýnisíbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi ásamt 18,5 fm hlutdeild í sameign. Suðursvalir. Stórbotnið útsýni. Þjónustumiðstöð í næsta húsi. **TILBOÐ.** Uppl. í s. 840 1925.

Jörundarholt 178. – 300 AKRANES

Opið hús miðvikudaginn 20. maí kl. 17:00 - 17:30

- 5 herb. 178,9 fm einbýlishús með bílskúr.

- Eldhús opið inn í stofu og sólstofu.

- Arinn í stofu. Stór svefnherbergi.

- Húsið er á rólegum stað

rétt við golfvöll.

Hafðu samband

ÍRIS HALL

Löggiltur fasteignasali

irishall@landmark.is



V. 35.9.- millj.

LANDMARK

FASTEIGNASALA

ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

Smári Jónsson
SölufulltrúiKristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumíðlari

Skeljanes 4, 101 Reykjavík



Opið hús miðvikudag 20 maí milli kl 17:30 og 18:00

Björt og glæsileg 3ja herbergja, 85,4,0 fm. efsta hæð, útsýni.

Íbúðin er nokkru stærri þar sem hluti hennar er undir súð.

Íbúðin er í fallegu og reisulegu húsi í Skerjafirðinum. Stærð 84 m²

Verð 35.9 m.

Fiskakvísl 13



Opið hús fimmtudaginn 21. maí frá kl 17:30 - 18:00

Rúmgóð og björta fjögurra herbergja útsýnisíbúð ásamt bílskúr.


Íbúðin er 120,3 fm. og bílskúr 20,7 fm. Verð 38.3 m.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is,
s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

Veðurspá

Miðvikudagur

Í dag hefur verið vaxandi sunnanátt og talsvert skýjað sunnan- og vestantil á landinu og nú undir kvöld fór að rigna víða en á norðaustanverðu landinu sást talsvert til sólar og hiti fór nokkuð víða yfir tíu stig.



Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5°	2°	4°	5°	0°	-0°
↗9	↑5	↗6	↓5	←3	↘7
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravelli	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravelli
6°	7°	-1°	2°	7°	-2°
→9	↗9	↑11	↘14	↓15	↓9

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. sæti, 6. kyrrð, 8. hvers vegna, 9. siða, 11. pípa, 12. heiti, 14. pabbi, 16. verslun, 17. kvk. nafn, 18. drulla, 20. tveir eins, 21. krukka.

LÓÐRÉTT

1. úrgangur, 3. skammstöfun, 4. bræling, 5. löng, 7. einhleypur, 10. sóða, 13. sveig, 15. pottréttur, 16. hryggur, 19. ullarfloki.

LAUSN

1. á, 2. s, 3. t, 4. e, 5. a, 6. s, 7. e, 8. a, 9. t, 10. a, 11. p, 12. s, 13. v, 14. b, 15. r, 16. v, 17. s, 18. k, 19. u, 20. k, 21. k. LÓÐRÉTT: 1. hr, 2. au, 3. eh, 4. svæling, 5. sí, 6. ó, 7. ógftur, 8. au, 9. ág, 10. á, 11. í, 12. í, 13. í, 14. í, 15. í, 16. í, 17. í, 18. í, 19. í, 20. í, 21. í.

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



SKÁK

Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson (2.407) hafði svart gegn Lenku Ptácníková (2.284) í fimmtu umferð Íslands- mótisins í skák.



Svartur á leik

28....d3! (28....b3 vinnur einnig) 29. Kf2 Kc6! 30. fxe4 fxe4 31. Ke3 Kc5 32. Ha2 b3 33. Hf2 Hd8 og hvítur gaf. Taflmennskan í Hörpu hefur einkennst af baráttuleði og mikilli spennu. www.skak.is: Sjöunda umferð kl. 17 í dag í Hörpu.

PARADÍSAREYJAN

SRI LANKA

3. - 16. NÓVEMBER

Hrífandi náttúra, einstök menning og fjölbreytt dýralíf sem eiga varla sinn líkan, ævintýraleg upplifun í einstöku umhverfi. Við kynnumst framandi og heillandi heimi sem tekur á móti ferðalöngum með opnum örmum.

Verð kr. 549.300.-

Innfalið í verði: Hálf tæði, flug, hótél, skattar, íslenskur fararstjóri og allar ferðir.

Trans-Atlantic
588-8900
Transatlantic.is

SUDOKU

LÉTT

4	7	8						
2	9			6	1	3		
	6	1	8					
		9	7			6		
	1		4	9				
7						5		
	4	7		1		6	5	
8	2	6			9	7	1	
				4	2			

LÉTT

			8	1				
2	7		5	4	1	6		
3				9	8	4		
	5					7		
1				9				3
6	2		7					
	3					7	2	
				2		4	8	
9		1	8					

MIDLUNGS

PUNG

	8		9					1
		9	4	6	2	7		
5							9	
		5						2 4
8			1	2				7
			3				8	
	5				8			
				5	1			2
4	7	6						5

1	3	7	5	4	8	2	6	9
2	8	5	3	6	9	4	1	7
4	6	9	7	2	1	8	3	5
3	9	1	4	7	2	6	5	8
5	2	4	8	1	6	9	7	3
8	7	6	9	3	5	1	2	4
6	5	8	1	9	7	3	4	2
7	4	2	6	8	3	5	9	1
9	1	3	2	5	4	7	8	6
1	5	3	9	2	4	6	7	8
2	7	8	3	1	6	4	5	9
9	4	6	5	7	8	1	2	3
3	2	4	1	6	5	9	8	7
7	6	1	8	9	2	5	3	4
8	9	5	4	3	7	2	1	6
4	3	2	7	5	9	8	6	1
5	8	7	6	4	1	3	9	2
6	1	9	2	8	3	7	4	5
2	8	7	3	4	9	5	6	1
3	5	6	1	8	2	7	9	4
9	1	4	5	6	7	8	2	3
4	3	8	2	5	6	9	1	7
4	3	8	2	5	6	9	1	7
5	7	6	3	4	2	8	5	
6	9	3	4	7	8	1	5	2
7	4	1	9	2	5	6	3	8
8	2	5	6	1	3	4	7	9

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" 8 - 32mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

8.900 m/vsk

Fullt verð 11.512



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 20 STK

1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett

vnr IBTGABB2001

4.900 m/vsk

Fullt verð 8.500



3.990 m/vsk

5.900 m/vsk

8.900 m/vsk



16.900 m/vsk



1.990 m/vsk



1.990 m/vsk

TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

16.900 m/vsk

Fullt verð 21.256



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 35.732



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk

Fullt verð 34.580



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 150 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 24mm,
Skrúfjárn, tangir, sexkantasett
Slaghamar, krafttöng
Nippillyklar og fl.
vnr IBTGCAI150R

39.900 m/vsk

Fullt verð 54.371



VERKFÆRATASKA STÁL 94 STK

Toppar 4 - 32 mm - Lyklar 6 - 24mm
skröll, skrúfjárn og margt fleira

39.900 m/vsk

Fullt verð 50.617



7 SKUFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri

177.750 m/vsk



NÝ VERSLUN
Skútuvogi 1, Reykjavík

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

CELEB Í NÆRMYND TAYLOR SWIFT

FULLT NAFN **Taylor Allison Swift**

FÆDD **13. desember 1989**
í Reading í Pennsylvaníu

PLÖTUR **Taylor Swift 2006, Fearless 2008, Speak Now 2010, Red 2012, 1989 2014**

KÆRASTI **Plötusnúðurinn Calvin Harris**

PLÖTUSALA **Hefur selt yfir 40 milljónir plötna og var meðal fimm söluhæstu tónlistarmanna í tónlist á vefnum**



Taylor Swift frumsýndi myndband við lagið sitt Bad Blood á Billboard-hátíðinni á sunnudag. Í myndbandinu eru margar af frægustu konum í heiminum í dag. En hver er Taylor?

Ellefu ára gömul vann hún hæfileikakeppni eftir að hafa tekið þátt nokkrum sinnum. Í kjölfarið fór hún til Nashville þar sem hún sendi upp-tökur á útgefendur, en fékk alltaf svarið að hún væri ekki nógu frumleg. Tólf ára fór hún að semja eigin lög og fjórtán ára flutti hún til Nashville og fékk samning við RCA-útgefufyrir-

tækið, sem leiddi til Sony-samnings. 2006 kom fyrsta platan út. Þá var hún tilnefnd til Grammy-verðlauna sem besti nýliðinn og 2008 kom önnur platan út.

Hún varð fyrsti kántrítónlistarmaðurinn til að vinna MTV-verðlaun fyrir besta myndband árið 2009. Síðan þá hefur leiðin legið upp á við og Swift hefur fengið meðal annars sjö Grammy-verðlaun, 16 AMA-verðlaun og 11 Country Music Awards. Swift hefur verið í sambandi við marga menn í sviðsljósinu; Joe Jonas, leikarann Taylor Lautner, John Mayer, leikarann Jake Gyllenhaal og Harry Styles úr One Direction.



ÁNÆGD Swift með Billboard-verðlaunin sín nú um síðustu helgi.



HEILBRIGÐISTÆKNI-DAGURINN 2015

Jáeindaskanni (PET): tækni, rekstur og klínísk not

Fimmti árlegi heilbrigðistæknidagurinn verður haldinn fimmtudaginn 21. maí 2015 í Háskólanum í Reykjavík, stofu M209

Dagskrá:

13:15 - 13:20 Ávarp:
Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins

Tækni og rekstur

13:20 - 14:00 PET, state of the art and future developments
Dr. rer. nat. **Simone Beer**, Forschungszentrum Jülich

14:00 - 14:30 Nauðsynleg aðstaða, kaup og rekstur jáeindaskanna
Brynjar Vatnsdal, heilbrigðisverkfræðingur,
Landspítali - háskólasjúkrahús

14:30 - 15:00 Á að reka jáeindaskanna á Íslandi?
Birna Jónsdóttir, röntgenlæknir, Domus Medica

15:00 - 15:30 Hlé

Klínísk not

15:30 - 15:50 Notkun jáeindaskanna í krabbameinslækningum
Jakob Jóhannsson, yfirlæknir geislameðferðar krabbameina,
Landspítali - háskólasjúkrahús og Háskóli Íslands

15:50 - 16:10 Jáeindaskanni og Alzheimer
Jón Snædal, yfirlæknir á öldrunarlækningadeild á Landakoti,
Landspítali - háskólasjúkrahús

16:10 - 16:30 Listin að koma geislavirkni í meinsemd
Garðar Mýrdal, yfirlæknir, Geislæðlisfræðideild,
Landspítali - háskólasjúkrahús

16:30 Lokaorð fundarstjóra:
Erna Magnúsdóttir, aðjúnt og rannsóknarsérfræðingur,
Læknadeild Háskóla Íslands

Skráning á: skraning@ru.is

Heilbrigðistæknidagurinn er öllum opin og aðgangur er ókeypis



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



ELDHRESSAR Elín Rós Bjarnadóttir og Sólveig Þórarinsdóttir eru tilbúnar í tímamann á laugardag.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

Sleppa sér í stuðinu í Eurovision hot-jóga

Sólir jógasetur heldur fyrsta pop-up jógatímamann á laugardag. Þar verður þemað Eurovision og í tímanum eingöngu spiluð Eurovision-tónlist af öllu tagi.

„Okkur datt þetta bara í hug og fannst þetta brjálæðislega góð hugmynd!“ segir Guðbjörg Friðriksdóttir, hjá Sólum jógasetri. Á laugardag halda þær í fyrsta sinn pop-up jóga og er þemað Eurovision. „Sú sem stjórnar tímanum er mikill Eurovision-aðdáandi. Þetta verður venjulegur hot-jógatími, en með alls konar Eurovision-lögum,“ segir hún. Þær lofa hressum jóga-tíma og ætla að blanda saman alls kyns tegundum af lögum fyrir tímann. „Þetta verður ekki bara róleg

tónlist, eins og er yfirleitt í jóga. Við ætlum að spila íslenskt, erlent, rólegt og hresst allt í bland. Svo er aldrei að vita nema að fólk vilji sleppa sér í dansi í lok tímans, það er bara allt leyfilegt,“ segir hún og hlær. Tíminn er opin fyrir alla. „Það eru allir velkomnir og þú þarft ekkert að vera brjálæður Eurovision-aðdáandi til þess að koma og hafa gaman.“ Fritt er fyrir meðlimi stöðvarinnar, en aðgangseyrir er 2.200 krónur fyrir aðra. Sólir jóga-stöð er til húsa á Fiskilóð 53-55.-asi

Pað eru allir velkomnir og þú þarft ekkert að vera brjálæður Eurovision-aðdáandi til þess að koma og hafa gaman.

→ Eurovision-jóga hefur aldrei verið haldið á Íslandi áður en einu sinni áður í Þýskalandi

Stærðir
36-56

Skráðu þig í **EUROVISION**
lukkupott á staðnum og
þú gætir unnið gjafabréf
í versluninni!

Eurovision PARTÝ Í ZIK ZAK!

Dagana 20-25. maí

ZIK ZAK

T Í S K U H Ú S



KJÓLL
5.990kr
st. 36-58



KJÓLL
5.990kr
st. 36-56



PEYSA
6.990kr
st. 36-52



PEYSA
5.990kr
st. 36-48



KJÓLL
5.990kr
st. 36-54



KJÓLL
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.990
st. 36-54



GOLLA
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.490
st. 36-48



BOLUR
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
st. 36-50



LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
st. 36-50

LAUGARÁSÍÓ **BÍÓ** Coca-Cola LAUGARÁSÍÓ

16 **MAD MAX** **12** **PITCH PERFECT 2**

POWERSYNINGI KL. 9:30

LAUGARÁSÍÓ	Sýningartímar
MAD MAX	8, 10:30 (P)
PITCH PERFECT 2	5:30, 8, 10:30
BAKK	5:50, 8
AVENGERS 2 3D	10:10
ÁSTRÍKUR 2D	5:50

SAMBÍÓIN

MAD MAX

98% ★★★★★

EMPIRE 16

HOT PURSUIT

WINTERSPORN WEGAND

ALFABAKKA

MAD MAX: FURY ROAD 3D	KL. 6:20 - 9
MAD MAX: FURY ROAD 2D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
HOT PURSUIT	KL. 6 - 8 - 10:55
THE WATER DIVINER	KL. 5:30 - 8
AVENGERS 2 2D	KL. 5 - 8 - 10:40
CHILD 44	KL. 10:10

EGILSHÖLL

MAD MAX: FURY ROAD 3D	KL. 5:30 - 8 - 10
MAD MAX: FURY ROAD 2D	KL. 10:30
HOT PURSUIT	KL. 6 - 8 - 10:50
THE WATER DIVINER	KL. 5:30
AVENGERS 2 2D	KL. 8 - 10

KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI

MAD MAX: FURY ROAD 2D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
MAD MAX: FURY ROAD 3D	KL. 10
HOT PURSUIT	KL. 6 - 8
AVENGERS 2 2D	KL. 5:30 - 8:30

KEFLAVÍK

MAD MAX: FURY ROAD 3D	KL. 8 - 10:40
PITCH PERFECT 2	KL. 8
HOT PURSUIT	KL. 10:20

AKUREYRI

MAD MAX: FURY ROAD 3D	KL. 5:20 - 8 - 10:40
HOT PURSUIT	KL. 8
AVENGERS 2 2D	KL. 5 - 10

SAMBÍÓIS

SMÁRA BÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ

[SPOOKS]

THE GREATER GOOD

BYGGÐ Á SJÓNVARPSÁTTUNUM NJÓSNADILDIN

EUROVISION SONG CONTEST

FÁNÝTUR EUROVISION FRÓÐLEIKUR

4 DAGAR Í EUROVISION

★★★★★ Fréttablaðið ★★★★★ Morgunblaðið

BAKK

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

Vetrarstemming á vorkvöldi

BAKPANKAR
Ragnheiðar
Tryggvadóttir



Kvöldsólin baðaði götuna gulum bjarma og í fyrsta skipti í langan tíma fékk ég á tilfinninguna að sumarið væri handan við hornið. Þó var svalt í lofti og nágrannar mínir sem sáust á stjálki úti á svölum voru vel klæddir en einhver vorfiðringur einkenndi andrúmsloftið. Þeir mundu grilltangir. Ilmínn af kryddlegnum sneiðum, kraumandi á grillinu lagði um allt hverfið og ég heyrði klingja í bjórflöskum. Ég var einmitt á leiðinni út í búð að kaupa meðlæti með kvöldmatnum.

SÚ á undan mér í röðinni við kassann var að kaupa dós af hrásalati og álpappír, sjálfsagt til að hefja bókunarkartöflurnar inn í áður en þær færu á glóandi kolin eða lambalærið, með fersku timjan

og smá rósarmaríni. Hún horfði eilítið undrandi útundan sér á það sem ég tindi upp úr körfunni. Litla dós af grænum baunum, rauðkál, malt og appelsín. Það yrði reyndar kjötmeti í kvöldmatinn hjá mér. Ekki marineraðar grillsneiðar, kryddsmjör og kartöflusalat samt.

EFTIR að rafmagníð fór óvænt af frystikistunni fyrir skömmu hefur kjötmeti verið oft á borðum. Rafmagnsleysið uppgötvaðist sem betur fer áður en allt frost var farið úr birgðunum sem þar voru geymdar, en það seint að ekki þótti skynsamlegt að frysta þær aftur. Við tókum því til við að elda. Bóndinn er lunkinn kokkur og á matseðlinum undanfarna daga hafa verið stórsteikur, pottréttir, lasanja og alls kyns kosta-

kræsingar og skiptir þá engu máli hvort það er hversdagslegt mánu dagskvöld. Sparibragur er á kvöldverðinum í hvert sinn.

ÞETTA kvöldið var komið að því sparilegast sem kom upp úr kistunni. Hangikjöt með uppstúf og kartöflum, rauðkáli og grænum baunum yrði það heillinn, þetta sólbaðaða laugardagskvöld í maí. Við vorum með gesti, höfðum í gríni boðið þeim í „jólamat“ og skömmtuðum hátíðlega á diska. Skáluðum í freyðandi jólablöndu. Maturinn rann ljúflega niður í kvöldsólinni.

Í dag er vorfiðringurinn víðsfjarri og vindurinn gnauðar á glugga. Ekkert vit í því að grilla. Það verður hangikjöt í kvöld.

Hugmyndin sem tók óvænt á loft og allir eru að tala um

Barnapössun.is er nýsköpunarverkefni nemenda við Háskólann í Reykjavík. Partur af verkefnislýsingunni var að koma hugmyndinni á framfæri og var fésbókarsíða sett í loftið. Síðan hefur síminn ekki stoppað.

Guðrún Ansnes
Porvaldsdóttir
gudrun@frettabladid.is

„Það er nokkuð ljóst að eftirspurnin er til staðar, við höfum ekki einu sinni skilað lokaskýrslunni en allir vita hvað þetta er,“ segir Heiður Rán, ein þeirra sem vinna að barnapössun.is sem fór á flug í byrjun vikunnar. „Þessi viðbrögð eru ekkert í líkingu við það sem við höfðum gert okkur í hugarlund, og koma okkur vissulega í opna skjöldu, en skerpa enn frekar á að þörfin er greinilega til staðar.“

Um ræðir verkefni hóps á hverfaglegu námskeiði á vegum Háskólans í Reykjavík og standa auk Heiðar þau Gyða Dröfn Sveinbjörnsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Hannes Þór Arnarsson, Helen Rut Ástþórsdóttir og Helga Guðmundsdóttir á bak við verkefnið. Heiður segist hafa fengið hugmyndina, en hún sé tveggja barna móðir sem finnur virkilega fyrir þörfinni á barnfóstrukerfi hér á land. „Það er ekkert grín að vera útí vinnandi með börn, þar sem foreldrar fá sjö daga á ári, óháð fjölda barna, í veikindadaga. Þá á eftir að gera ráð fyrir vetrarfríunum, starfsdögum og öllu þessu sem bætist við,“ segir Heiður og bætir við að oftar en ekki fari frítími foreldra og barna forgörðum þar sem foreldrar neyðist oft til að nýta sumarfrisdaga til að vera heima með börnunum eftir að þessum sjö dögum er lokið. „Þær lausnir sem í boði eru í dag eru aðallega barnapiur á bland.is og Fésbókahópar. Það er ekki sérlega traustvekjandi, finnst okkur,“ segir Heiður og bendir á að hún hafi þó nokkuð oft rekið augun í auglýsingar í svona hópum þar sem myndir af börnum



BARNAPÖSSUN.IS Hópur nema í HR sem vinnur að verkefninu sem farið hefur vel af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eru settar inn og óskað eftir pössun fyrir þau. Að auki sé ólöglegt fyrir einstaklinga undir 15 ára að auglýsa barnapössun á þessum miðlum, sem þó hefur tíðkast í mörg ár. „Við viljum koma á fót kerfi sem byggir á öryggi og eftirliti, þar sem endurgjöf er mikilvægur partur. Þannig sé hægt að vera með aðhald og sigta úr rotin epli,“ segir hún.

Greinilegt er að eftirspurnin er gríðarleg, en síminn hefur ekki stoppað síðan hópurinn stofnaði Fésbókarsíðuna „Þetta er svoltið skritið, allt í einu eru allir að tala um þetta. Nú vonum við bara að þetta hafi í för með sér einhverja fjárfesta og svoleiðis svo við getum látið verða af þessu, því þörfin er greinilega til staðar,“ útskýrir Heiður.

Pað er ekkert grín að vera útí vinnandi með börn, þar sem foreldrar fá sjö daga á ári, óháð fjölda barna, í veikindadaga. Þá á eftir að gera ráð fyrir vetrarfríunum, starfsdögum og öllu þessu sem bætist við.

EUROVISION SONG CONTEST

FÁNÝTUR EUROVISION FRÓÐLEIKUR

4 DAGAR Í EUROVISION

- Pema keppinnar árið 1997 var tækni, en þá var símakosning prófuð í fyrsta sinn.
- Söngvarinn Reynars Kaupers tók eftirminnilega þátt fyrir hönd Lettlands árið 2000 og lenti í 3.sæti með lagið My Star. Síðan þá hefur hann kynnt keppnina og verið stigakynnir. Hann er sá eini sem hefur gegnt þessum þremur hlutverkum.

- Þjóðverjar hafa einungis einu sinni ekki tekið þátt og það var árið 1996, en þá komust þeir ekki í gegnum síu dómnefndarinnar, sem mátti bara velja 22 lög í keppnina.



• Í sigurlaginu árið 1995, Nocturne frá Noregi, voru einungis sungin 24 orð. Annar höfundur lagsins, Rolf Løfland, samdi líka sigurlagið 1985, La Det Swinge með Bobby Socks.

• Celine Dion sigraði Eurovision árið

CELINE DION

1988 með laginu Ne Partez Pas Sans Moi, en það munaði aðeins einu stigi á henni og hinum breska Scott Fitzgerald.

- Þjóðverjar sigruðu í fyrsta sinn árið 1982, en það var söngkonan Nicole með lagið Ein Bißen Frieden. Hún kom öllum á óvart þegar hún söng lagið aftur eftir að hafa unnið og tók það þá á fjórum tungumálum; þýsku, ensku, frönsku og hollensku.
- Aldrei hefur verið styttra

milli keppnisstaða milli ára 2013 og 2014 í Eurovision nema þegar hún var í sama húsi. Keppnisstaðurinn færðist um það bil um 14 kílómetra, en þó í yfir í annað land.



BOBBY SOCKS



GÁMASALA

Hefst í dag!

Vorum að fá gám af Electrolux þvottavélum sem við ætlum að bjóða á ótrúlegu verði dagana 20. – 25. maí eða á meðan birgðir endast.



Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRÐ
30 DAGA
SKILARÉTTUR

Electrolux

Þvottavél 1.200 snúninga

EWP 1274 TDW, 7 kg, orkunýting A++

56.900 kr.

Fullt verð: 69.900 kr.

1808864



Electrolux
5 ÁRA
ÁBYRÐ
30 DAGA
SKILARÉTTUR

Electrolux

Þvottavél 1.400 snúninga

EWP 1474 TDW, 7 kg, orkunýting A++

63.900 kr.

Fullt verð: 74.290 kr.

1805658

Húsasmiðjan er sölu- og þjónustuaðili Electrolux á Íslandi. Öllum vélum fylgir fimm ára ábyrgð og 30 daga skilaréttur.

Byrjunarlið FH ekki skilað einu marki

Varamennirnir kveiktu ekki á FH þriðja leikinn í röð.

FÓTBOLTI Íslandsmeistaræfningin í FH litu ekki vel út í 2-0 tapi á móti Val á Vodafone-vellinum á Hlíðar-enda á sunnudaginn og FH-ingar gengu þar stiga- og markalausir af velli í fyrsta sinn í þrjú ár.

Varamennirnir áttu góða innkomu í leikina sem FH-liðið vann í 1. og 2. umferð en í öllum þremur leikjum hefur verið lítið að fréttu á meðan allir ellefu leikmenn byrjunarliðsins hafa verið á velli. Heimur hefur samt ekki breytt byrjunarliðinu sínu í fyrstu þremur leikjum fyrir utan það að setja Brynjar Ásgeir Guðmundsson inn fyrir Jonathan Hendrickx sem meiddist illa á ökkla í fyrsta leik.

Í fyrstu tveimur leikjum skoraði FH ekki mörk- in fyrir en að Heimur sendi þá Atla Viðar Björnsson og Bjarna Þór Viðars- son inn á. Í báðum leikjum þurfti ekki að bíða lengi eftir fyrsta markinu og FH vann þær 43 mínútur sem þeir spiluðu á móti KR og Keflavík með markatölunni 5-0.

Heimur breytti hins vegar ekki byrjunarlið-

inu sínu fyrir leikinn á móti Val en sendi aftur á móti þá félagi Atla Viðar og Bjarna inn á hvorn í lagi. Bjarni Þór kom þannig inn á 55. mínútu í stöðunni 0-0 og Atli Viðar ekki fyrr en sextán mínútum síðar þegar staðan var orðin 2-0 fyrir Valsmenn.

Eftir þrjú leiki er byrjunarlið FH því búið að spila í samtals 189 mínútur án þess að skila einu einasta marki. Markatala liðsins fram að fyrstu skiptingu í þessum þremur leikjum er meira að segja í mínus.

Fjórfoldi leikur FH er á móti nýlið- um ÍA í kvöld og þá er að sjá hvort Heimur þrjúskist áfram við og stilli upp sama liði eða hvort að hann hvort að hann geri einhverjar breytingar. - 66j

FYRSTU ÞRÍR LEIKIR FH:

1. UMFERÐ Á MÓTI KR

Fyrsta skipting á 72. mínútu

Byrjunarliðið: -1 (0-1)

Eftir fyrstu breytingu: +3 (3-0)

2. UMFERÐ Á MÓTI KEFLAVÍK

Fyrsta skipting á 65. mínútu

Byrjunarliðið: 0 (0-0)

Eftir fyrstu breytingu: +2 (2-0)

3. UMFERÐ Á MÓTI VAL

Fyrsta skipting á 55. mínútu

Byrjunarliðið: 0 (0-0)

Eftir fyrstu breytingu: -2 (0-2)



62 MÍNÚTUR Markatala FH-liðsins með Atla Viðar Björnsson inni á velli er 5-0.

Íslenskur fulltrúi á Heimsmeistaramótinu í Kanada í sumar

FÓTBOLTI Alveg eins og á HM í fótbolta í Brasilíu í fyrra verður íslenskur fulltrúi á HM í Kanada þrátt fyrir að íslenska kvennalandsliðið hafi ekki komist í úrslitakeppnina.

María Þórisdóttir, 21 árs dóttir Þóris Hergeirssonar, landsliðsþjálfara Norðmanna í handbolta, er í 23 manna HM-hópi Norðmanna. María verður í treyju númer tvö en hún er þriðji yngsti leikmaður hópsins.

„Vá, þessu hefði ég ekki trúað fyrir tveimur mánuðum síðan. Þetta verður ótrúlega gaman,“ skrifaði María á Twitter-síðu sína.

María valdi það að spila fyrir norska landsliðið en hún er dóttir Þóris Hergeirssonar, þjálfara norska kvennalandsliðsins í handbolta, og hefur búið alla tíð.

María lék sinn fyrsta landsleik á móti Íslandi í Algarve-bikarnum í byrjun mars en hún spilar fyrir íslenska þjálfarann Jón Pál Pálmason hjá spútnikliði Klepp í norsku deildinni. Klepp-liðið er með jafnmörg stig og Avaldsnes í 2. til 3. sæti deildarinnar í HM-fríinu.

Fyrir ári spilaði Aron Jóhannsson með bandaríska landsliðinu á HM í Brasilíu en hann fékk þá að spila í 67 mínútur.

Fyrsti leikur Norðmanna á HM er á móti Taílandi 7. júní eða tveimur dögum eftir 22 ára afmæli Maríu. Þýskaland og Fílabeinsströndin eru einnig í riðlinum.



Á ALGARVE María lék fyrstu landsleikina í mars.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



TVENNA Á MÓTI FH Liðs- félagar Sigurðar fagna hér með honum fyrra markinu á móti FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Legg nú meira á mig

Sigurður Egill Lárússon hefur komið að öllum mörkum Vals í Pepsi-deildinni.

FÓTBOLTI Sigurður Egill Lárússon er leikmaður 3. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins en hann átti stórleik í 2-0 sigri Vals á FH á sunnudaginn.

„Þetta var frábær dagur og nánast fullkominn leikur,“ sagði Sigurður í samtali við Fréttablaðið í gær en hann skoraði bæði mörk Vals í leiknum og hefur því komið með beinum hætti að öllum fjórum mörkum Valsmanna á tímabilinu en hann lagði upp bæði mörkin í 2-2 jafntefli við Víking í 2. umferðinni. Sigurður segir að leikáætlun Valsmanna gengið fullkomlega upp.

Lengsta æfing sem ég man eftir

„Það var lykilatriði að fá ekki á sig mark í fyrri hálfleik þegar þeir voru með vindinn í bakið. Við vörðumst gríðarlega vel og þeir sköpuðu sér lítið. Svo nýttum við okkur vindinn í seinni hálfleik og

fengum fullt af færum og nýttum tvö þeirra,“ sagði Sigurður en kom frammistaðan honum á óvart?

„Í rauninni ekki. Mér fannst leikurinn á móti Víkingi virkilega

góður og við ætluðum að byggja ofan á hann. Svo þekkir Óli (Ólafur Jóhannesson, þjálfari Vals) vel til FH-liðsins og hann lagði leikinn vel upp. Fyrir leikinn tókum við einhverja lengstu æfingu sem ég man eftir, þar sem við fórum yfir FH-liðið og sérstaklega föstu leikatriðin,“ sagði Sigurður en fjögur af fimm mörkum sem Valur hafði fengið á sig komu eftir uppsett atriði.

Eins og fyrr sagði hefur Sigurður, sem er uppalinn Víkingur, byrjað tímabilið af miklum krafti og er þegar búinn að tvöfalda markafjölda sinn síðan í fyrra. Hann segist hafa æft vel í vetur.

„Ég hef sjaldan verið í eins góðu formi og núna. Maður er loksins farinn að æfa aðeins aukalega og

leggja meira á sig. Og það virðist vera að skila sér,“ sagði Sigurður sem líður best á hægri kantinum.


„Mér líður vel þegar ég er kominn á hægri kantinn og get keyrt inn á völlum en annars er ég ekki að spila öðruvísi en síðustu ár,“ sagði Sigurður sem er á sínu þriðja tímabili með Val.

Evrópusætið er markmiðið

En hversu langt getur Valsliðið farið í sumar að mati Sigurðar? „Ég hef trú á liðinu og við ætlum okkur að vera í toppbaráttu. Við settum okkur markmið fyrir mót að berjast um Evrópusæti.“

Valsmenn sækja Breiðablik heim í kvöld en þá fer heil umferð fram. Sigurður býst við erfiðum leik gegn Kópavogslíðinu sem er með þrjú stig eftir fyrstu þrjár umferðirnar.

„Við erum að fara að mæta sterku liði Blika sem við lágum illa fyrir í átta-liða úrslitum Lengjubikarnum fyrir um mánuði síðan. Við eigum harma að hefna gegn þeim,“ sagði Sigurður Egill Lárússon að lokum. ingvithor@365.is



SIGURÐUR EGILL LÁRÚSSON



FYLKIR – KR

Jói Kalli og félagar í Fylki fá heimsókn úr Vesturbænum þegar Bjarni bróðir mætir með stjörnumprýtt KR-liðið. Bæði lið unnu sannfærandi í síðustu umferð og mæta því full sjálfstrausts í kvöld.

365.is | Sími 1817

365

BÚRI LJÚFUR

Fyrirmynd Búra er hinn danski Havartí-rjómaostur sem athafnakonan Hanne Nielsen þróaði um miðja nítjándu öld á býli sínu „Havarthigaard“ fyrir norðan Kaupmannahöfn. Framleiðsla á Búra hófst árið 1980 á Húsavík en í dag fer framleiðslan fram á Akureyri. Mjúkur og smjörkenndur ostur með votti af ávaxtasætu, ljúfum sítrustóni í lokin og langvarandi eftirbragði. Rjómakennu einkenni ostins parast vel með sætum, örllítið sýrðum ávöxtum, berjum og kryddsultum.



www.odalsostar.is



GLEYMDU BÚNINGUNUM Þór/KA var í bláum varabúningi Þróttar gegn Þrótti í gær og vann 3-0. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðaláherslan á að halda sama liði

Afturelding mætir með nánast sama mannskap til leiks á næsta tímabili.

HANDBOLTI Einar Andri Einarsson, þjálfari Aftureldingar í Olís-deild karla, gerir ráð fyrir því að Mosfellingar tefli fram svipuðu liði á næsta tímabili.

„Eins og staðan er núna er búið að semja við alla leikmenn, en Kristinn Hrafnar Bjarkason er á leið utan í nám og Hrafn Ingvarsson íhugar að leggja skóna á hilluna í bili,“ sagði Einar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Afturelding kom liða mest á óvart í vetur og komst alla leið í úrslit Íslandsmótsins en Mosfell-

ingar voru nýliðar í Olís-deildinni á nýafstöðnu tímabili.

Lykilmenn á borð við Örn Inga Bjarkason og nafnana Jóhann Jóhannsson og Jóhann Gunnar Einarsson eru búnir að semja við liðið að nýju og þá verður markvörðurinn Pálmar Pétursson áfram í herbúðum Aftureldingar. Ekki er þó ljóst hvort línumaðurinn öflugi, Pétur Júníusson, verður áfram í Mosfellsbænum en erlend félög hafa sýnt honum áhuga.

„Það eru einhver lið að fylgjast með honum en það er ekkert komið

inn á borð hjá okkur,“ sagði Einar og bætti við:

„Við vinnum eins og hann verði áfram en það er ekkert ólíklegt að hann fari í atvinnumennsku á næsta árinu.“

Afturelding fékk línumanninn Þránd Gíslason frá Akureyri í vor en Einar gerir ekki ráð fyrir því að styrkja liðið frekar þótt hann útlöki ekkert í þeim efnum.

„Við lögðum aðallega áherslu á að halda sama liði en það var ekkert útséð með það,“ sagði Einar að lokum.



FÖGNUMUR Nýliðar Aftureldingar komust alla leið í úrslit Olís-deildarinnar á nýafstöðnu tímabili en biðu þar lægri hlut fyrir Haukum, 3-0. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

PEPSI DEILD KVENNA

SELFOSS - ÍBV 3-2

Guðmunda Brynja Óladóttir 2, Hrafnhildur Hauksdóttir - Sigríður Lára Garðarsdóttir, Cloe Lacasse.

ÞRÓTTUR - ÞÓR/KA 0-3

- Lára Einarsdóttir, Sandra María Jessen, Klara Lindberg.

AFTURELDING - BREIÐABLIK 1-5

Lovísa Mjöll Guðmundsdóttir - Fanndís Friðriksdóttir 2, Svava Rós Guðmundsdóttir 2, Rakel Hönnudóttir.

KR - VALUR 0-5

- Elín Metta Jensen 2, Vesna Smiljkovic 2, Katia Maanane.

FYLKIR - STJARNAN 0-4

- Harpa Þorsteinsdóttir 2, Ana Victoria Cate, Björk Gunnarsdóttir.

Upplýsingar um markaskorara: urslit.net.



MARKAHÆSTUR Guðjón Pétur Lýðsson í Breiðabliki. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Setja Blikarnir met í kvöld?

FÓTBOLTI Blikar geta í kvöld orðið fyrsta liðið í efstu deild í nútíma-fótbolta sem gerir jafntefli í fyrstu fjórum leikjum sínum á Íslandsmóti.

Breiðablik varð á sunnudaginn aðeins niunda félagið frá 1977 sem gerir jafntefli í fyrstu þremur leikjum sínum á tímabili. Öll hin átta liðin sluppu út úr jafnteflisþrjúundinni í fjórða leik. Blikar hafa gert jafntefli við Fylki (1-1), KR (2-2) og Keflavík (1-1) í fyrstu leikjum sínum en í þeim öllum hefur Guðjón Pétur Lýðsson skorað jöfnunarmarkið.

Breiðablikliðið setti met á síðasta tímabili þegar liðið varð fyrsta liðið í sögu efstu deildar til að gera tólf jafntefli. - 66j

LÍÐ MEÐ ÞRjú JAFNTEFLI Í FYRSTU PREMUR FRÁ 1977-2015:

Víkingur 1977	Fjórði leikur: 1-0 sigur á Fram
Fram 1981	Fjórði leikur: 0-1 tap fyrir Þór
Breiðablik 1981	Fjórði leikur: 3-1 sigur á KR
KA 1982	Fjórði leikur: 2-1 sigur á Fram
KR 1984	Fjórði leikur: 3-2 sigur á Fram
Leiftur 1988	Fjórði leikur: 1-2 tap fyrir Víkingi
Valur 1998	Fjórði leikur: 1-0 tap fyrir Keflavík
Þróttur 1998	Fjórði leikur: 1-0 sigur á Grindavík
Breiðablik 2015:	Fjórði leikur: Á móti Val í kvöld

FUDGE Þú kemst fljótt að!
 ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010



Verkfræðingafélag Íslands



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



Tæknifræðingafélag Íslands



LÆKKUN KOSTNAÐAR VIÐ MANNVIRKJAGERÐ MEÐ GÆÐASTJÓRNUN

Ráðstefna á vegum tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) og Tæknifræðingafélags Íslands (TFÍ)

Fimmtudaginn 21. maí kl. 9:00 - 11:30 í Háskólanum í Reykjavík, stofu V101

DAGSKRÁ

- 9:00** Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, setur ráðstefnuna
- 9:05** Sigurgeir Tryggvason, framkvæmdastjóri fjármálfyrirtækisins Summu
Mikilvægi góðrar stjórnunar fjárfrekra framkvæmda frá sjónarhóli fjárfesta
- 9:25** Helgi Þór Ingason, prófessor við HR
Hvað skiptir máli við innleiðingu gæðakerfa? Kynning á nýrri bók og íslenskrri rannsókn
- 9:45** Gunnar Valur Gíslason, framkvæmdastjóri hjá Eykt
Undirbúningur stærri framkvæmdar (Höfðatorgs) með vönduðum stjórnháttum
- 10:05** Hlé
- 10:20** Þórður Víkingur Friðgeirsson, lektor við HR
Reynslusögur um kostnaðarlækkun við mannvirkjagerð með straumlínustjórnun (e. Lean management)
- 10:40** Guðlaug Aðalrós Sverrisdóttir, gæðastjóri Vestfirskra verktaka
Gæðakerfi Vestfirskra verktaka - reynslusaga um ávinning, kosti og galla og hvað þarf til að árangur náist
- 11:00** Pallborð (frummælendur)
Jón Guðmundsson, verkfræðingur og fagstjóri bygginga hjá Mannvirkjastofnun, stjórnar pallborðsumræðum
- 11:20** Ráðstefnuslit
Ráðstefnustjórinn Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ og TFÍ, tekur saman helstu niðurstöður.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis



VORÚTSALA

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**EPSON SKJÁVARPAR
MEÐ ALLT AÐ
60.000 KR. AFSL.**

**LG SJÓNVÖRP
MEÐ ALLT AÐ
300.000 KR. AFSL.**

48" LED SJÓNVARP

FULLT VERÐ 119.990

TILBOÐ 99.990

TOSHIBA AFSL. 20.000

55" 4K UHD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 299.990

TILBOÐ 229.990

 **LG AFSL. 70.000**

42" LED SNJALLSJÓNVARP

FULLT VERÐ 119.990

TILBOÐ 94.990

 **LG AFSL. 25.000**

48" 4K UHD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 274.990

TILBOÐ 169.990

Panasonic AFSL. 105.000

**BLUETOOTH HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
TDK - JBL - YAMAHA - HARMAN KARDON**

 **YAMAHA** KENWOOD **PHILIPS** *Nikon* **Panasonic** **GRUNDIG** **INTENSO** **UNITED**
harman/kardon **JBL** **OLYMPUS** Dantax **tasco** **TOSHIBA** **JVC** SanDisk enox.  **LG**

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

MORGUNMATURINN



„Hann er aldrei eins hjá mér, veltur á hvað er í ískápnnum hverju sinni. Fæ mér yfirleitt einhvers konar shake, 200 grömm hafnar, bláber, jarðarber, chiafræ, hnetusmjör, spínat og prótein í einni góðri blöndu.“

Hafþór Júlíus Björnsson kraftajötunn

Tyggjótattú fylgir hverri plötu

Dj flugvél og geimskip sendir frá sér nýja plötu, Nótt á hafsbotni, í lok mánaðar.

„Mér fannst mjög mikilvægt að það fylgdi tattú með plötunni. Ég sagði það við þau í Mengi og þau redduðu því bara,“ segir Steinunn Harðardóttir, betur þekkt sem dj flugvél og geimskip. Platan heitir Nótt á hafsbotni, og er ósjálfstætt framhald af fyrri plötu hennar, Glamúr í geimnum, sem fjallaði um geiminn og óravíddir hans.

„Nýja platan fjallar um það sem margir segja að sé andstæða geimsins, hafsbotninn. Ég held að fólk viti mun meira um til dæmis

tunglið en hafsbotninn. Ég fáttaði allt í einu hvað þetta er líkt, til dæmis er jafn mikið myrkur á hafsbotninum og í geimnum. Svo lýsa stjörnur geiminn upp alveg eins og á hafsbotni eru fiskar sem lýsa,“ segir hún.

Á nýju plötunni eru tólf lög, ásamt forspili og eftirspili. „Ég þurfti að ákveða nöfn á helming laganna fyrirfram, og svo valdi ég bara hvaða lög þóssuðu við hvaða nafn. Mér fannst líka mikilvægt að hafa intro og endi,

það gefur svona tóninn fyrir það hvernig manni á eftir að líða að hlusta á plötuna.“ Hún segir plötuna hafa átt að vera með sumar-slögurum, en þar sem hún var tekin í vetur breyttist það. „Ég tók hana upp í húsum ættingja minna úti í sveit. Það var svo ógeðslega kalt og dimmt og svo voru draugasögur í útvarpinu, þannig að hún varð smá drungaleg.“

Útgáfutónleikarnir verða haldnir þann 3. júní í Mengi. - gló



LITRÍK Steinunn hvetur gesti til að mæta með tattúin á tónleikana, og vera í litum sem passa við sjávarþemað.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ABSALON
Sígild hönnun – frábært verð!



ABSALON 3JA SÆTA SÓFI

Slitsterkt dökk- og ljósgrátt áklæði.

Stærð 178 x 83 H: 86 cm

Fullt verð krónur 99.990 **TILBOÐSVERÐ: 79.990 kr.**



IDdesign



ABSALON STÓLL

Slitsterkt dökk- og ljósgrátt áklæði.

Fullt verð krónur 69.990

TILBOÐSVERÐ: 55.990 kr.



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is



MIKIL TENGLS Hér má sjá Egil Ólaf Thorarensen, Gísli Pálma og Sölva Blöndal. Þeir eru allir miklir mátar og munu troða upp í Gamla bíói þann 4. júní.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Quarashi kemur fram með Gísli Pálma 4. júní

„Gísli er að búa til framhaldslíf fyrir íslenskt hip-hop,“ segir Sölvi Blöndal. Meðlimir Quarashi og Gísli Pálmi hafa tengst bræðraböndum lengi. Sveitin treður upp á útgáfutónleikum Gísli Pálma sem verða í Gamla bíói.

„Ég man enn þegar ég heyrði fyrsta lagið með Gísli Pálma,“ segir Egill Ólafur Thorarensen, meðlimur Quarashi. Sveitin kemur fram á útgáfutónleikum Gísli Pálma enda tengjast meðlimir sveitarinnar og Gísli tryggðaböndum, eins og Egill heldur áfram að útskýra: „Fyrsta lagið sem ég heyrði með honum var Set mig í gang. Eftir að hafa hlustað á það einu sinni fór ég út í bíl og keyrði um með lagið í gangi. „Loft út um lúgur, kolsvartar rúður með borvél í skúrnum...“, þetta greip mig strax.“ Sölvi Blöndal, forspraki Quarashi, tekur undir orð Egils og segir Gísli eiga sérstakan sess í íslensku rappi. „Þegar rappari eins og Gísli kemur fram, þá er ekki annað hægt en að leggja eyrun við. Svona gaur kemur fram hugsanlega á 15 ára fresti, og platan hans markar tímamót í íslensku hip-hopi.“

Framhaldslíf
„Ég kynntist Gísli fyrir fjórum árum en þá spilaði hann fyrir mig nokkur lög sem hann hafði verið að vinna í. Ég var algerlega agndofa,“ útskýrir Sölvi og heldur áfram: „Í kjölfarið urðum við vinir. Og það er búið að vera magnað að fylgjast með honum vaxa sem tónlistarmaður.“

Sölvi hlakkar til útgáfutónleikanna og hvetur fólk að sjálf-sögðu til að mæta. „Hér er gaur sem er ekki eins og neitt annað sem er í gangi og lögin eru frábær. Gísli er að búa til framhaldslíf fyrir íslenskt hip-hop.“

Egill grípur orð Sölva á lofti og segir að bræðralag hafi myndast í kjölfar þess að Gísli og meðlimir sveitarinnar hittust í fyrsta skiptið. „Gísli er sá eini sem hefur náð að draga mig inn í stúdíó til að taka rapp á íslensku,“ bætir Egill við. Hann rappar á plötu Gísli, í laginu 5AM, og er það í fyrsta sinn sem Egill rappar opinberlega á íslensku, hann hafði áður aðeins rapað á ensku. Góður rómur hefur verið gerður að laginu og lofaði gagnrýnandi Fréttablaðsins Egil í dómi sínum um plötu Gísli Pálma.

Búa til eitthvað minnisstætt

„Við erum að koma þarna inn á fíling, skapa góða stemningu og búa til eitthvað minnisstætt,“ segir Egill um útgáfutónleikana. Sjálfur er Gísli í skýjunum að fá þá Egil, Sölva og Steinar Fjeldsted til að koma fram á tónleikunum, enda hefur Gísli lengi haldið upp á Quarashi.

„Það er gríðarlega mikill heiður að fá þá til að koma fram þetta

„Það er gríðarlega mikill heiður að fá þá til að koma fram þetta kvöld. Orð fá því ekki lýst.“

Gísli Pálmi

kvöld. Orð fá því ekki lýst. Þegar það kemur að rappi vill fólk oft mikið vera að metast og halda alls kyns hlutum fram. En ég get með sanni sagt að það er aðeins ein íslensk rapphljómsveit sem hefur haldið mér á tánum lag eftir lag, plötu eftir plötu. Og það er Quarashi.“

Gísli bætir því við að eftir að hann kynntist meðlimum sveitarinnar hafi í raun myndast bræðralag á milli þeirra sem sé enn mjög sterkt.

„Við urðum strax mjög nánir,“ útskýrir hann og Egill bætir við orð Gísli: „Þess vegna langaði mig svo að koma fram á tónleikum hans Gísli á þessum forsendum; að við kæmum þarna fram því við höfum tengst svo lengi og á svo sterkan hátt.“

Miðar á tónleika Gísli Pálma fara í sölu í hádeginu á morgun á vefsíðunni tix.is. Salan hefst klukkan 12.

kjartanattli@365.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfrús Orn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Óluf Þorsteinsdóttir svansi@365.is, Orn Geirsson orn.geirsson@365.is **FOLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FOLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

KFC

VILTU BJÓÐA BRAGÐLAUKUNUM Í **VEISLU?**

Nýtt



SWEET & FIRE

SWEET & FIRE

Glóðheitur Zinger-borgari með káli, sjóðheitri 2HOT4U-sósu og krassandi sinnepssósu.

1.079 KR

SWEET & FIRE-borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Florida-stykki.

1.849 KR



**SVOO
GOTT**



FRÉTTIR
AF FÓLKI

Kominn á Facebook

Söngvari og gítarleikari hjóm-sveitarinnar Kaleo, **Jökull Júlíusson**, er nú loksins kominn á Facebook. Jökull sá áður um Facebook-síðu hjómsveitarinnar en er nú kominn á samfélagsmiðilinn undir eigin nafni. Hann hefur verið önnur kafinn í Bandaríkjunum undanfarna mánuði, en meðlimir Kaleo búa um þessar mundir í Austin í Texas og gera út þaðan. Sveitin hefur leikið á tónleikum víða í Bandaríkjunum undanfarna mánuði. Þá er sveitin bókud á fjölda tónleika á næstu mánuðum, ásamt því að vinna í nýju efni á milli tónleika.



- así

Lögreglustjórinn á hjóli


Nú er í gangi átakið Hjólað í vinnuna sem fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki taka þátt í. Meðal þeirra vinnustaða sem taka þátt í átakanu er lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þar sem 29 liðsmenn eru með í leiknum sem stendur til 26. maí en í leiknum er fólk hvatt til þess að fara í vinnuna á hjóli. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, **Sigríður Björk Guðjónsdóttir**, hefur sést á reiðhjólum undanfarið og mætti meðal annars til viðtals í Ísland í bítið í vikunni á reiðhjólum. Eftir við-

talið hjólaði hún svo í vinnuna niður á lög-reglustöðina við Hlemm.

- vh

Mest lesið **vísir**

- 1 Lenti í slæmu sjóslysi: Var sagt að hann yrði alltaf sjúklingur
- 2 Drap tvö lömb en ók á brott: „Kindin var mjög hrædd og stjörf í augunum“
- 3 Hundur beit í andlit stúlku í Vogunum
- 4 Halldór Ásgrímsson látinn
- 5 Trufnanir á flugi um mánaðamótin: „Eftir því sem óvissan magnast, þeim mun verr“
- 6 Sjö ára stúlka dróst með skólarútu



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur á töluþláð 18-49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.-mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

FRELSIÐ ER YNDISLEGT

AMERÍKA
Á WOW
VERÐI!BOSTON frá
18.999 kr.

maí - júní 2015

WASHINGTON, D.C. frá
19.999 kr.

maí 2015

WOW
air